


**AUÐUR INGIBJÖRG KONRÁÐSDÓTTIR**

*Gerðist grænmetisæta og endurheimti orkuna*

• heila • nám

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




**MÆNAN ER RÁÐGÁTA**

*Landssöfnun Mænuskaðastofnunar Íslands*

Sérblað um Mænuskaðastofnun Íslands

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**



**ÞÓRARINN INGI JÓNSSON**

*Sprengjulist sögð heimskuleg*

Fékk skilorðsbundinn dóm í Kanada

**FÓLK 24**


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

16. september 2008 — 252. tölublað — 8. árgangur | **MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI** | Sími: 512 5000


**ÞRIÐJUDAGUR**



**Mikill heiður**

Björgvin Halldórsson er Gaflari ársins 2008.

**FÓLK 22**

**Mikilmennis minnst**



Fyrirlestur í minningu franska landkönnuðarins Jean-Baptiste Charcot verður fluttur í dag.

**TÍMAMÓT 18**

**Fjötur eða frelsi**

„Stundum villumst við á skoðunum og staðreyndum og íklæðumst þeim til frambúðar. Festumst inni í þeim," skrifar Jónína Michaelsdóttir.

**Í DAG 16**

**Ekki af baki dottinn**




Knattspyrnukappinn Haukur Ingi Guðnason ætlar að halda áfram í fótbolta á meðan enn er gaman í boltanum.

**ÍÞRÓTTIR 26**

**VEÐRIÐ Í DAG**




**ROK OG RIGNING** Í dag verður vaxandi sunnan átt, 10-18 m/s, hvassast vestan til með kvöldinu. Mikil rigning sunnan og vestan þegar líður á daginn en lengst af bjart austan til. Hiti 10-16 stig.

**VEÐUR 4**

# Flýta viðræðum um samruna bankanna

**Líkur eru á að einhver íslensk fjármálafyrirtæki verði sameinuð á næstunni. Töluverður gangur er kominn í samrunaviðræður Glitnis og sparisjóðsins Byrs. Þá er einnig til alvarlegrar skoðunar að Landsbankinn og Straumur sameinist.**

**VIÐSKIPTI** Erfiðleikar í rekstri margra af stærstu fjármálafyrirtækjum heims eru líklegir til að flýta fyrir því sem ýmsir telja nauðsynlegan samruna íslenskra fjármálafyrirtækja.

Markaðurinn hefur heimildir fyrir því að töluverður gangur sé kominn í samrunaviðræður Glitnis og sparisjóðsins Byrs, sem nýlega var breytt í hlutafélag. Þá er einnig til alvarlegrar skoðunar meðal stórra eigenda í Landsbankanum og Straumi að félögin tvö gangi í eina sæng á næstu dögum eða vikum.

Samkeppniseftirlitið hefur samruna Kaupþings og SPRON enn til skoðunar og hefur haft um nokkurt skeið. Heimildir Markaðarins herma að óánægja sé með það hversu lengi sú skoðun hefur tekið, því öll óvissa sé óþægileg á viðkvæmum tímum.

Einn heimildarmanna Markaðarins bendir á að samruni risafyrirtækjanna Bank of America og Merrill Lynch hafi verið keyrður í gegn á 48 klukkustundum og án athugasemda frá eftirlitsstofnunum. Hér taki það hins vegar margar vikur að fá skorið úr mun smærri málum. Slíkar tafir geti verið afar kostnaðarsamar.

Búist er við að Fjármálaeftirlitið leggi blessun sína yfir hlutafjárvæðingu Byrs í þessari viku. Eigendur sparisjóðsins hafa átt í óformlegum viðræðum við stærstu hluthafa í Glitni um samruna og munu þær viðræður vera langt komnar.

Mikil tengsl eru milli stærstu hluthafa í Landsbankanum og fjárfestingarbankanum Straumi. Björgólfur Guðmundsson er formaður bankaráðs Landsbankans, en sonur hans Björgólfur Thor er stjórnarformaður Straums. Bæði félögin sjá fram á auknar afskriftir, meðal annars vegna málefna Eimskipafélagsins, og er talið að sameinað félag yrði mun sterkara á eftir, með ágætt eiginfjárhlutfall og dreifðari áhættu.

Heimildarmenn Markaðarins segja að mikið verði um samruna á fjármálamarkaði á næstu dögum og vikum. Það sé einnig alþjóðleg þróun, því víða hafi lokast á aðgengi að fjármagni og það bitni einkum á smærri fjármálafyrirtækjum, til dæmis sparisjóðunum. **- bih, óká**



**ANGIST Á MARKAÐI** Alþjóðlegir hlutabréfamarkaðir tóku dýfu í gær með gjaldþroti Lehman Brothers-fjárfestingarbankans og kaupum Bank of America á Merrill Lynch. Fjármálafyrirtæki urðu einna verst úti og hér á landi fór úrvalsvísitalan niður um 3,7 prósent þegar verst lét. Óhætt er að segja að uppi hafi orðið fótur og fit í kauphöllinni í Sao Paulo en þar féll hlutabréfamarkaðurinn um fjögur prósent. NORDICPHOTOS/AFP

Ábyrgð Björgólfsfeðga á skuldum Eimskips vekur athygli Fjármálaeftirlitsins:

# Björgólfsfeðgar kannski yfirtökuskyldir

**VIÐSKIPTI** „Í ljósi þeirra atvika sem átt hafa sér stað síðustu daga vegna málefna Hf. Eimskipafélags Íslands mun möguleg yfirtökuskylda í félaginu verða könnuð," segir Hákon Már Pétursson, lögfræðingur hjá Fjármálaeftirlitinu.

Eftir gjaldþrot XL Leisure Group fellur 280 milljóna Bandaríkjadala ábyrgð á Eimskipafélagið, vegna láns Landsbankans til stjórnenda XL. Sú upphæð jafngildir ríflega 25,5 milljörðum króna. Fram hefur komið að Björgólfsfeðgar ætla að ábyrgjast þessa fjármuni. Komið hefur til tals að þessu verði breytt í hlutafé í Eimskipafélaginu.

Ekkert mun þó vera ákveðið um það enn sem komið er. Stjórnendur Eimskips hafa sagt að litið verði á ábyrgð feðganna sem lán. Það víki fyrir öðrum lánum en gangi framar hlutafé.

Björgólfur Guðmundsson á um þriðjungshlut í Eimskipafélaginu, en yfirtökuskylda myndast við fjörutíu prósenta hlut.

Vangaveltur hafa verið um hvort Magnús Þorsteinsson, fyrrverandi stjórnarformaður Eimskips, eigi í raun þriðjungshlut í félaginu. Magnús segir svo vera, í samtali við Markaðinn. Staða Eimskips sé alvarleg.

**- ikh, bih / sjá síðu 4**



**EUROBANDIÐ** Eurobandið náði fjórtánda sæti í síðustu úrslitakeppni, sem var haldin í Belgrad.

Breytt skipulag í Eurovision:

## Dómnefndir fá aukið vægi

**TÓNLIST** „Þetta kom svo sem ekkert á óvart. Ég var búinn að spá því í vor að þetta yrði gert," segir Jónatan Garðarsson Eurovision-sérfræðingur.

Ákveðið hefur verið að dómnefndir frá þátttökuþjóðunum í Eurovision muni á nýjan leik taka þátt í að velja sigurlag keppninnar, sem verður haldin í Moskvu næsta vor.

Dómnefndirnar fá núna að dæma í úrslitunum en almenningur kýs áfram í símakosningu þjóðirnar sem komast upp úr undanúrslitunum. Ekki hefur verið ákveðið hvert vægi dómnefndarinnar verður.

**- fb / sjá síðu 30**

Ólafur Ragnar Grímsson:

## Stöndum betur að vígi en aðrir

**EFNAHAGSMÁL „Ísland býr að óvenju sterkum auðlindum. [...] Við erum því kannski betur búin en margar aðrar þjóðir til þess að mæta sviptivindum í viðskiptakerfum heimsins," segir Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, um þá vá sem steðjar að í efnahagslífinu. „Það er mikilvægt að tapa ekki áttum þótt einhver áföll verði í hinum alþjóðlega viðskiptageira."**

**Ólafur Ragnar segir að sveiflur séu kjarninn í frjálsu markaðskerfi. Einnig verði að hafa í huga að þungamiðjan í hagkerfi heimsins sé að færast til. Þróun í Bandaríkjunum og Evrópu hafi því ekki sömu grundvallaráhrif og áður.**

**- jse / sjá síðu 10**







## SPURNING DAGSINS



*Freyr, mun þessi hugmynd ekki keyra Dalvíkurbyggð í kaf?*

„Jú, vonandi á kaf í ferðamönnum sem vilja upplifa undir hafsins.“

Freyr Antonsson, upplýsingafulltrúi Dalvíkurbyggðar, leitar nú að stuðningi við innflutning 36 farþega kafbáts. Hugmyndin er að nota hann til neðansjávarskoðanaferða um Eyjafjörð.

ÍAV og NCC höfða skaðabótamál vegna frestunar á útboði Héðinsfjarðarganga:

# Krefja ríkið um 520 milljónir

**DÓMSMÁL** Verktakafyrirtækin Íslenskir aðalverktakar (ÍAV) og NCC International hafa stefnt íslenska ríkinu fyrir að hafa með ólögmætum hætti hætt við útboð vegna Héðinsfjarðarganga, sem fram fór árið snemma árs 2003.

Fyrirtækin buðu saman í verkið og áttu lægsta boð. Samgönguráðherra ákvað að taka engu af þeim tilboðum sem bárust. ÍAV og NCC krefjast því 520 milljóna króna í bætur vegna missis hagnaðar, og var málið tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Jóhannes Karl Sveinsson, lögmaður verktakafyrirtækjanna, segir að málið sé höfðað í kjölfar annars dómsmáls. Hæstiréttur hafi staðfest með dómi haustið 2005 að ríkið hafi skapað sér skaðabótaskyldu með því að hætta við útboðið.



**HÉÐINSFJARÐARGÖNG** Gangagerðin var boðin út öðru sinni árið 2006, og tilboði fyrirtækjanna Háfells og Metrostav tekið. MYND/VEGAGERÐIN

ÍAV og NCC buðu um 6,2 milljarða í verkið, sem var um þremur prósentum yfir kostnaðaráætlun Vegagerðarinnar. Þegar verkið var boðið út að nýju árið 2006 bauð lægstbjóðandi um 5,8 milljarða.

Í greinargerð lögmanns ríkisins er bótakröfu ÍAV og NCC alfarið hafnað. Þar er meðal annars vísað til þess ÍAV hafi tekið að sér önnur stór verk á þeim tíma sem gangagerðin hefði farið fram, og ekki hægt að fullyrða að ákvörðun ráðherra hafi haft neikvæð áhrif á rekstarhagnað fyrirtækisins. **- bj**

Kreppan á Wall Street:

## Gengi Decode í nýrri metlægð

**VERÐBRÉF Decode, móðurfélag Íslenskrar erfðagreiningar, fór ekki varhluta af sveiflunni sem varð á hlutabréfamörkuðum í heiminum í gær í kjölfar risagjaldþrots fjárfestingabankans Lehman Brothers. Gengi Decode lækkaði um tæp 19 prósent og endaði í sögulegu lágmarki - 69 sentum á hlut. Þetta gengi er nærri hundrað sinnum lægra en gengi hlutabréfa félagsins varð hæst á gráa markaðnum áður en það var skráð á Nasdaq-hlutabréfamarkaðinn í New York. Á næstliðna tólf mánaða tímabili var gengi Decode hæst 4,41 dalir á hlut. Það var í byrjun desember í fyrra. - gar**

Ný viðbragðsáætlun LSH:

## Stórslys í vændum í Reykjavík

**HEILSA Umfangsmikið rútuslys verður sviðsett næstkomandi laugardag þegar Landspítali (LSH) prufukeyrir í fyrsta sinn hluta af nýrri viðbragðsáætlun. Markmiðið er að kanna getu spítalans ef til stórslysa kæmi.**



BÁRA BENEDIKTSDÓTTIR

**„Starfsemi spítalans fer á svokallað gult stig, sem þýðir að við köllum inn mikinn mannskap og allt verður virkjað á spítalanum,“ segir Bára Benediktsdóttir hjúkrunarfræðingur, sem hefur umsjón með verkefninu. Viðbragðsáætlunin er sú umfangsmesta af þessu tagi sem gerð hefur verið hérlendis.**

**- kka /** **sjá Allt í miðju blaðsins**

# Þjófar stálu barnamyndum og tækjum

**Brotist var inn á heimili Guðmundar Gunnarssonar, formanns Rafiðnaðarsambandsins, fyrir helgi. Hann saknar þeirra minninga sem voru inni á tölvunum svo sem fjölskyldumynda auk þess sem tilfinningin á heimilinu hafi gjörbreyst.**

**LÖGREGLUMÁL** „Ég hefði verið tilbúinn að rétta þjófunum þessi tæki út um gluggann ef það hefði orðið til þess að ég hefði komið í veg fyrir að þeir kæmu inn á heimilið og ég fengi að halda þessum minningum af fjölskyldu minni sem þeir höfðu á brott,“ segir Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, en innbrotsþjófar fóru inn á heimili hans í síðustu viku.

Guðmundur segir að húsið hafi verið mannlaust í tæpa tvo tíma. Þennan skamma tíma hafi einhver nýtt sér til að fara inn á heimilið og fara í gegnum eigur fjölskyldunnar. Á heimasíðu sína ritaði hann í gær: „Þeir fóru um allt heimilið og tóku allt það sem kalla má handhæg verðmæti eins og tölvur, myndavél, harða diska og svo var farið í gegnum náttborðin og hluti skartgripa konunnar teknir. Myndaalbúm fjölskyldunnar síðustu 20 ár horfið, því bæði tölvunni og svo harða drifinu sem var varageymsla var stolið.“

Guðmundur segir að hann hafi átt bágt með að trúa því að manneskja hefði komist inn um gluggann sem fingrafaradeild lögreglunnar gat sýnt að farið hefði verið inn um. Hann sé lítill og í tveggja metra hæð en það virðist ekki hafa valdið þjófunum miklum erfiðleikum. Hann hafi fengið þau svör frá lögreglumönnum að þeir sem innbrot stunduðu væru vanir menn og stundum með unglinga með í för sér til aðstoðar.

Guðmundur hefur þegar skipt um allar gluggalæsingar, auk þess sem hann hefur sett upp spelkur sem hindra að innbrotsmenn komist inn um opnanlega glugga.



**BÚINN AÐ BYRGJA GLUGGA** Guðmundur furðar sig á því að lögreglumönnum sé fækkað á höfuðborgarsvæðinu á sama tíma og íbúum þess fjölgi, auk þess sem erlend neðanjarðarstarfsemi hafi bæst við þá glæpi sem fyrir voru í landinu. Hann segir öryggistilfinningu heimilisfólksins hafa dvínað mjög heima fyrir eftir innbrotið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Einna verst finnst honum þó að eftir þennan atburð séu tilfinningar heimilisfólksins heima fyrir breyttar. Óþægilegt sé að vita að einhver hafi farið um heimilið um miðjan dag, augljóslega búinn að vakta heimilið, og því hafi öryggistilfinningin heima fyrir dvínað mjög. „Lögreglan sagði mér að ef þeir næðu einhverjum af þessum guttum þá væru þeir iðulega með miða í vasanum þar sem kæmu fram verkefni dagsins, það er hvaða hús ætti að fara inn um og hvenær,“ segir Guðmundur.

„En eins og ég segi eru það minningarnar sem maður var búinn að setja saman inn á tölvuna sem maður saknar mest. Þarna voru ljósmyndir og upptökur af börnunum að vaxa úr grasi,“ segir Guðmundur.



**BJÖRK GUÐMUNDSDÓTTIR** Meðal barna Guðmundar Gunnarssonar er söngkonan Björk.

karen@frettabladid.is



**ÞEISTAREYKIR** Fæst ekki leyfi til tilraunaborana næsta sumar munu áform um jarðhitavirkjanir að líkindum tefjast um eitt ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Stjórnarformaður Þeistareykja:

## Ræða hvort sótt verði um rannsóknarleyfi

**ORKUMÁL** Stjórn Þeistareykja ehf. mun á fundi í dag ræða möguleika á því að sótt verði um rannsóknarleyfi til að bora tilraunaholur á háhitasvæðum í Þingeyjarsýslu næsta sumar. Þetta staðfestir Franz Árnason, stjórnarformaður félagsins.

Slík umsókn myndi rata á borð Össurar Skarphéðinssonar iðnaðarráðherra. Hann sagði í samtali við Fréttablaðið nýverið að úrskurðum umhverfisráðherra um að framkvæmdir tengdar álveri á Bakka þyrftu í sameiginlegt umhverfismat útilokaði ekki rannsóknarboranir næsta sumar. **- bj**

Líf eftir slys og mænuskaða:

## Fer um á fjórhjóli og veiðir

**FÓLK** „Ég stunda stangveiðar á hjólinu, fer á skytterí og smala á því og nú vonast ég til að fá undanþágu frá umhverfisráðuneytinu þannig að ég geti farið á hjólinu í rjúpu,“ segir Jón Gunnar Benjamínsson, sem skaddaðist á mænu í umferðarslysi á Hellisheiði eystri fyrir tæpu ári og var hætt kominn.

Jón Gunnar er eitt af þremur ungmennum sem rætt er við í sérblaði um mænuskaða en Mænuskaðastofnun Íslands stendur fyrir landssöfnun í opinni dagskrá Stöðvar 2, föstudaginn 19. september, til styrktar málefnum mænuskaddaðra. **- hs /** **sjá sérblaðið Mænan er ráðgáta**

Hrefnuveiðar:

## Tvö dýr eftir af kvótanum

**SJÁVARÚTVEGUR Aðeins á eftir að veiða tvær hrefnur af kvótanum sem gefinn var í vor en hann hljóðar upp á fjörutíu dýr.**

**Að sögn Gunnars Bergmanns hefur allt kjöt selst sem boðið hefur verið til sölu en kjöt af fimm dýrum verður fryst.**

**„Það verður svo bara að duga fyrir veturinn,“ segir Gunnar.**

**Bátarnir Njörður og Halldór Sigurðsson frá Ísafirði hafa báðir verið á veiðum að undanförnu. - jse**


Golfferðir

**Villaitana**

**Alicante - Spánn**

**4.-11. október**

**Fararstjóri:**
Snorri Steinn Þórðarson

Verð á mann í tvíbýli: Tilboð!

**124.900 kr.**

**Innifalið:** Flug með sköttum og öðrum greiðslum, fritt fyrir golfsettið í flug, gisting með morgunverði á Villaitana, fimm golfhringir á Levante, akstur til og frá flugvelli og íslensk fararstjórn.



Nánar á expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Express ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express


Kúabændur vilja skoða breytingar á aldargömlum reglum um mjólkursölu:

# Vilja selja ógerilsneydda mjólk

**LANDBÚNAÐUR** Landssamband kúabænda segir að það kunni að vera eðlilegt að endurskoða nærri aldargamalt áhættumat sem liggi til grundvallar algjöru banni við sölu á ógerilsneyddri mjólk.

„Ógerilsneyddrar mjólkur er þó neytt daglega á flestum, ef ekki öllum kúabúum landsins án þess að fólki hafi orðið meint af,“ segir á vefsíðu Landssambands kúabænda þar sem fram kemur að þangað hafi að undanförnu borist nokkuð af fyrirspurnum frá fólki sem vilji fá ógerilsneydda mjólk „beint úr tanknum“ eins og það er orðað.

Kúabændur benda á að reglur um þetta hafi breyst lítið í nær heila öld jafnvel þótt hreinlæti og aðbúnaður hafi tekið byltingarkenndum breytingum til hins betra á þeim tíma.

Í Danmörku er sala á ógerilsneyddri mjólk heimil frá kúabúum sem uppfylla ákveðin skilyrði. Þau eru að kúabúin verða að vera algerlega laus við salmonellusmit, að mjólkin sé kæld niður í sex stig á Celsíus strax eftir mjaltir og sé komin í hendur endanlegs neytanda innan 24 kukkustunda frá mjöltum, að mjólkin uppfylli reglur um gerla- og frumutölu og að í henni séu engar lyfjaleifar auk þess sem mánaðarlega séu tekin sýni til að tryggja að kúabúið sé ekki sýkt af E. coli.



**MJALTAVÉLAR** Kúabændur drekka sjálfir ógerilsneydda mjólk og segjast fá fyrirspurnir frá fólki um hvar megi nálgast þann drykk. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Landssambandið segir að mjólkursala hér uppfylli nú þegar ofannefnd skilyrði að því undanskildu að mjólkin sé komin í hendur neytenda innan sólarhrings og að hér séu ekki gerðar jafn tíðar kröfur um sýnatöku vegna E. coli. **- gar**

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

HEKLA NOTAÐIR BÍLAR KLETTHÁLSI

# NÆSTUM NÝIR BÍLAR MEÐ MIKLA ÁBYRGÐ

**Frábært tilboð á bílaleigubílum**
Nú bjóðum við vel með farna bílaleigubíla á kjörum sem bjóðast ekki annars staðar:

- Allir bílar eru í 5 ára ábyrgð frá skráningardegi.
- 80% fjármögnun
- Bílalán til 84 mánaða í erlendri mynt.

Komdu í heimsókn í HEKLU - Notaða bíla og kynntu þér frábært úrval af næstum nýjum bílum.

5 ÁRA ÁBYRGÐ Á ÖLLUM BÍLUM

BÍLALÁN TIL 84 MÁNAÐA Í ERLENDRI MYNT

80% FJÁRMÖGNUN




Das Auto. SIMPLY CLEVER MITSUBISHI MOTORS KIA MOTORS

vörður tryggingar hf.
Vörður annast ábyrgðartryggingar á notuðum bílaleigubílum frá Heklu.




Opið 10–18 virka daga | Opið 12–16 laugardaga
Kletthálsi | sími 590 5040 | www.heklanotadirbilar.is | notadirbilar@hekla.is

## GENGIÐ 15.09.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 91,3 | 91,74 |
| Sterlingspund | 163,39 | 164,19 |
| Evra | 129,64 | 130,36 |
| Dönsk króna | 17,381 | 17,483 |
| Norsk króna | 15,827 | 15,921 |
| Sænsk króna | 13,539 | 13,619 |
| Japanskt jen | 0,8675 | 0,8725 |
| SDR | 141,52 | 142,36 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
170,9641

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Könnun Capacent fyrir Samtök iðnaðarins um stuðning við evru:

# Rúm 55 prósent vilja evru

**SKOÐANAKÖNNUN** Alls 55,4 prósent segjast vera mjög eða frekar hlynnt því að taka upp evru sem gjaldmiðil á Íslandi í stað íslensku krónunnar, samkvæmt könnun Capacent Gallup fyrir Samtök iðnaðarins sem gerð var í ágúst.

30,3 prósent eru mjög eða frekar andvíg því að taka upp evru í stað krónunnar. 14,3 prósent segjast vera hvorki hlynnt né andvíg slíkum gjaldmiðilsbreytingum.

Í sambærilegri könnun Capacent í janúar fyrir Samtök iðnaðarins sögðust 47,8 prósent vera því fylgjandi að taka upp evru í stað krónunnar.

Afgerandi fleiri karlar en konur eru hlynntir upptöku evru. 62,6 prósent karla eru hlynntir upptöku evru, en 48,4 prósent kvenna eru sama sinnis.

Stærstur hluti kjósenda allra stjórnmálaflokka styðja nú upptöku evru í stað krónu. 45,4 prósent framsóknarfólks segist því hlynnt, 48,8 prósent kjósenda Vinstri grænna, 49,7 prósent Sjálfstæðisflokks og 79,0 prósent samfylkingarfólks. Minnstur er stuðningurinn við upptöku evru meðal þeirra sem segjast ekki myndu kjósa eða skila auðu, 39,4 prósent. 43,9 prósent þeirra segjast hins vegar andvíg því að leggja niður krónuna. - ss

**STUÐNINGUR VIÐ UPPTÖKU EVRU SEM GJALDMIÐILS Á ÍSLANDI Í STAÐ KRÓNU**




*Skv. könnun Capacent í ágúst 2008*

Vestnorræn ferðakaupstefna:

# 560 þátttakendur á ráðstefnu

**VIÐSKIPTI Vestnorræna ferðakaupstefnan er haldin í 23. sinn í Vodafone-höllinni að Hlíðarenda í dag frá klukkan 8.30 til 18. Kaupstefnan er haldin á vegum ferðamálayfirvalda á Íslandi, Grænlandi og í Færeyjum.**

**Í tilkynningu kemur fram að gert er ráð fyrir allt að 560 þátttakendum á ráðstefnunni að þessu sinni. Ríflega 300 ferðaþjónustuaðilar frá vestnorrænu löndunum þremur muni eiga stutta fundi með ferðaheildsölum, hvaðanæva að úr heiminum, til að ganga frá samningum vegna ferðamannavertíðarinnar á næsta ári. - kg**



**ROBERT GATES** Varnarmálaráðherra Bandaríkjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bandaríkjaher í Írak:

# Dregur sig í hlé frá bardögum

**ÍRAK, AP Robert Gates, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, segist sjá fyrir sér að bandaríski herinn í Írak dragi á næstu mánuðum úr því hlutverki sínu að taka þátt í bardögum.**

**Hann sagði þó varhugavert að þröngva íröskum hermönnum og lögreglumönnum, sem notið hafa þjálfunar Bandaríkjahers, til að taka að sér aðalumsjón öryggismála í landinu. Fyrst þurfi þeir að vera tilbúnir til þeirra verka.**

**Þetta sagði Gates í Írak í gær, þar sem hann var í heimsókn. - gb**

## DÓMSMÁL

### Ákærðir fyrir 33 brot

Ákærur gegn tveimur karlmönnum á þrítugsaldri sem grunaðir eru um að hafa staðið fyrir afbrotahrinu í Reykjavík voru þingfestar í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Alls eru um 33 mismunandi brot að ræða. Öll voru framin á þessu ári nema tvö sem framin voru í desember í fyrra.

## LEIÐRÉTTING

Rangt var farið með verð á H.C. Andersen-bókahillu frá Tekk Company í blaðinu í gær. Hillan kostar 120 þúsund krónur.

Sjónvarpsþátturinn Sjálfstætt fólk hefur göngu sína næstkomandi sunnudag, þegar rokkarinn Eiríkur Hauksson verður gestur Jóns Ársæls, en ekki síðastliðinn sunnudag eins og fram kom í Fréttablaðinu.

# Alvarleg staða Eimskips

**Fyrrverandi stjórnarformaður segir alvarlega stöðu uppi hjá Eimskipafélaginu. Gengi hlutabréfa félagsins hefur fallið hratt síðustu daga og um 80% frá áramótum. Fjármálaeftirlitið kann að rannsaka hugsanlegt bókhaldsmisferli.**

**VIÐSKIPTI** „Þessi staða er auðvitað alvarleg,“ segir Magnús Þorsteinsson, fyrrverandi stjórnarformaður Eimskipafélagsins og stærsti eigandi þess.

Gengi hlutabréfa í Eimskipafélaginu hefur fallið hratt undanfarna daga. Frá áramótum hefur gengi bréfanna lækkað um áttatíu prósent og er markaðsvirðið nú ríflega ellefu milljarðar króna. Skuldir félagsins námu sem svarar um 150 milljörðum króna um mitt árið.

Magnús segir að alvarleg staða sé ekki bundin við Eimskipafélagið. Áföll dynji yfir á öllum sviðum í viðskiptalífi heimsins.

Eimskipafélagið afskrifaði í vor 74 milljónir evra, ríflega níu milljarða króna, á einu bretti vegna breska félagsins Innovate. Þá féll 25,5 milljarða króna ábyrgð á félagið fyrir helgi við gjaldþrot XL Leisure Group.

Þá ábyrgist félagið sautján milljarða skuldir flugfélagsins Atlanta, en er með veð í ellefu flugvélum.

Fram kom í breskum miðlum um helgina að stjórnendur XL Leisure hefðu verið varaðir við ákveðinni óreglu í fjármálum félagsins fyrir tveimur árum. Það varð til þess að KPMG sagði sig frá endurskoðun.

Fjármálaeftirlitið rannsakaði málið, að því er fram kemur í yfirlýsingu. Niðurstaðan varð ljós seint á síðasta ári, og var sú að stjórnendur Avion Group, nú Eimskipafélagið, hefðu hvorki tekið þátt í né vitað nokkuð um málið.

Fram kemur í yfirlýsingu fjármálaeftirlitsins að KPMG hafi gert athugasemdir við færslu tiltekinna reikninga milli Excel Airways, síðar XL Leisure. Staða Excel á tilteknu uppgjörstímabili hefði verið fegruð.

„Komi fram nýjar vísbendingar varðandi þetta mál verða þær skoðaðar,“ segir í yfirlýsingu frá Fjármálaeftirlitinu.

Magnús Þorsteinsson segir við Markaðinn, að hann hafi sjálfur vakið athygli Fjármálaeftirlitsins á málinu á sínum tíma.

Stjórn Eimskips hefur hafið rannsókn á tilteknum atriðum sem tengjast félaginu „frá fyrri tíð“ eins og það er orðað í tilkynningu. Stjórnendur félagsins tjá sig ekki frekar um málið. Hvorki Björgólfur Guðmundsson né Björgólfur Thor Björgólfsson hafa gefið kost á viðtali.

Fjármálaeftirlitið íhugar hvort yfirtökuskylda hafi myndast hjá Björgólfsfeðgum. Þá hefur eftirlitið enn til rannsóknar hvort Eimskip hafi brotið gegn upplýsingaskyldu vegna afskrifta á breska félaginu Innovate.

Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra, segir málefni Eimskips ekki vera til rannsóknar þar. Engar upplýsingar liggi fyrir um mál, til að mynda það sem varðar KPMG, annað en það sem komið hafi fram um í fjölmiðlum um helgina.

Ítarlegt viðtal við Magnús Þorsteinsson verður birt í Markaðnum sem fylgir Fréttablaðinu á morgun. - ikh, bih




**FYRRVERANDI STJÓRNENDUR EIMSKIPS** Baldur Guðnason og Magnús Þorsteinsson. Magnús segir stöðu Eimskips alvarlega. Fjármálaeftirlitið hefur farið yfir ýmislegt í rekstri félagsins og heldur rannsóknum áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



**FORSETAHJÓNIN KÍKJA Á SPILIN** Spilavist var í fullum gangi þegar forsetahjónin komu í heimsókn í Árskóga. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Breiðholtsvika hófst í gær:

# Þrjátíu ár í Breiðholtinu

**MANNLÍF** „Það er gott að búa í Breiðholti, það veit ég sem hef búið hér í nær þrjátíu ár,“ sagði Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, forseti borgarstjórnar, við opnun Breiðholtsviku í gær.

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, setti hátíðina í Félagsmiðstöðinni Árskógum og Dorrit Moussaieff ræddi þar við viðstadda. Um leið opnaði hann málverkasýningu með verkum eftir heyrnarlausa listamenn.

Markmið með Breiðholtsdögum, sem standa fram á laugardag, er að auka samheldni, samveru og hverfisvitund Breiðhyltinga. - jse

Sveitarstjórnin á Djúpavogi:

# Hissa á stóru sveitarfélögum

**ALMENNINGSSAMGÖNGUR Sveitarstjórn Djúpavogshrepps hefur neitað ósk um að borga í strætó fyrir framhaldsskólanemendur úr hreppnum í námi fjarri heimabyggð.**

**Sveitarstjórnin furðar sig á því að stærstu sveitarfélög landsins, sem njóta allra margfeldisáhrifanna af staðsetningu menntastofnana af því tagi er um ræðir, skuli gera upp á milli nemenda eftir búsetu. Samþykkt var samhljóða „að sveitarfélagið niðurgreiði ekki þjónustu af þessu tagi“ segir í bókun sveitarstjórnarinnar. - gar**


TILBOÐ DAGSINS

Ýsa í raspi
890kr/kg

Hafið Fiskiprinsinn
hefur einnig opnað að
Reykjarvíkurvegi 68, Hafnarfirði

Þú getur alltaf treyst
á prinsinn

HAFIÐ FISKIPRINSINN

Hlíðasmára 8 • 201 Kópavogi • s: 554 7200
Reykjavíkurvegi 68 • 220 Hafnarfirði • s: 5557220
www.hafid.is


## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson**
Veðurfræðingur

**VINDASÖM VINNUVIKA** Fátt er meira þreytandi en hvass vindur. Nú ber svo við að í dag hvessir smám saman og í kvöld verður komið hvassviðri víða um land og það með mikilli rigningu, einkum sunnan til og vestan. Sé rýnt í næstu daga verður stífa vindur vikuna á enda og það um mest allt land.




**Á MORGUN**
10-20 m/s, hvassast austast á landinu.

**FIMMTUDAGUR**
10-15 m/s. Úrkomulítið.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 15° |
| Billund | 15° |
| Ósló | 15° |
| Stokkhólmur | 12° |
| Gautaborg | 13° |
| London | 17° |
| París | 19° |
| Frankfurt | 16° |
| Friedrichshafen | 12° |
| Berlín | 16° |
| Alicante | 28° |
| Mallorca | 29° |
| Basel | 16° |
| Eindhoven | 17° |
| Las Palmas | 27° |
| New York | 22° |
| Orlando | 32° |
| San Francisco | 17° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

BOSS
HUGO BOSS

SAND

strellson

eterna

gardeur®

HUGO
HUGO BOSS

CANALI

POLO RALPH LAUREN

FINUCCI
collezione

bugatti

MABRUN

BELLINI
collezione

LLOYD

SARAR

PAL ZILERI

OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 12 TIL 18
LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17
SUNNUDAGA
FRÁ KL. 13 TIL 17



Herra lagerinn outlet
*líka fyrir konur*

**Troðfull verslun af merkjavöru!**

# Útijakka-veisla!

BELLINI
collezione

## stærðir 46 til 64

## verð nú kr. 17.490

## verð áður kr. ~~34.980~~

# 50 til 70%

## afsláttur af öllum vörum

SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN (VIÐ FAXAFEN)

## KJÖRKASSINN



*Býst þú við áframhaldandi mótvindi í efnahagslífinu?*

| | |
|---|---|
| Já | 85,4% |
| Nei | 14,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ert þú sammála gjaldmiðilsnefnd Framsóknarflokksins um að króna og evra séu einu raunhæfu kostirnir sem framtíðargjaldmiðill Íslands?*

Segðu þína skoðun á Vísir.is

VÍSIR

Þverpólitísk sátt í vatnalaganefnd um frestun gildistöku og breytingar á lögunum:

# Tillit tekið til hagsmuna almennings

**STJÓRNMÁL** Vatnalaganefnd hefur lagt til við iðnaðarráðherra að gildistöku vatnalaga verði frestað og að skipuð verði sérstök nefnd sem vinni að endurskoðun laganna í samræmi við tillögur vatnalaganefndar.

Auk frestunar gildistökunnar eru tillögurnar á þrjá vegu. Telur nefndin nauðsynlegt að orðalag réttindaákvæðis tryggi að fullnægjandi tillit verði tekið til hagsmuna almennings. Þá er lagt til að markmiðsákvæði laganna endurspegli betur fjölþætt hlutverk vatnalöggjafar svo þau taki bæði mið af hagsmunum landeigenda og almennings og leggi áherslu á samfélagslega hagsmuni tengda nýtingu og vernd vatnsauðlindarinnar. Loks er það tillaga nefndarinnar að fram fari endurskoðun á stjórnsýsluákvæðum laganna sem miði að því að tryggja að við meðferð mála verði litið til ólíkra hagsmuna, að ákvæðin verði gerð skýrari og að skipulag stjórnsýslu vatnamála verði gert heildstæðara. Skal í því sambandi tekið mið af ákvæðum vatnatilskipunar ESB.



**LÚÐVÍK BERGVINSSON** Formaður þingflokks Samfylkingarinnar var formaður vatnalaganefndar.

Harkalegur pólitískur ágreiningur reis um frumvarp til vatnalaga vorið 2006. Var það á endanum samþykkt en eftir kosningarnar á síðasta ári var ákveðið að fresta gildistöku laganna og setja á fót sérstaka nefnd – vatnalaganefnd – sem vinna skyldi að pólitískri sátt um málið.

- bþs

Umfjöllun um listamann:

# Óhemju falleg stórvirki Ólafs

**MENNING Stórt og mikið viðtal birtist við Ólaf Elíasson listamann í sunnudagsútgáfu breska dagblaðsins The Observer. Í viðtalinu ræðir Ólafur á opinskáan hátt um líf sitt og listir.**

**Blaðamaðurinn, Sean O'Hagan, lýsir Ólafi sem sígildum listamanni og segir verk hans óhemju falleg stórvirki sem lýsi upp borgir heimsins. O'Hagan telur verk Ólafs, The Weather Project, sem hann sýndi í Tate-galleríinu í London árið 2003, eitt best heppnaða nútímalistaverk síðari tíma. Hann segir að stórbrotið landslag Íslands hafi greinilega mótað listamannseðli Ólafs.** - kg


**Dear compatriots,**

Today, September 16, is a 40 days commemoration date for the tragic death of many hundreds of civilians, mainly Russian citizens, in South Ossetia, who have become victims of a subtile and bloody act of aggression by the regular army of Georgia.

Reverent Timur, the beneficiary of St.Nicholas Orthodox Church in Reykjavik, will conduct a memorial service and read a prayer for reconciliation of feuding parties. It is to be held today at 13.00 in the Reception Hall of the Russian Embassy in Iceland (Garðastræti 33) and at 19.00 in the Russian Orthodox Church (Sólvallagata 10).

The admission is open to all.







# Ættleiðing dóttur kemur föður ekki við

**Ekki er kveðið á um rétt forsjárlausra foreldra í ættleiðingarlögum. Karlmaður furðar sig á því að vera ekki talinn hlutaðeigandi í ættleiðingarmáli fullorðinnar dóttur sinnar. Dögg Pálsdóttir lögmaður telur að bæta megi löggjöfina.**

**STJÓRNSÝSLA** Karlmaður um fimmtugt furðar sig á því að beiðni hans um að fá afhent gögn í máli vegna ættleiðingar dóttur hans hafi verið hafnað. Í úrskurði sýslumannsins í Búðardal er honum tjáð að hann teljist ekki hlutaðeigandi að málinu og fái því ekki gögn um það.

Maðurinn segir að þetta þyki sér furðulegt. Vissulega sé vísað í lagagreinar sem rökstyðji þennan úrskurð og honum skiljist að hingað til hafi mönnum verið gert að beygja sig undir þær greinar en hann sé þó engan veginn tilbúinn að sætta sig við þessar málalyktir sem foreldri.



**DÖGG PÁLSDÓTTIR**

Dóttir mannsins er nú á þrítugsaldri og vill hún að stjúpfaðir sinn ættleiði sig. Í 7. grein laga um ættleiðingar segir að samþykki foreldra sem fara með forsjá barns þurfi við ættleiðingar barns. Í ættleiðingarlögum er hins vegar ekki kveðið á um að samþykki foreldris sem ekki fer með forsjá barns þurfi að liggja fyrir til þess að ættleiðingin verði heimiluð. Þar sem maðurinn fer ekki með forsjá dóttur sinnar þykir hann ekki koma málinu við.

Úrskurðinn má kæra til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins samkvæmt stjórnsýslulögum. Faðirinn segir að hann vilji ekki láta þetta yfir sig ganga en honum hafi verið tjáð af þeim lögfræðingum sem hann hafi leitað til að málið verði prófmál. Í ættleiðingarlögum sé réttur forsjárlausra foreldra ekki tryggður og því gæti verið við ramman reip að draga. Þá sé líklegt að mikill kostnaður geti hlotist af málaferlunum.



**FAÐIRINN VILL KÆRA** Úrskurð sýslumanns má kæra til dómsmálaráðuneytis. Ekki er kveðið á um rétt foreldra sem ekki fara með forsjá barna sinna, sem eru undir átján ára, í ættleiðingarlögum.

Dögg Pálsdóttir lögmaður segir að hún geti vel skilið að foreldum geti sviðið að vera sviptir niðja sínum með þessum hætti. Stefna laganna sé þó sú að fullorðin manneskja eigi sjálf að geta tekið ákvörðun um hvaða fjölskyldu hún vill tilheyra.

„Mér þykir verra að í ættleiðingarlögum er ekki kveðið á um samþykki þess foreldris sem ekki fer með forsjá barns sem er undir átján ára aldri," segir Dögg. Hún telur að þennan þátt megi bæta með tilliti til ákvörðunarréttar barnsins á að tilheyra blóðforeldri sínu auk réttar forsjárlausra foreldra. „Það er sagt í ættleiðingarlögum að leita skuli umsagnar forsjárlausa foreldrisins, ef unnt er, áður en afstaða er tekin til ættleiðingarumskóknar," útskýrir Dögg en bætir við að hún viti ekki hvort sú umsögn hafi neitt að segja í ferlinu.

karen@frettabladid.is


# Opinn fundur um gjaldmiðilsmál

**í dag kl. 12.10 á Kaffi Sólon, Bankastræti 7a, efri hæð**

Á fundinum verður m.a. kynnt skýrsla gjaldmiðilsnefndar Framsóknarflokksins sem unnið hefur ötullega að því að greina stöðuna í gjaldmiðilsmálum þjóðarinnar og kosti og galla mismunandi leiða og valkosta í þeim efnum.

Dagskrá

*Setning* - **Guðni Ágústsson**, formaður Framsóknarflokksins

*Skýrsla gjaldmiðilsnefndar Framsóknarflokksins kynnt* - **Jóhannes Geir Sigurgeirsson** fv. alþingismaður og formaður nefndarinnar

*Viðhorf sérfræðinga til stöðunnar í gjaldmiðilsmálum þjóðarinnar* - **Gylfi Magnússon** hagfræðingur og dósent í viðskiptafræðideild Háskóla Íslands og **Björn Rúnar Guðmundsson** hagfræðingur og forstöðumaður í Greiningardeild Landsbanka Íslands

Fundarstjóri er **Sæunn Stefánsdóttir**, ritari Framsóknarflokksins

Allir velkomnir!

Framsókn


Spurningar til Björns Bjarnasonar um mistök lögreglu og svör hans við þeim:

# Spurningar og svör ráðherrans

Dómsmálaráðherra birtir á heimasíðu sinni á laugardag tölvupósta sem hann sendi blaðamanni Fréttablaðsins daginn áður. Hann bendir réttilega á að í blaðinu hafi staðið að hann hafi ekki svarað ákveðnum spurningum, sem hann þó gerði með eftirfarandi hætti:

**Sæll Björn,**

Auðveldur flótti eftirlýsts ofbeldismanns úr landinu vekur nokkra athygli.

Hvernig stendur á því að lögreglan lét ekki landamæraeftirlitið vita að maðurinn væri eftirlýstur? Er sökin að einhverju leyti stjórnsýsluleg, eða eru þetta bara mannleg mistök? Hver ber þá ábyrgð? Verður brugðist við þessu og reynt að tryggja að þetta gerist ekki aftur? Hvernig?

*Kær kveðja, Klemens*

**Svar dómsmálaráðherra: Sæll Klemens,**

lögreglusamstarf Evrópuríkja, sem stöðugt er að aukast, miðar einmitt að því að menn sleppi ekki undan armi laganna, þótt þeir fari frá einu Evrópulandi til annars.

Þú verður að ræða við lögreglustjóra um hvernig samstarfi þeirra er háttað í tilvikum sem þessum.

Sífellt er unnið að því innan réttarvörslunnar að þétta það net, sem hún þarf að ráða yfir, til að ná sem bestum árangri.

*Með góðri kveðju Björn Bjarnason*

**Seinna bréfið:**
**(Einnig sent til aðstoðarmanns Björns.)**

Sælir, félagar.

Varðandi mann sem slapp úr landi vegna mistaka lögreglu: Ég þarf að endurtaka spurningarnar til þín, Björn, því þú svaraðir þeim ekki: Hvernig verður komið í veg fyrir að slík mistök endurtaki sig? Verður einhver látinn sæta ábyrgð vegna þessa? Hvað með dómsmálaráðherra sjálfan, ber hann einhverja ábyrgð á mistökum lögreglunnar? Kk, Klemens

**Svar dómsmálaráðherra:**
**Sæll Klemens,**

ríkislögreglustjóri hefur nýlega sett reglur um, hvernig haga skuli eftirliti og tilkynningum vegna manna í farbanni í því skyni að tryggja með skýrum verklagsreglum, að þeir komist ekki úr landi. Samskonar aðferðum ber að beita, þegar um eftirlýsta menn er að ræða að breyttu breytanda.

Ábyrgð vegna mála af þessu tagi er hin sama og almennt gildir að stjórnsýslurétti, ég hélt, að það lægi í augum uppi og þyrfti ekki að skýra út fyrir rannsóknarblaðamanni. Ritstjóri Fréttablaðsins getur auðveldlega skýrt inntak þeirrar ábyrgðar fyrir þér.

*Með góðri kveðju Björn Bjarnason*

# Vörðufélagar fá 50% Vildarpunkta-afslátt til valinna borga

- **Toronto aðeins 25.000 Vildarpunktar.** Ferðatímabil er október.
- **Halifax aðeins 25.000 Vildarpunktar.** Ferðatímabil er október.
- **París aðeins 21.000 Vildarpunktar.** Ferðatímabil er október og nóvember.
- **Berlín aðeins 21.000 Vildarpunktar.** Ferðatímabil er október.
- **Stokkhólmur aðeins 19.000 Vildarpunktar.** Ferðatímabil er október og nóvember.
- **Helsinki aðeins 19.000 Vildarpunktar.** Ferðatímabil er október.

**Sölutímabil er frá og með miðvikudeginum 17. september kl. 09.00, til miðnættis föstudaginn 19. september.**

Barnaafsláttur Vildarklúbbsins gildir í þessu tilboði.

## Helstu skilmálar:

Flugvallarskattar og aðrar greiðslur eru ekki innifaldar.
Ferðin verður að hefjast á Íslandi.
Takmarkað sætaframboð.
Gildistími farseðils er sami og ferðatímabil.
Breytingar leyfðar á dagsetningum, innan tímabilsins gegn 5.000 kr./ 6.500 Vildarpunktum.
Gildir í beinu áætlunarflugi Icelandair.
Nánari skilmálar og upplýsingar á www.vildarklubbur.is

**Bókaðu ferðina á www.vildarklubbur.is eða í síma 50 50 100 gegn 2.000 kr. þjónustugjaldi.**




ICELANDAIR Vildarklúbbur

Landsbankinn

## VEISTU SVARIÐ?



1 Hvers konar farartæki vilja Dalvíkingar flytja til landsins fyrir ferðamenn?

2 Hvaða hljómsveit vinnur nú að plötu sem hefur vinnuheitið „Sgt. Peppers númer þrjú“?

3 Hver varð þriðji íslenski knattspyrnumaðurinn til að skora 100 mörk í efstu deild á laugardaginn?

SJÁ SVÖR Á SÍÐU 30

Mágur Thaksins gerður að forsætisráðherra í Taílandi:

# Mótmælum linnir ekki í bráð

**TAÍLAND, AP** Stjórnarflokkurinn í Taílandi ákvað í gær að Somchai Wongsawat yrði næsti forsætisráðherra landsins. Þar með er ljóst að mótmæli höfuðborgarbúa gegn stjórninni munu færast enn í aukana.

Somchai er nefnilega mágur Thaksins Shinawatra, fyrrverandi forsætisráðherra, sem steypt var af stóli fyrir tveimur árum vegna spillingarmála.

Somchai tekur við af Samak Sundaravej, sem hafði verið forsætisráðherra í sjö mánuði þegar hann neyddist í síðustu viku til að segja af sér. Ástæða afsagnarinnar er sú að hæstiréttur landsins komst að þeirri niðurstöðu að Samak hefði gerst brotlegur við stjórnarskrá með því að sjá um matreiðsluþátt í sjónvarpi eftir að hann var orðinn forsætisráðherra.



**FORSÆTISRÁÐHERRA** Wongsawat er náinn stuðningsmaður Shinawatra fyrrverandi forsætisráðherra. NORDICPHOTOS/AFP

Undanfarnar vikur hafa fjölmennir hópar mótmælenda hreiðrað um sig á götum Bangkok-borgar til að krefjast afsagnar Samaks og ríkisstjórnar hans. Mótmælendurnir sökuðu Samak um að ganga erinda forvera síns, Thaksins, enda eru þeir flokksbræður. Nú þegar mágur Thaksins tekur við kætast mótmælendur varla.

„Somchai er mjög náinn Shinawatra-fjölskyldunni,“ sagði Chamlong Srimuanng, einn af leiðtogum mótmælendanna. „Hann er mágur Thaksins og verður enn frekar staðgengill hans en Samak var nokkru sinni.“ - gb

Blásið í bankasamruna:

# Danskir bankar renna saman

**VIÐSKIPTI Sænski bankinn Handelsbanken lagði í gær fram yfirtökutilboð í hinn danska Lokalbanken upp á 810 milljónir danskra króna, jafnvirði fjórtán milljarða íslenskra. Þá hefur danski fasteignalánarisinn Nykredit Realkredit gert tilboð í sparisjóðinn Forstædernes Bank upp á 1,8 milljarða danskra.**

**Danskir fjölmiðlar telja víst að Danir eigi eftir að sjá fleiri samruna í þarlendum fjármálaheimi á næstu tveimur árum enda eigi sparisjóðir og lítil fjármálafyrirtæki, sem telja í hundruðum, í verulegum endurfjármögnunarörðugleikum.** - jab


FISKBÚÐIN HAFBERG

Fiskbúðin Hafberg.
Gnoðarvogi 44. s 5888686
ATH opið alla laugardaga 11-14

LÚÐUFLÖK

verð aðeins 1390 kr/kg

verð áður 2390 kr/kg

þú sparar 1000 kr á kíló

tilboðið gildir aðeins í dag






**UTANRÍKISRÁÐHERRA** Heldur brátt utan til Sameinuðu þjóðanna með bréf frá Rithöfundasambandi Íslands í farteskinu þar sem kallað er eftir frekari baráttu gegn ólæsi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Rithöfundar hvetja til lestrarkennslu fyrir Barnaheill:

# Langt í land með þúsaldarmarkmiðin

**ÞRÓUNARAÐSTOÐ** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra tók í gær við opnu bréfi til Ban Ki-moon, aðalritara Sameinuðu þjóðanna, og leiðtoga heims, frá íslenskum rithöfundum, að undirlagi Barnaheilla. Ingibjörg fer á allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna í næstu viku og afhendir þar erindið.

Rithöfundarnir minna þar á að 781 milljón manns eru ólæsir. Aðildarríki Sameinuðu þjóðanna settu sér þúsaldarmarkmið um þróun og útrýmingu fátæktar. Þar er meðal annars kveðið á um menntun og jafnrétti og baráttu gegn fátækt og örbirgð.

Ingibjörg Sólrún segir að jafnrétti kynja og menntun barna séu lykillinn að öðrum þúsaldarmarkmiðum. „Um sjötíu milljón börn eru utan skóla og þar eru stúlkur í meirihluta. Aukin menntun allra, ekki síst kvenna, er lykillinn að baráttunni gegn fátækt. Í tengslum við allsherjarþingið verður sérstakur fundur um þúsaldarmarkmiðin og þar verða ríki heims hvött til dáða,“ segir Ingibjörg Sólrún.

Pétur Gunnarsson, formaður Rithöfundasambandsins, sagði Íslendinga hafa sýnt með fordæmi sínu hve læsi væri mikilvægt. Framfarir tuttugustu aldarinnar mætti rekja til betri menntunar hér á landi.

Þau Harpa Ósk Björnsdóttir og Ívar Eiðsson, frá ungmennaráði Barnaheilla, tóku þátt í umræðum á fundinum. Harpa sagði umhugsunarefni að fyrir aðeins eitt prósent af því fé sem færi í vopnaframleiðslu mætti mennta börn heimsins. Ívar tók undir það og sagði gríðarlega mikilvægt að allir legðu sitt af mörkum; margt smátt gerði eitt stórt.

Ingibjörg Sólrún segir að ríkisstjórnin hafi aukið framlög til þróunarmála. „Við vonumst til þess að á næsta ári verði framlög okkar til þróunarmála komin í 0,35 prósent og fram til 2015 verði þau í þeim 0,7 prósentum sem Sameinuðu þjóðirnar segja til um.“

Ingibjörg segir nýstofnað Þróunarsamvinnuráð lykilatriði í þessum málum. „Þar sitja sautján fulltrúar, sjö frá stjórnmálaflokkum og tíu frá vinnumarkaðnum, frjálsum félagasamtökum og fræðasamfélaginu. Með þessu styrkjum við samstarfið sem hefur gefist vel á milli ríkisvaldsins og frjálsra félagasamtaka,“ segir Ingibjörg Sólrún. - kóp




# Fullur salur af nýjum sófum



COSTA tungusófi á
**Aðeins 379.860,-**
Verð áður 479.800,-

Tungusófi með skemli
Til í svörtu og hvítu
með hægri eða vinstri tungu

# Fyrir nótt sem nýtan dag



**30%** afsláttur
af svefnsófum
í september



betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavik og Skeiði 1, Ísafirði
Opið virka daga frá kl. 10-18  Laugardaga frá kl. 11-16
Sími: 588 8477

Betra BAK

3,5 cm




PIPAR • SÍA • 81667

HITACHI

Enn á ný brýtur Hitachi blað
í þróun og hönnun á skjám
og tekur forskot á keppinautana.

Hitachi Ultra Thin monitorinn er
sá þynnsti á markaðnum, aðeins
3,5 cm. Skjárinn er "37 LCD Full
HD (1920x1080 P) og vegur
aðeins 14,6 kg. 100 Hz tækni,
PICTURE MASTER myndtækni
og skerpa allt að 10000:1.

Hitachi Ultra Thin er stáss í
hverja stofu.

Hátækni

Ármúli 26 • Sími 522 3000 • www.hataekni.is

Jóannes Eidesgaard, lögmaður Færeyinga, slítur stjórnarsamstarfi við Þjóðveldisflokk:

# Kom flatt upp á Högna Hoydal

**FÆREYJAR** Jóannes Eidesgaard, lögmaður Færeyinga, sagði í gær upp stjórnarsamstarfi Jafnaðarmannaflokks síns við Þjóðveldisflokk Högna Hoydal. Sjálfur hyggst Eidesgaard þó sitja áfram í embætti um sinn.

Sem ástæðu stjórnarsamstarfsslitanna nefnir Eidesgaard í frétt á vef færeyska útvarpsins „atburði síðustu daga í Þinganesi“ – stjórnarskrifstofur færeysku landstjórnarinnar eru á Þinganesi í Þórshöfn. Eidesgaard vísar þar til aðgerða af hálfu Högna Hoydal, sem fór með utanríkismál í landstjórninni, sem lögmaðurinn áleit miða að því að grafa undan valdsviði sínu.


JÓANNES EIDESGAARD


HÖGNI HOYDAL

„Ég hef upplifað eitt og annað í pólitík, en nú tekur steininn úr,“ hefur vefur Útvarps Föroya eftir Högna Hoydal. Raunverulega ástæðu Eidesgaards til stjórnarslitanna telur Hoydal að rekja til „hræðslu“ lögmannsins við þann niðurskurð sem fyrir liggi að verði að grípa til í væntanlegum fjárlögum.

> Ég hef upplifað eitt og annað í pólitík, en nú tekur steininn úr.
>
> HÖGNI HOYDAL
> ÞINGMAÐUR

Eidesgaard viðurkennir að í stöðunni sé ekki nein önnur samsteypustjórn í sjónmáli og þar sem svo stutt sé frá síðustu lögþingskosningum lítist honum ekki á að boða til kosninga. **- aa**

# Staða Íslands betri en margra annarra þjóða

**Forseti Íslands segir mikilvægt að minnast þess að þjóðin hafi farið í gegnum meiri erfiðleika en þá sem nú séu uppi. Hann segir þungamiðju hagkerfisins vera að færast frá Vesturlöndum og áföllin hafi því ekki jafn víðtækar afleiðingar og áður.**

**EFNAHAGSMÁL** „Það er mikilvægt að tapa ekki áttum þótt einhver áföll verði í hinum alþjóðlega viðskiptageira,“ segir Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, spurður um þá vá sem nú blasir við í efnahagslífinu.

Spurður hvað fyrrverandi fjármálaráðherra finnist um framgöngu ríkisstjórnarinnar í því ástandi segir hann: „Ég ætla nú ekki að ræða þetta frá þeim grundvelli. En það má ekki gleyma því að sveiflur eru kjarninn í frjálsu markaðskerfi. Það hagkerfi hefur ekki verið fundið upp sem eilíflega stefnir upp á við. En það er einnig mikilvægt að hafa í huga í þessu samhengi að þungamiðjan í hagkerfi heimsins er að færast til. Kína, Indland og önnur ríki í Asíu eru sífellt að verða kröftugri aflvélar í hagkerfi veraldarinnar. Þróun í Bandaríkjunum og Evrópu sem fyrir þrjátíu árum hefði haft grundvallaráhrif á hagkerfi heimsins kemur því öðruvísi út í upphafi þessarar aldar.“

Hann segir Íslendinga standa betur að vígi en flestar aðrar þjóðir í þrengingum þeim sem nú blasi við. „Ísland býr að óvenju sterkum auðlindum. Við erum hér með öflug fiskimið samanborið við aðrar þjóðir, við eigum gnótt af orku og óskað er eftir samstarfi við okkur í orkumálum nánast alls staðar að úr veröldinni, við erum eitt stærsta vatnsforðabú Evrópu, við eigum þessa fallegu og einstæðu náttúru og síðan þjóð sem er vel menntuð og með mikla reynslu. Við erum því kannski betur búin en margar aðrar þjóðir til þess að mæta sviptivindum í viðskiptakerfum heimsins. Einnig er mikilvægt að gleyma því ekki að á framfaraskeiði Íslands á seinni hluta tuttugustu aldar komu oft mjög erfiðir tímar. Til dæmis var útlitið með þeim hætti þegar ég var fjármálaráðherra að nánast allur sjávarútvegur landsins riðaði til falls og fiskvinnslu- og útgerðarfyrirtæki, nánast í öllum landshlutum, voru við það að hætta starfsemi.“

Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði um helgina að kreppa væri ekki rétt skilgreining á ástandinu sem nú væri uppi hér á landi. Hvað segir Ólafur Ragnar um það? „Menn geta notað margvísleg orð, þetta eru erfiðleikar hjá einstaklingum og fyrirtækjum þjóðarinnar. Þeir eru hins vegar minni en þeir erfiðleikar sem við höfum oft farið í gegnum á fyrri tíð.“ **- jse**


**ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON** Hann segir þjóðina hafa farið í gegnum meiri erfiðleika en þá sem nú séu uppi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

sjónlag
augnlækningar
laseraðgerðir






Tilkynning

Hef flutt augnlæknastofu mína
í nýja augnlæknastöð okkar í Sjónlagi
í Vesturhúsi Glæsibæjar, 5. hæð.

**Jóhannes Kári Kristinsson,** augnlæknir.
Sérfræðingur í sjónlagsaðgerðum með laser
og hornhimnulækningum.

# FERSKT Í BÚÐIR Á HVERJUM DEGI

SÓMI

## TORTILLUR

REYKT SKINKA & EGG
TIKKA MASALA KJÚKLINGUR
REYKTUR LAX & EGGJASALAT



## SAMLOKUR

RÆKJUSALAT
HEILSUBITI
ROAST BEEF
SKINKA & SALAT
TÚNFISKSSALAT
KJÚKLINGUR & EGG
HANGIKJÖT & SALAT
KALKÚNN OG TÓMATBRAUÐ



## LANGLOKUR

SKINKA, OSTUR & SINNEPSSÓSA
KJÚKLINGUR & LÉTTSÓSA
SKINKA, EGG & PÍTUSÓSA
LANGLOKA MÁNAÐARINS
ROAST BEEF



## PÍTUBRAUÐ

REYKT SKINKA & EGG
TIKKA MASALA KJÚKLINGUR



## SAMLOKURISTAR

SKINKA, OSTUR & BEIKON
SKINKA & OSTUR





## LANGLOKURISTAR

SKINKA, OSTUR & PEPPERONI
KJÚKLINGUR, OSTUR & BEIKON
AMERÍSK GRÍSALANGLOKA



## BÁTAR

SKINKA, ASPAS & BEIKON
KJÖTLOKA MEÐ NAUTAHAKKI OG OSTI
KJÖTLOKA MEÐ NAUTAHAKKI, SVEPPUM & OSTI



## HAMBORGARAR

HAMBORGARI MEÐ OSTI
LÚXUSBORGARI



## PASTABAKKAR

KJÚKLINGUR
SKINKA



## HYRNUR

BIRKIREYKT HANGIKJÖT
KJÚKLINGUR & PESTO
LÚXUS SKINKA & EGG
HYRNA MÁNAÐARINS
BACON & EGG

Sómi ehf., Gilsbúð 9, 210 Garðabæ, sími 565 6000, fax 565 6084, somi@somi.is, www.somi.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
3.898 **-1,73%**

**Fjöldi viðskipta:** 780
**Velta:** 5.893 milljónir

MESTA HÆKKUN

**FØROYA BANKI** +0,64%

MESTA LÆKKUN

**EIMSKIPAFÉL.** -21,00%
**ATL. PETROLEUM** -8,44%
**EIK BANKI** -6,86%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 6,45 +0,00% ... Atorka 4,89 -2,59% ... Bakkavör 23,70 -2,47% ... Eimskipafélagið 6,32 -21,00% ... Exista 6,34 -2,46% ... Glitnir 13,59 -2,02% ... Icelandair Group 20,25 -0,25% ... Kaupþing 685,00 -1,86% ... Landsbankinn 21,85 -1,13% ... Marel Food Systems 84,70 -0,59% ... SPRON 3,00 -6,54% ... Straumur-Burðarás 8,13 -1,69% ... Össur 93,00 -0,64%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Norðmenn vilja nú selja SAS

Norska ríkisstjórnin hefur látið af andstöðu sinni gegn sölu á norræna flugfélaginu SAS og hefur það aukið líkurnar á því að þýski flugrisinn Lufthansa leggi fram tilboð í félagið. Gangi allt eftir verður sameinað flugfélag það annað umsvifamesta í Evrópu.

Greint var frá viðræðum forráðamanna flugfélaganna fyrir helgi og lýsti norska ríkisstjórnin yfir andstöðu sinni með hugsanlega sölu. Norska ríkið situr á rétt rúmum fjórtán prósenta hlut í SAS, jafnstórum og danska ríkið. Svíar eiga svo rúm 21 prósent auk þess sem Wallenberg-fjölskyldan situr á sjö prósentum.

Breska viðskiptadagblaðið Financial Times segir afkomu SAS hafa dregist mikið saman upp á síðkastið, ekki síst vegna hás olíuverðs á sama tíma og farþegum fækki.

Sænska dagblaðið Dagens Industri bætti því við í gær að staða flugfélagsins sé mun verri en áður var talið. Þá hefur gengi bréfa í félaginu fallið um 30 prósent frá áramótum.



**EIN AF VÉLUM SAS** Kaupi þýska flugfélagið Lufthansa norræna keppinautinn SAS verður til annað umsvifamesta flugfélagið í Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Greinendur segja líklegt að Lufthansa bjóði 75 sænskar krónur fyrir hvern hlut í SAS, eða jafnvirði 12,5 milljarða sænskra króna, um 170 milljarða íslenskra. Til samanburðar stóð gengi bréfa í SAS í kringum 115 sænskar krónur á hlut fyrir ári. **- jab**

## AIG kallar á neyðarlán

AIG, eitt stærsta tryggingafélag heims, hefur óskað eftir fjörutíu milljarða Bandaríkjadala neyðarláni frá Seðlabanka Bandaríkjanna. Þá hefur fyrirtækið selt eignir fyrir tuttugu milljarða dala, að því er erlendir fjölmiðlar herma.

Novator, fjárfestingarfélag Björgólfs Thors Björgólfssonar, seldi 85 prósenta hlut sinn í búlgarska símafélaginu BTC, til AIG um mitt ár í fyrra. Þá var hermt að hagnaður Björgólfs hefði numið 55 til sextíu milljörðum króna.

Ásgeir Friðgeirsson, talsmaður Björgólfs Thors, staðfestir í samtali við Markaðinn að AIG hafi gert upp við Novator vegna kaupanna á BTC. **- ikh**

# Markaðsdýfa um heim allan

Alþjóðlegir hlutabréfamarkaðir tóku dýfu í kjölfar viðamikillar uppstokkunar á bandarískum fjármálamarkaði í gær. Helst voru það fjármálafyrirtæki sem urðu fyrir skelli, líkt og hér á landi en Úrvalsvísitalan fór niður um 3,7 prósent þegar verst lét og hafði ekki verið lægri síðan um miðjan mars 2005.

Áhrifin voru lítil á Asíumörkuðum en umsvifamestu markaðirnir í Hong Kong, Sjanghæ í Kína, Seúl í Suður-Kóreu og í Tókýó í Japan voru lokaðir vegna hátíðarhalda. Aðrir markaðir í Asíu fóru niður um allt að fjögur prósent, minnst í Ástralíu.

Áhrifin smituðust ekki síst til hlutabréfamarkaða í Evrópu en helstu hlutabréfavísitölur fóru niður um fjögur prósent skömmu eftir að viðskiptadagurinn rann upp á meginlandinu. Gengið jafnaði sig lítillega þegar á leið.

Má vera að þar muni um aðgerðir Evrópska seðlabankans og Englandsbanka, að veita tæpum 4.000 milljörðum króna inn á evrópska fjármálamarkaði í því markmiði að mýkja áhrifin af skellinum að vestan, líkt og erlendir fjölmiðlar sögðu í gær. **- jab**

**FALL Á MÖRKUÐUNUM**

| Land | Breyting (í prósentum) |
|---|---|
| **Bandaríkin** | |
| Dow Jones* | -2,48 |
| Nasdaq* | -1,93 |
| **Meginland Evrópu** | |
| Bretland | -3,92 |
| Þýskaland | -2,74 |
| Frakkland | -3,78 |
| **Norðurlönd** | |
| Danmörk | -3,09 |
| Noregur | -4,49 |
| Svíþjóð | -2,97 |
| Finnland | -2,59 |
| Ísland | -1,73 |

* Við upphaf viðskiptadagsins


**HÖFUÐSTÖÐVAR LEHMAN BROTHERS** Hjá Lehman starfa um 25.000 manns, og 60.000 hjá Merrill. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Fjárfestingarbönkum lokað

**Með gjaldþroti Lehman Brothers og kaupum á Merrill Lynch lýkur sögu tveggja elstu og stærstu fjárfestingarbanka heims. Aðrir róa lífróður.**

Fyrir helgi var orðið ljóst að stjórnendum Lehman Brothers, fjórða stærsta fjárfestingarbanka Bandaríkjanna, tækist ekki að afla nýs hlutafjár eða selja hluta bankans nema ríkissjóður Bandaríkjanna gengist í ábyrgðir fyrir áhættusömustu eignum bankans líkt og gert var þegar Bear Stearns var bjargað fyrr í ár. Þegar stjórnvöld neituðu að gangast í slíkar ábyrgðir varð ljóst að gjaldþrotaskipti væru óumflýjanleg.

Vandræði Lehman má rekja til undirmálslánakrísunnar sem hófst síðasta haust, en af stóru fjárfestingarbönkunum átti aðeins Merrill Lynch hærra hlutfall eiginfjár bundið í verðlitlum og óseljanlegum skuldavafningum. Margir töldu því að ef Lehman yrði gjaldþrota yrði Merrill næst. Því var afstýrt þegar Bank of America samþykkti að kaupa Merrill fyrir 50,3 milljarða dollara, en heimildamenn CNBC segja að Seðlabanki Bandaríkjanna hafi lagt hart að bankanum að bjarga Merrill áður en í óefni væri komið. Með kaupunum hefur Bank of America, sem er stærsti viðskiptabanki Bandaríkjanna, enn styrkt stöðu sína á bandaríska fjármálamarkaði.

Augu allra beinast nú að American International Group (AIG) stærsta tryggingarfélagi Bandaríkjanna og Washington Mutual (WaMu) áttundu stærstu bankastofnun landsins. Á mánudag bauðst New York ríki til að veita AIG tuttugu milljarða neyðarlán, en félagið hafði óskað eftir fjörutíu milljörðum. AIG hefur tapað miklu á skuldatryggingum á fasteignaskuldavafningum og lækkunum á hlutabréfamörkuðum. Hlutabréf AIG hafa fallið um 92 prósent frá áramótum og bréf í WaMu um 84 prósent. Talið er að WaMu og AIG geti bjargað sér frá gjaldþroti með eignasölu. **msh@markadurinn.is**

**BOTNI EKKI NÁÐ**

Alan Greenspan, fyrrverandi bankastjóri seðlabanka Bandaríkjanna, lýsti því yfir í viðtali við ABC-sjónvarpsstöðina um helgina að fleiri stór fjármálafyrirtæki ættu eftir að verða gjaldþrota. „Það lítur út fyrir að ástandið muni enn versna og það sér enn ekki til botns," sagði Greenspan, sem staðhæfir að fjármálakreppa sú sem nú gengur yfir sé af þeirri stærðargráðu sem aðeins sjáist einu sinni á öld.


**ALAN GREENSPAN**





Fyrirtækjaþjónusta

KAUPÞING
Hugsum lengra

Markmið Fyrirtækjaþjónustu Kaupþings er að veita fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum framúrskarandi fjármálaþjónustu og stuðla að því með faglegum vinnubrögðum að viðskiptavinir okkar nái markmiðum sínum. Við kappkostum að byggja upp langtímasamband við viðskiptavini okkar sem grundvallast á trausti og trúnaði.

Við tökum þátt í að byggja upp fyrirtækið þitt og erum með þér alla leið!

Nánari upplýsingar og ráðgjöf veita fyrirtækjaráðgjafar Kaupþings í síma 444 7000 eða á info@kaupthing.is


# Mikil áhrif hér á landi

Gjaldþrot Lehman Brothers og óróleikinn á fjármálamarkaði Bandaríkjanna hafði töluverð áhrif hér á landi, en skuldtryggingarálag bankanna hækkaði mikið jafnframt því sem gengi krónunnar féll. Skuldtryggingarálag Glitnis hækkaði um 250 punkta, Landsbankans um 200 punkta og Kaupþings um 150 punkta. Hækkunina má að mestu rekja til aukinnar áhættufælni á alþjóðlegum fjármálamörkuðum.

„Okkur sýnist að það séu mjög lítil, og í sumum tilfellum engin, viðskipti á bak við hækkanirnar, heldur skýrist þær frekar af því að markaðirnir hafi einfaldlega hækkað verðskráningu hjá sér um þriðjung, og fylgi almennri verðlagningu á þessum markaði sem rauk upp í kjölfar gjaldþrots Lehman," segir Jón Bjarki Bentsson, hagfræðingur hjá greiningardeild Glitnis. Jón Bjarki bendir á að áhættufælni markaðanna megi sjá í aukinni eftirspurn eftir traustustu ríkisskuldabréfunum á markaði, svo sem þeim þýsku og bandarísku.

„Þessi áhættufælni endurspeglast sömuleiðis í gengislækkun krónunnar, en flestar hávaxtamyntir hafa lækkað umtalsvert í dag," bætti Jón við.

Gengi krónunnar féll um 1,4 prósent í dag, og hefur gengi hennar aldrei verið lægra við lokun markaða. Úrvalsvísitalan féll um 1,8 prósent sem er umtalsvert minna en á öðrum mörkuðum. Þetta segir Jón athyglisvert í ljósi þess hversu þungt fjármálafyrirtæki vegi á hlutabréfamarkaði hér. **- msh**




**Gorenje spanhelluborð**
Spanhelluborð með snertitökkum og slípuðum hliðum. Mál: 6x60x51 (hxbxd) afl á hellum 5,9kw. Barnalæsing tímastilling.




**Gorenje keramik helluborð**
Keramik helluborð með snertitökkum og stálkanti allan hringinn. Mál: (HxBxD) 5,5x58x50,5.
Afl á hellum: 6,1 kw. Barnalæsing.




**Gorenje helluborð 75 cm spor 2+2**
Keramik helluborð með snertitökkum og stálkanti á hliðum. Mál: (HxBxD) 6x75x51.
Afl á hellum: 7,1 kw. Barnalæsing. Tímastilling.

# RÝMUM FYRIR NÝJUM GORENJE TÆKJUM

Tilboð er bæði á sýningartækjum og nýjum.




**Gorenje 8 kerfa ofn**
Fjölkerfa stálofn með snertitökkum, heitum blæstri og hreinsibúnaði. Mál: (HxBxD) 59,5x59,7x56,8.
Ofn 53 lítrar, kjöthitamælir, brautir fyrir skúffu og plötur.




**Gorenje blástursofn**
Fjölkerfa stálofn með snúningstökkum, heitum blæstri og hreinsibúnaði. Mál: (HxBxD) 59,5x59,7x56,8.
Ofn 53 lítrar, djúp skúffa, 2 grunnar plötur og grillgrind.




**Gorenje blástursofn**
Fjölkerfa stálofn með snúningstökkum, heitum blæstri og hreinsibúnaði. Mál: (hxbxd) 59,5x59,7x56,8.
Ofn 53 lítrar.




**Gorenje ísskápur**
**Old timer**
168x60x62 cm (hxbxd)
Vínrauður
Hljóðstig 42 db




**Gorenje kæliskápur**
177x60x62,5 (hxbsd)
Ryðfrítt stál
hljóðstig 39 db




**Gorenje kæliskápur**
200x60x64 (hxbxd),
Ryðfrítt stál
Hljóðstig 40db

**Gorenje eyjuháfur**
Eyjuháfur, ál.
Breidd 90 cm.
Afkastageta
1000m3/klst.
Hljóðstig 46/69 db







**Gorenje eyjuháfur 90 cm**
Eyjuháfur ryðfrítt stál. Breidd 90 cm.
Afkastageta 750 $m^3$/klst. Hljóðstig 42/60 db.




**Gorenje vegghháfur 90 cm 1000 $M^3$**
Veggh※fur, ál, 90 cm.
Afkastageta 1000$m^3$/klst. Hljóðstig 46/69 db.

RÖNNING
ronning.is

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYÐARFJÖRÐUR | REYKJANESBÆR |
|---|---|---|---|
| Borgartún 24 | Draupnisgata 2 | Nesbraut 9 | Hafnargata 52 |
| Sími 562 4011 | Sími 460 0800 | Sími 470 2020 | Sími 420 7200 |

# Stærri rýming

**Það er alltaf gaman að skoða bíla. Komdu á rýmingarsölu Brimborgar á notuðum bílum í dag. Skoðaðu úrvalið, aftur og aftur. Skoðaðu fjármögnunina. Komdu bara í Brimborg í dag.**

**100 bílar í boði. Hringdu núna í síma 515-7000.**



**Rýmingarafsláttur 700.000 kr.**

## Volvo V50

2,4 sjálfskiptur station
Fast númer UR280
Skrd. 12/2005. Ek. 49.000 km.
Verð áður 2.990.000 kr.
Rýmingarafsláttur 700.000 kr.
**Rýmingarverð 2.290.000 kr.**



**Rýmingarafsláttur 470.000 kr.**

## Ford Escape XLT

3,0 sjálfskiptur 5 dyra
Fast númer YE821
Skrd. 6/2004. Ek. 79.000 km.
Verð áður 2.160.000 kr.
Rýmingarafsláttur 470.000 kr.
**Rýmingarverð 1.690.000 kr.**



**Rýmingarafsláttur 660.000 kr.**

## Hyundai Trajet GLS

2,0 beinskiptur 5 dyra
Fast númer NO438
Skrd. 11/2004. Ek. 114.000 km.
Verð áður 1.650.000 kr.
Rýmingarafsláttur 660.000 kr.
**Rýmingarverð 990.000 kr.**



**Rýmingarafsláttur 440.000 kr.**

## Nissan Patrol Elegane

3,0 sjálfskiptur 5 dyra
Fast númer UU869
Skrd. 11/2005. Ek. 71.000 km.
Verð áður 4.830.000 kr.
Rýmingarafsláttur 440.000 kr.
**Rýmingarverð 4.390.000 kr.**

**Smelltu á notadir.brimborg.is og veldu notaðan bíl fyrir þig**
**- farðu síðan á bgs.is og sannreyndu tilboð dagsins í dag.**
***Komdu í Brimborg***

Cohn & Wolfe Public Relations Ísland

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | notadir.brimborg.is

# Komdu í Brimborg í dag

# arsala á notuðum bílum



Rýmingarafsláttur 690.000 kr.

## Nissan Navara
2,5 sjálfskiptur 4 dyra
Fast númer NV805
Skrd. 1/2006. Ek. 49.000 km.
Verð áður 3.680.000 kr.
Rýmingarafsláttur 690.000 kr.
**Rýmingarverð 2.990.000 kr.**



Rýmingarafsláttur 400.000 kr.

## Toyota Corolla Sport
1,6 beinskiptur 5 dyra
Fast númer LK215
Skrd. 5/2005. Ek. 68.000 km.
Verð áður 1.790.000 kr.
Rýmingarafsláttur 400.000 kr.
**Rýmingarverð 1.390.000 kr.**



Rýmingarafsláttur 420.000 kr.

## Hyundai Tucson
2,0 sjálfskiptur 5 dyra
Fast númer UX184
Skrd. 1/2005. Ek. 75.000 km.
Verð áður 2.410.000 kr.
Rýmingarafsláttur 420.000 kr.
**Rýmingarverð 1.990.000 kr.**



Rýmingarafsláttur 330.000 kr.

## Volkswagen Sharan
2,0 beinskiptur 5 dyra
Fast númer PU385
Skrd. 5/2005. Ek. 48.000 km.
Verð áður 2.120.000 kr.
Rýmingarafsláttur 330.000 kr.
**Rýmingarverð 1.790.000 kr.**

Komdu á rýmingarsölu Brimborgar á notuðum bílum í dag.

**100 bílar í boði. Hringdu núna í síma 515-7000.**

**100% fjármögnun**

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Launamunur kynja eykst hjá opinberum starfsmönnum.

# Nú þarf að láta verkin tala

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er sérstaklega kveðið á um að taka verði á kynbundnum launamun. Ljóst er að langur vegur er frá því að þetta verkefni ríkisstjórnarinnar sé á einhverjum rekspöl. Þvert á móti kemur í ljós í nýrri launakönnun SFR – stéttarfélags í almannaþjónustu – að launamunur hefur aukist milli ára.

Staðreyndin er sem sagt sú að í febrúar árið 2007 höfðu konur innan SFR 14,3 prósentum lægri laun en karlar innan félagsins. Ári síðar var þessi munur orðinn 17,2 prósent; nærri þremur prósentustigum meiri. Hér er þó bara verið að tala um svokallaðan óútskýrðan launamun eða launamun sem ekki verður skýrður með aldri, vinnutíma, starfsaldri, starfsstétt, menntun og vaktaálagi. Sé hins vegar horft á raunverulegan launamun kynjanna innan stéttarfélagsins SFR er staðreyndin sú að konur hafa 27 prósentum lægri heildarlaun en karlar.

Eftirtektarvert er að kynbundinn launamunur félagsmanna í SFR er talsvert meiri en kynbundinn launamunur í stéttarfélaginu VR, en launakannanir þessara félaga eru sambærilegar. Kynbundinn launamunur félagsmanna VR er 12,3 prósent meðan hann er 17,2 prósent hjá félagsmönnum SFR. Kynbundinn launamunur hjá ríkisstarfsmönnunum er sem sagt nærri fimm prósentustigum meiri en hjá starfsmönnum í skrifstofu- og verslunarstörfum á almennum vinnumarkaði. Hjá VR hefur launamunur milli kynja því miður einnig aukist milli ára en munurinn telst þó ekki marktækur því hann nemur þó ekki nema 0,6 prósentustigum, fer úr 11,6 í 12,2 prósent. Þessi niðurstaða getur ekki annað en talist áfellisdómur yfir þeirri launastefnu sem rekin er af íslenska ríkinu.

Ljóst er af nýbirtum launakönnunum SFR og VR að fjarri lagi er að launajafnrétti milli kynja ríki. Sé það markmið að launajafnrétti náist, sem gera verður ráð fyrir að sátt ríki um, er ljóst að allir verða að leggja hönd á plóg. Aðilar vinnumarkaðarins hljóta að horfa á launajafnrétti sérstaklega við gerð kjarasamninga, og þá ekki síst samninganefnd ríkisins. Óralangt er í land að hefðbundin kvennastörf séu jafnhátt metin til launa og hefðbundin karlastörf. Þessi staðreynd hlýtur að kalla á viðhorfsbreytingu aðila vinnumarkaðarins.

Ábyrgðin er líka í höndum hvers og eins sem að samningum um laun kemur, beggja vegna borðsins. Kannanir hafa sýnt að konur hafa mun minni væntingar um laun en karlar. Þarna þurfa konur greinilega að taka sig taki. Sömuleiðis þeir sem að launasamningum einstaklinga koma fyrir hönd atvinnurekenda.

Ljóst er að ríkisstjórnin verður að reka af sér slyðruorðið og láta verkin tala. Ekki verður dregið úr kynbundum launamun með því að lækka laun karla. Ríkisstjórnin hefur einmitt nú tækifæri til að sýna vilja sinn til þess að jafna laun kynjanna í verki með því að semja um umtalsverða launahækkun stéttar sem ekki telur einn einasta karlmann, ljósmæðra.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefándsóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Verkstjórnarnámskeið

Námskeið fyrir starfandi og verðandi verkstjórnendur

Markmiðið er að þjálfa millistjórnendur til að taka á málum sem varða hagsmuni fyrirtækja og starfsmanna.

Námsþættirnir eru yfir 20. Meðal þeirra eru:

- Samskipti í starfi
- Nútíma stjórnunarhættir
- Áætlanagerð
- Hvatning og starfsánægja
- Mannauðsstjórnun
- Stjórnun breytinga

Námskeiðið er samtals **85 stundir** og skiptist í tvo hluta. Næstu námskeið hefjast **6. október** og **10. nóvember**.

Nánari upplýsingar og skráning hjá **Nýsköpunarmiðstöð Íslands** í síma **522 9000** og á vefsíðu okkar **www.nmi.is**.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Impra frumkvöðlar og sprotar

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hlífiskjöldur Moggans

Björn Bjarnason flytur erindi hjá Sagnfræðingafélaginu í hádeginu í dag. Erindið ber heitið Kalda stríðið – dómur sögunnar. Í útdrætti segir að Björn telji að á tíunda áratugnum hafi lítið farið fyrir umræðu um stöðu Íslands í kalda stríðinu, til dæmis hafi Morgunblaðið „ákveðið að hlífa þeim við uppgjöri, sem harðast vógu að blaðinu og heiðri þess á tímum kalda stríðsins". Það þarf svo sem ekki að koma á óvart þótt Björn meti áhrif kalda stríðsins fyrst og fremst út frá því hvaða skoðanir menn höfðu á ritstjórnarstefnu Morgunblaðsins, en ætli sagnfræðingar telji ekki flestir að kalda stríðið hafi snúist um eitthvað annað og meira?



### Skiptar skoðanir

Björn bætir við að síðan 2006 hafi hins verið líflegar umræður um hleranir lögreglu, sem hann reifar í erindi sínu. Að mati Björns hefur „ekkert komið fram til stuðnings ásökunum um ólögmætar aðgerðir yfirvalda" í þeim efnum. Því eru ekki allir sammála, til dæmis Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, sem fyrir tveimur árum talaði um „atlögu að lýðræðinu" og að full ástæða væri til að setja á fót rannsóknarnefnd sem kafaði ofan í kjölinn á þessu máli. Áhuginn á því virðist aftur á móti hafa koðnað niður eftir að Samfylkingin fór í ríkisstjórn. En þar til ráðist verður í slíka rannsókn er trauðla hægt að skera úr um hvort hefur rétt fyrir sér, Björn eða Ingibjörg.



### Kýrsæmandi aðbúnaður

Að gefnu tilefni hefur Landssamband kúabænda gefið út áréttingu um aðbúnað kúa: „Tryggja skal öllum gripum, nema graðnautum eldri en sex mánaða, 8 vikna útivist hið minnsta ár hvert."
Taki þeir það til sín sem í hlut eiga.

bergsteinn@frettabladid.is

# Fjötur eða frelsi

Ég man ekki hvort ég var tólf eða þrettán ára þegar ég kom einhverju sinni hlaupandi upp stigann heima á Langholtsveginum, reif upp hurðina, skellti henni á eftir mér og tjáði mig í miklum ham um ómerkilegheit einnar vinkonu minnar. Mér hefði þótt hún skemmtileg og fín stelpa,en nú hefði mér borist til eyrna hvernig hún talaði um mig. Ég hefði greinilega ekki haft á réttu að standa.



JÓNÍNA MICHAELSDÓTTIR
Í DAG | Skoðanafrelsi

Faðir minn stóð fyrir framan spegilinn í ganginum, nýkominn á fætur og var að laga bindishnútinn. Hann brosti með sjálfum sér og leit til mín með stríðnisglampa í auga. „Þú ert þó ekki að láta álit annarra á þér hafa áhrif á álit þitt á þeim!" sagði hann, eins og það væri svo fráleitt að mér gæti naumast verið alvara. Ef mér líkaði vel við þessa stúlku, þá væri það mín skoðun og ég ætti ekkert að sleppa henni. Það væri eins og að setjast í aftursætið í eigin lífi og láta öðrum eftir stýrið.

Þetta var ágætis lexía. Ef maður sækir sjálfstraust og sjálfsvirðingu í álit annarra en ekki í eigin rann, týnir maður smám saman sjálfum sér. Það er ekki út af engu sem námskeið um leiðir til að finna sjálfan sig eru fjölsótt.

**Eigin ábyrgð**

Ég hef átt þess kost að hlýða á vitra og stórmerkilega indverska konu, Dadi Janki, nokkrum sinnum. Hún er leiðtogi samtaka sem stofnuð voru árið 1936 og eru með fræðslumiðstöðvar um allan heim, þar á meðal á Íslandi. Þekkingin sem boðið er upp á þar nýtist fólki óháð kynstofni og trúarbrögðum. Í þessum samtökum, Brama Kumaris, eru bæði karlar og konur, en stjórnendur eru alls staðar konur. Hér á landi er það Sigrún Olsen. Með henni starfar eiginmaður hennar, Þórir Barðdal. Þau eru bæði listamenn en hafa fundið lífi sínu farveg á þessum vettvangi.

Dadi Janki er níutíu og tveggja ára gömul, en það er ekkert gamalt við þessa konu. Hún er glaðsinna og í orðum hennar og augum er æskuþróttur, raunsæi og viska. Einhverju sinni þegar hún var að ræða um ábyrgðina sem hver og einn ber á sjálfum sér, sagði hún meðal annars: „Við getum engu ráðið um hvað aðrir segja um okkur eða hvað þeir segja um okkur er rétt, en við ráðum alltaf hvort við tökum við því. Hvort sem það eru orð eða eitthvað annað."

Þetta minnti mig á vinkonu mína sem er kennari. Hún hitti fyrir nokkrum árum fullorðinn kennara sem hún kannaðist við frá grunnskólaárum sínum. Hún sagði að hann myndi eflaust ekkert eftir sér en hún hefði verið nemandi í skólanum hans.

„Jú, ég man vel eftir þér," sagði kennarinn með áherslu. „Þú varðst fyrir svo hrikalegu einelti að við vorum stundum miður okkar á kennarastofunni."

„Einelti? sagði vinkona mín forviða. „Ef ég hef orðið fyrir einelti, hef ég ekki tekið eftir því. Nú, eða ekki tekið það til mín. Þannig að þetta hafa verið óþarfa áhyggjur."

Þetta er umhugsunarefni. Einelti getur verið svo gróft og fórnarlambið svo viðkvæmt að það finnur enga undankomu. En bæði í barna- og unglingaskólum og á vinnustöðum þar sem einelti viðgengst, hafa þeir sem það beinist að þann kost að sýna áreitinu ekki þá virðingu að taka það alvarlega. Það er ekki fyrr en það gengur nærri þeim, þegar þeir taka við því sem að þeim er rétt, eins og Dadi segir, sem áreitið verður einelti. Þangað til á ósóminn heima hjá þeim sem ber hann í sér.

**Salt jarðar**

Skoðanafrelsi telst til sjálfsagðra mannréttinda, en skoðanir geta bæði verið fjötur og frelsi. Stundum villumst við á skoðunum og staðreyndum og íklæðumst þeim til frambúðar. Festumst inni í þeim. Þá verður það nánast að sáluhjálparatriði að skipta ekki um skoðun. Jónas Haralz hefur sagt frá því að kennari hans á háskólaárunum í Svíþjóð, virtur fræðimaður, hafi sagt eitthvað á þá leið að þeir sem skiptu um skoðun væru salt jarðar því að þeir hefðu hugsað málin til hlítar. Þessi maður hafði skipt um stjórnmálaskoðun oftar en einu sinni og sjálfur skipti Jónas bæði um skoðun á námsleið og stjórnmálum. Enda dylst engum sem sá hann í Silfri Egils nýverið að þar fer maður sem hefur hugsað málin til hlítar.

# Ný staða í Reykjavík

UMRÆÐAN
Guðni Ágústsson skrifar um borgarmál



GUÐNI ÁGÚSTSSON

Skylda stjórnmálamanna er að mynda starfhæfan meirihluta. Reykjavík hefur verið þekkt fyrir sterkt og samhent fólk við stjórn borgarinnar. Þróunin varð á annan veg þetta kjörtímabil. Fyrsta árið fór þó vel af stað undir forystu Björns Inga Hrafnssonar og Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar. Sá meirihluti sprakk og umrótinu fylgdi ógæfa og átök í borginni. En árangur þessa árs stóð, með frístundakortunum okkar, grænu skrefunum, eflingu almenningssamgangna og öðrum góðum verkefnum sem sett voru í framkvæmd.

Tjarnarkvartettinn tók við en í raun og veru ók hann aldrei úr hlaði. Einstaklingar innan hans voru uppteknir af naflaskoðun og umræðupólitík. Fljótt grúfði yfir honum óvissa um hvað Ólafur F. Magnússon myndi gera þegar hann kæmi aftur til starfa.

Í sumar var orðið ljóst að samstarfið milli Ólafs F. og sjálfstæðismanna var búið. Sú ákvörðun Óskars Bergssonar og framsóknarmanna að ganga til samstarfs við Sjálfstæðisflokkinn var til marks um að vitleysunni yrði að ljúka. Ég trúi því að Óskari Bergssyni sem hefur komið fram af virðingu, ró og festu og talað mannamál verði þakkað frumkvæði sitt og þeirri nýju stöðu sem nú er uppi í málefnum Reykjavíkur. Ég fann það vel á fundarferð minni um landið að fólk fagnaði og studdi Óskar og nýja meirihlutann.

Það er siður Vinstri grænna og Samfylkingar að brúka stóryrði. Ingibjörg Sólrún skaut sjálfa sig í fótinn að líkja borgarfulltrúum meirihlutans í Reykjavík við drauga og uppvakninga. Svona tala stjórnmálaforingjar ekki um myndarlegt og starfhæft fólk. Enginn eltist heldur við orðalag Vinstri grænna, það er grundvallað á persónulegum stóryrðum eftirstríðsáranna um menn og fordóma í garð flokka.

Ég veit að á ný verður Reykjavík stjórnað af festu og framsýni. Í raun er það Óskar og framsóknarmenn í Reykjavík sem stíga skref til að bjarga þjóðinni frá þeirri vansæmd að ekki sé starfhæf borgarstjórn. Það er mál okkar allra að ábyrgð og festa ríki í höfuðstaðnum. Óvissunni er lokið. Til hamingju með Óskar-inn, framsóknarmenn og höfuðborgarbúar.

*Höfundur er formaður Framsóknarflokksins.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* HELGAREFNI: Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* ALLT OG SÉRBLÖÐ: Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

DALE CARNEGIE-námskeið fyrir unglinga hefjast á næstunni og er skráning þegar hafin. Námskeiðin eru sögð henta unglingum sem vilja efla sjálfstraustið og ná árangri í lífinu. Allar nánari upplýsingar um námskeiðin, innihald og umsagnir er að finna á www.naestakynslod.is.



FRÉTTABLAÐIÐ
Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447

Flott í vetur...
Stinnari líkami á aðeins 4 vikum
Alhliða dömupakki
Slendertone belti + buxur + armar
þjálfar og stinnir allan líkamann
kr. 42.900.-
System belti fyrir kviðvöðva dömu / herra kr. 24.900.-
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

BORÐAÐU ÞIG HOLLARI!
Auðveldar þér að léttast
NÝTT MATARPRÓGRAM
Losaðu þig við 5 kíló á 5 vikum
Nýtt og yfirfarið matarprógram, sem hjálpar þér við að losa þig við aukakílóin.
Lærðu um það hvernig þú borðar fjölbreyttar máltíðir með hollum og góðum mat.
GARÐABÆ
REYKJAVÍK
REYKJANESBÆR
AKUREYRI
Léttist um 30 kíló á 30 vikum
Íslensku Vigtarráðgjafarnir
865-8407 vigtarradgjafarnir.is



Auður Ingibjörg sérhæfir sig í matreiðslu grænmetisfæðis en hún gerðist grænmetisæta fyrir fimmtán árum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Kornung og alltaf þreytt

**Auður Ingibjörg Konráðsdóttir gerðist grænmetisæta fyrir fimmtán árum þegar hún var við matreiðslunám. Þá var hún alltaf þreytt og lúin og sætti sig ekki við ástandið.**

„Ég tók eftir því að ég var alltaf svo þreytt, kornung manneskjan. Mér fannst þetta ekkert eðlilegt," rifjar Auður upp. Á þeim tíma stundaði hún nám í kokkafræðum og vann með strák sem alltaf var orkumikill og hress. Leyndarmálið bak við orkuna sagði hann vera grænmeti.

„Hann var grænmetisæta og ég ákvað að prófa og byrjaði á að sleppa kjöti tvo daga í viku. Þá varð ekki aftur snúið en líðanin gjörbreyttist. Síðan hef ég verið að þróa þetta og læra að hlusta á líkamann."

Auður segir fjölskylduna hafa tekið vel í breytingarnar hjá sér og borða þann mat sem hún eldar með bestu lyst. „Ég á heilan haug af systkinabörnum sem fá grænmetismat hjá mér. Þau eru forvitin að vita hvað ég er að gera og mjög dugleg að smakka og borða matinn."

Auður segir úrvalið af góðu hráefni vera gott á Íslandi og lítið mál að vera grænmetisæta. Hún hefur heilsuna í huga á hverjum degi og lifir eftir hvatningarorðum bandarískrar konu sem hún heyrði fyrir mörgum árum. „„Wellness has to happen every day." Þessi setning hefur hjálpað mér og hvatt mig áfram," segir Auður. „Ég veit ekki hvernig best er að þýða þetta svo það hitti eins í mark og það gerði hjá mér, en það er mitt markmið að gera eitthvað gott og uppbyggjandi fyrir sjálfa mig á hverjum degi, sama hversu annasamt lífið er. Ég syndi og geng mikið og það er alltaf hægt að plata mig í göngur, en ekki mikið upp í mót því ég er lofthrædd," segir Auður hlæjandi.

Hún hefur sérhæft sig í matreiðslu grænmetisrétta gegnum árin og stendur fyrir námskeiðum hjá Manni lifandi, jafnt í matreiðslu sem bakstri. Hún segist finna fyrir miklum áhuga Íslendinga á grænmetisfæði. „Ég hef samanburð bæði frá Bandaríkjunum og Svíþjóð og mér finnst Íslendingar bæði opnir og skynsamir hvað þetta varðar og hugsa um heilsuna."

Þeir sem áhuga hafa á námskeiðunum geta sett sig í samband við Mann lifandi.

*heida@frettabladid.is*

SEPTEMBER
Kafbátur mánaðarins
Skinkubátur
...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða
6 tommu bátur
329 kr.
Gildir í september 2008
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjörnumáli
Vertu skynsamur, vertu hjartagóður.
7 kafbátar með 6 grömm af fitu eða minna
HjartaHeill
SUBWAY

**HELGARNÁMSKEIÐ Í LÍFSFÆRNI** verður haldið í Rope Yoga-setrinu 3. til 5. október. Guðni Gunnarsson, hönnuður rope yoga-kerfisins, stendur fyrir því. Hægt er að afla sér nánari upplýsinga um námskeiðið á vefsíðunni www.ropayogasetrid.is.



;ALLT FERÐIR

Miðvikudaga og laugardaga

# Spítalinn settur á gult stig

**Hópslysaæfing verður sett á svið næsta laugardag þegar hópslysahluti nýrrar viðbragðsáætlunar Landspítalans verður prófaður í fyrsta sinn. Áætlunin er sú umfangsmesta af þessu tagi sem framkvæmd hefur verið hérlendis.**



Bára segir að lögreglan í Reykjavík, nemendur við Lögregluskóla ríkisins, Rauði krossinn, slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, Slysavarnarfélagið Landsbjörg og aðgerðastjórn höfuðborgarsvæðisins muni leggja sitt af mörkum á æfingunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Á laugardag verður 45 manna rútuslys sviðsett í Ártúnsbrekkunni. Ætlunin er að prófa í fyrsta sinn nýja viðbragðsáætlun Landspítalans (LSH). Ekki verður æft á vettvangi heldur undirbúa sjúklingar sig á slökkvistöðinni í Skógarhlíð og verða sendir þaðan á bráðamóttökur. Slysið verður það umfangsmikið að það mun fara langt fram úr daglegri getu spítalans.

„Starfsemi spítalans fer á svokallað gult stig, sem þýðir að við köllum inn mikinn mannskap og allt verður virkjað á spítalanum. Markmiðið er að sjá hversu mörgum sjúklingum við getum tekið á móti og hvernig flæðið innan LSH gengur ef til stórslyss kæmi. Fjarskipti og aðrir mikilvægir verkþættir í hópslysaviðbúnaði spítalans verða skoðaðir sérstaklega,“ segir Bára Benediktsdóttir, hjúkrunarfræðingur á slysa- og bráðasviði LSH og verkefnastjóri þessa verkefnis.

Nýja viðbragðsáætlunin sem gerð hefur verið fyrir LSH var samþykkt í desember í fyrra. Spítalinn mun fylgja áætluninni eftir ef til hópslysa kemur, en hún nær einnig til eitrunar, farsótta, geislavár og rýmingar. Að sögn Báru hefur eins viðamikil viðbragðsáætlun aldrei áður verið prófuð hérlendis.

„Hópslysaáætlunin hefur alltaf verið til en hún ein dugir ekki lengur til. Heimurinn hefur breyst í kjölfar aukinna hryðjuverka og því þarf að hugsa hlutina í víðara samhengi,“ segir hún og vísar þar til eldri áætlunar sem nær aðeins til hópslysa, en spítalinn æfði síðast stórslys með Flugmálastjórn á Reykjavíkurflugvelli árið 2004. „Ýmislegt kom í ljós sem við gátum lært af og upp úr því var farið að skrifa viðameiri áætlun sem nú á að prufukeyra.“ Síðar verða haldnar æfingar á þeim fjórum þáttum áætlunarinnar sem eftir eru en ekki hefur verið ákveðið hvenær þær verða haldnar.

Bára segir yfirmenn hverrar deildar ætla að setjast niður með sínu starfsfólki eftir æfinguna til að fara yfir hvernig flæðið gekk og hvar deildin standi með tilliti til úrbóta. Áætlunin verður svo betrumbætt og farið eftir niðurstöðum frá æfingunni. „Við höfum aldrei þurft að setja spítalann á gult stig en verðum að undirbúa okkur undir það. Stærsti varaflugvöllur í Norður-Atlantshafi er hér á landi og rútur geta nú tekið 60 til 80 farþega, svo slys af þessari stærðargráðu gætu gerst,“ segir hún og bætir við að svona æfingar séu nauðsynlegar svo spítalinn geti tekist á við áföll af þessu tagi. *klara@frettabladid.is*

**Næstu fyrirlestrar og námskeið**

Heilsuvöru-markaður

Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17

maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
www.madurlifandi.is

**16. sept. Góð heilsa er auðveldari en þú heldur**
*Matti Ósvald heilsuráðgjafi*
**17. sept. Heilbrigði og hamingja**
*Benedikta Jónsdóttir heilsuráðgjafi*
**18. sept. Heilsukostur - Matreiðslunámskeið**
*Auður I. Konráðsdóttir heilsukokkur*
**23. sept. Sætuefnið Aspartam - Er Diet kók betra en venjulegt kók?**
*Haraldur Magnússon osteópati*
**25. sept. Kökur og eftirréttir**
*Auður I. Konráðsdóttir heilsukokkur*
**07. okt. Mataræði fyrr og nú - Næring í víðari skilningi**
*Haraldur Magnússon osteópati*

KVÖLDSKÓLI KÓPAVOGS

**NÁMSKEIÐ Á HAUSTÖNN 2008**

**Tungumál**
10 vikna námskeið
20 kennslustundir
Áhersla á talmál
Kennt er í byrjenda - framhalds – og talæfingaflokkum

ENSKA
DANSKA
NORSKA
SÆNSKA
FRANSKA
ÍTALSKA
SPÆNSKA

**Verklegar greinar**
Glerbrennsla
Skrautritun
Trésmíði
Útskurður

**Saumanámskeið**
Að endursauma föt og hanna að nýju
Crazy quilt
Skrautsaumur
*Baldering*
*Skattering*
Þjóðbúningur - *saumaður*

**Tölvunámskeið**
Fingrasetning
Tölvugrunnur
Tölvugrunnur II
Word
*Ritvinnsla*

**Garðyrkjunámskeið**
Garðurinn allt árið

**Matreiðslunámskeið**
Gómsætir bauna – pasta – og grænmetisréttir
Gómsætir hollir suðrænir réttir frá Miðjarðarhafslöndunum
Hráfæði
Matarmiklar súpur og heimabakað brauð
Matargerð fyrir karlmenn I
*Grunnnámskeið*
Matargerð fyrir karlmenn II
*Framhaldsnámskeið*
Bökur
*Friðubökur*

**Förðunarnámskeið**
Förðunarnámskeið
*Að farða sig og aðra*

**Innritun í síma 564 1507**
*á vef skólans http:// kvoldskoli.kopavogur.is eða*
*á skrifstofu Kvöldskólans í Snælandsskóla*
*Nánari upplýsingar eru einnig á vefsíðu skólans*
*Vefsíða:http:// kvoldskoli.kopavogur.is*
*Netfang: kvoldskoli@kopavogur.is*

**Tónlistarskóli Gunnars Waage**

**Tónlistarskóli Gunnars Waage hefur flutt inn í glæsilegt húsnæði við Dugguvog 23, 104 Reykjavík.**

**Innritun stendur yfir fyrir gítar, bassa og trommunámskeið sem hefjast 18. september fyrir byrjendur á öllum aldri og lengra komna**

**Sími: 865 5890**

Grafísk miðlun ehf./Ómar







*Gítardeild*
*Bassadeild*
*Trommusettsdeild*
*Live Playing Workshop*

Frístundakortið



trommuskolinn.is

Tónlistarskóli Gunnars Waage



**GRIKKLAND** til forna, grísk, rómversk og norræn goðafræði og tengsl goðanna við nútímann og menninguna er á meðal þess sem verður skoðað á námskeiðinu Goðafræði. Þorsteinn Eggertsson rithöfundur heldur utan um námskeiðið. Nánari upplýsingar á heimasíðu Námsflokka Hafnarfjarðar, www.nhms.is.



# Námskeið í Feng Shui

Hjá Námstækni ehf. er boðið upp á námskeið í Diamond Feng Shui auk einkaráðgjafar fyrir einstaklinga, heimili og fyrirtæki í Gerðubergi 16. til 18. september. Heimilið verður tekið fyrir svo semanddyri, gangur, speglar og tiltekt, hreinsanir, staðsetningu, myndefni, bækur og sjónvarp. Taka skal með mynd af anddyri, grunnteikningu af íbúðinni og áttavita. Nánari upplýsingar og skráning á fengshui@fengshui.is.



Feng Shui í svefnherbergið. NORDICPHOTOS/GETTY



Menntaskólinn við Hamrahlíð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Stúdentar á öllum aldri

**Þeim sem ekki hafa lokið stúdentsprófi eru ýmsar leiðir færar.**

Í öldungadeild Menntaskólans við Hamrahlíð er hægt að stunda nám til stúdentsprófs á þremur bóknámsbrautum, félagsfræði-, málaog náttúrufræðibraut. Þá eru í boði framhaldsleiðir starfsnáms og listnáms. Þar geta nemendur sem hafa lokið starfs- eða listnámi í framhaldsskóla bætt við bóklegum einingum svo námið í heild myndi stúdentspróf. Prófið veitir ekki jafn greiðan aðgang að háskólanámi og stúdentspróf af hefðbundnum bóknámsbrautum. *- ve*



„Smátt og smátt opnast stærri og stærri glufur og það er afskaplega gaman," segir Jason um taílenskunámið. FRÉTTABLAÐIÐ/GUN

# Taílenska er torf

**Þó að Jason Steinþórsson sé uppalinn í Flóanum heldur hann sig ekki á láglendinu þegar kemur lærdómi, heldur klífur hæstu tinda.**

Taílenska ritmálið er flókið. Táknin mýmörg og hvert og eitt eins og lítið listaverk. Sum orð er byrjað að lesa inni í miðju, síðan farið í fremsta tákn og áfram allt í graut. Jason Steinþórsson lætur það þó ekki hindra sig í að læra tungumálið við höfuðháskóla Taílendinga, Chulalongkorn í Bangkok, þann sama og taílenska prinsessan sækir. „Ég leyni því ekki að þetta er streð því ég er ekkert undrabarn," segir Jason góðlátlega. „En smátt og smátt opnast stærri og stærri glufur og það er afskaplega gaman. Ég er eiginlega rekinn áfram af forvitni."

Jason ólst upp á Stokkseyri, lærði prentun og starfaði við hana um tíma. Fór síðan í iðnrekstrarfræði en flutti til Taílands fyrr á árinu. Á Starbucks-kaffihúsi í Bangkok er hann spurður hvernig standi á taílenskuáhuganum.

„Við Hrönn Sturlaugsdóttir, kona mín, höfum oft komið hingað áður. Ferðuðumst fyrst saman til Austurlanda 1986, meðal annars Taílands, og fundum að hér er yndislegt fólk, góður matur og



Sýnishorn af taílenskum táknum.

gott veður. Árið 1989 vorum við heilt ár á ferðalagi á þessum slóðum með dóttur okkar fimm ára. Þá vaknaði draumur um að mennta sig hér áður en við yrðum of gömul. Hrönn er bókmenntafræðingur í mastersnámi í taílenskri þjóðfræði og ég ákvað að hella mér í taílenskuna. Hef alltaf gripið upp eitthvað á ferðum mínum, byrjaði hægt og rólega að lesa skiltin á götunum og verð í þessu næstu árin. Þetta er skemmtilegt en mikil vinna því taílenskan er torf."

Jason er yfir sig ánægður í Taílandi og býr „eiginlega í 101 Bangkok", eins og hann orðar það. „Svo er spennandi að kynnast borginni, ferðast um Taíland og til nágrannaríkjanna. Hér er hægt að gera allt."

*gun@frettabladid.is*




# Spennandi námskeið í september

## Viltu smíða rafmagnsgítar?

Á námskeiðinu verður rafmagnsgítar smíðaður frá grunni. Nemendur geta valið að smíða Telecaster eða Stratocaster. Allt tréefni innifalið. Fyrirlesarar og tónlistarmenn koma í heimsókn.

**Tími:** 18. sept. – 25. nóv. Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 17:00 - 22:00, alls 100 klukkustundir.

**Námskeiðsgjald:** 140.000 kr.

## Útskurður

Kennd eru grunnatriði við útskurð í tré, kynnt efni og áhöld. Kennd beiting útskurðarjárna og viðhald bits í þeim. Farið í mikilvægi teikningar og þátttakendum kennt að færa munstur af teikningu yfir á tré. Námskeiðið gefur tvær einingar.

**Tími:** 25. sept. – 27. nóv., fimmtudagar frá kl. 18:00 – 20:00, alls 30 kennslustundir.

**Námskeiðsgjald:** 29.000 kr.

## Silfursmíði fyrir byrjendur I

Þátttakendur smíða einfalda skartgripi, hringa, hálsmen eyrnalokka og/eða nælur. Boðið verður upp á tvo hópa, níu þátttakendur í hvorum. Námsefni frá kennara.

**Tími:** 22. sept. – 29. okt. frá kl. 18:00 til 21:40 á mánudags- og þriðjudagskvöldum, alls 40 kennslustundir.

**Námskeiðsgjald:** 33.000 kr.

## Er þrívíddarvinnsla eitthvað fyrir þig?

Markmið þessa námskeiðs er að kynna fyrir þátttakendum möguleika þrívíddarforrita í mynd- og videovinnslu og að benda á nokkrar einfaldar leiðir til þess að búa til skemmtilegar hreyfimyndir.

**Tími:** 30. sept. – 14. okt. Kennt verður á þriðjudags- og fimmtudagskvöldum kl. 18:00 – 21:00, alls 22 kennslustundir.

**Námskeiðsgjald:** 23.000 kr.

## Smáskipanámskeið (12 metrar)

Smáskipanám kemur í stað þess sem áður var nefnt 30rl réttindanám (pungapróf) og miðast atvinnuskírteinin nú við lengd skipa í stað brúttórúmlestatölu áður.

Á námskeiðinu verða kennd bókleg atriði sem krafist er samkvæmt reglugerð: Siglingafræði og samlíkir, siglingareglur og vélfræði, siglinga- og fiskileitartæki, sjóhæfni, veðurfræði og öryggismál. Að hluta kennt í samlíkjum. Þeir sem ljúka smáskipaprófi geta tekið verklegt próf og öðlast þar með einnig skemmtibátaréttindi á 24 metra skemmtibáta (ICC).

**Tími:** 22. sept. - 7. nóv., 105 kennslustundir.

**Námskeiðsgjald:** 105.000 kr.

## GPS staðsetningartæki og rötun

Almennt námskeið fyrir byrjendur og þá sem vilja upprifjun í notkun á staðsetningartækjum. Farið er yfir notkun á staðsetningartækjum og þátttakendur æfa sig í að finna punkta og setja inn í tækin og merkja út á korti. Þátttakendur hafa með sér eigin GPS tæki. Námskeiðið er tvö kvöld inni og ein útiæfing.

**Tími:** 30. sept. og 2. okt. kl. 19:30 – 22:30. Útiæfing verður laugardaginn 4. okt. (1 - 2 klst).

**Námskeiðsgjald:** 12.500 kr.

Upplýsingar og skráning á námskeiðin eru á **www.tskoli.is**, í síma **514 9000** eða á **ave@tskoli.is**.

Endurmenntunarskólinn
Tækniskólinn

zetor

www.tskoli.is

# Mænan er ráðgáta

ÞRIÐJUDAGUR 16. SEPTEMBER 2008



Mænuskaðastofnun Íslands

STOÐIR

LEIÐARI STJÓRNARFORMANNS MÆNUSKAÐASTOFNUNAR

# Alþjóðlegt átak til vitundarvakningar

Frá því að dóttir mín slasaðist hörmulega í bílslysi fyrir 19 árum og hlaut meðal annars lömun frá mitti hef ég lært að vísindasvið mænuskaðans þarfnast verulegrar hjálpar. Síðan þá hefur það verið hugsjón mín að sjá íslensku þjóðina gera mannkyninu þann ómetanlega greiða að hrinda af stað alþjóðlegu átaki til vitundarvakningar á alvarleika mænuskaðans og til lækningar hans.

Til að ýta hugsjón minni úr vör hef ég haft frumkvæði, fyrir Íslands hönd, að ýmsu sem nýtist málstaðnum. Má þar nefna alþjóðlegt þing með brautryðjendum í meðferð og lækningu á mænuskaða sem haldið var hérlendis. Þá hefur upplýsingabanki á fimm tungumálum um nýjungar í meðferð við mænuskaða verið stofnsettur. Þá hef ég framleitt sjónvarpsmyndina „Hvert örstutt spor" sem þýdd hefur verið á fjölmörg tungumál og sýnd víða um heim. Á síðasta ári beitti ég mér fyrir stofnun Mænuskaðastofnunar Íslands en markmið hennar er að hrinda af stað alþjóðlegu átaki til vitundarvakningar á mænuskaða og lækningar á honum undir merkjum íslensku þjóðarinnar.



Auður Guðjónsdóttir.

MYND/JÖKULL JÓHANNSSON

Ég hef fundið fyrir mikilli hlýju og virðingu í verkum mínum frá Íslendingum og mér er óhætt að fullyrða að engu framangreindu hefði verið ýtt úr vör nema vegna þess stuðnings sem ég hef notið frá íslenskum einstaklingum, fyrirtækjum, félagasamtökum og stjórnvöldum. Mænuskaðastofnun Íslands er því eign íslensku þjóðarinnar og tákn fyrir móðurást allra þeirra íslensku kvenna sem klífa ókleif fjöll, sjúkum börnum sínum til framdráttar.

Og enn legg ég á brattann. Hinn 19. september næstkomandi mun Mænuskaðastofnun Íslands efna til fjáröflunar. Það fé sem safnast verður notað til rannsókna og tilraunameðferða á mænuskaða. Svo að vel megi til takast þá heiti ég á Íslendinga að leggjast á sveif með mér og marka með því spor sem geta haft djúp áhrif í tímans rás. Í staðinn get ég aðeins lofað að standa vörð um hugsjón mína og bregðast ekki því trausti sem þjóðin sýnir mér.

*Auður Guðjónsdóttir,*
*hjúkrunarfræðingur og formaður stjórnar Mænuskaðastofnunnar Íslands.*

STOÐIR

## Aðalstyrktaraðili Mænuskaðastofnunar Íslands

Stoðir eru einn af stofnaðilum Mænuskaðastofnunar Íslands og aðalstyrktaraðili og bakhjarl landssöfnunarinnar. Stoðir hefur frá stofnun Mænuskaðastofnunarinnar verið styrkasta stoð hennar.

Mænuskaðastofnun Íslands er sjálfseignarstofnun með sérstaka stjórn. Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Hún er ekki háð neinum öðrum lögaðilum.

Stofnendur Mænuskaðastofnunar Íslands eru:
- Auður Guðjónsdóttir og Hrafnhildur G. Thoroddsen.
- Exista
- Stoðir
- Heilbrigðisráðuneyti
- Seltjarnarnesbær

Framkvæmdastjóri er Claudia Vennemann.



**Útgefandi:** Mænuskaðastofnun Íslands | **Heimilisfang:** Dalvegi 16a, 201 Kópavogi | **Vefsíða:** www.isci.is | **Ritstjóri:** Hrefna Sigurjónsdóttir | **Forsíðumynd:** Jökull Jóhannsson tók mynd af Auði Guðjónsdóttur og Hrafnhildi Guðfinnu Thoroddsen | **Auglýsingar:** Fréttablaðið/Bjarni Þór Sigurðsson Sími: 512 5471



**Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra skorar á Íslendinga að leggja málstað mænuskaddaðra lið.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Styðjum þau – þau eiga stuðninginn skilinn

Auður Guðjónsdóttir hjúkrunarfræðingur er vel þekkt meðal allra Íslendinga og raunar er Auður þekkt víða um lönd. Vísindaheimurinn veit af henni og forsvarsmenn Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar í Genf þekkja hana. Hún er þekkt fyrir þrotlausa baráttu sína í þágu þeirra sem eru mænuskaddaðir. Ekki bara hér á landi, barátta Auðar í þessum efnum á sér ekki landamæri.

Hún barðist fyrst fyrir að gagnabanka um mænuskaða yrði komið upp og í desember síðastliðnum átti ég þess kost að undirrita samning við Auði Guðjónsdóttur um Mænuskaðastofnun Íslands og söfnun og úrvinnslu upplýsinga um hugsanlega meðferð við mænuskaða. Heilbrigðisráðuneytið greiðir rekstrarkostnað gagnabankans, en ráðuneytið og Minningarsjóður Margrétar Björgólfsdóttur hafa í sameiningu greitt kostnað við þýðingar á upplýsingunum.

Gagnabankinn um mænuskaða var formlega tekinn í notkun á árinu 2005 og er ætlað að vera alþjóðleg upplýsingabrú um nýjungar í meðferð við mænuskaða og hefur hann vaxið umtalsvert frá því hann tók til starfa. Dr. Laurance Johnston er yfirmaður gagnabankans og sér um að sannreyna allar upplýsingar bankans áður en þær verða hluti af honum.

Læknar, vísindamenn og mænuskaddaðir frá 169 löndum hafa aflað sér upplýsinga úr gagnabanka um mænuskaða frá því hann var tekinn í notkun 2005. Upplýsingarnar í gagnabankanum eru á ensku, spænsku, arabísku og kínversku.

Um fjórar milljónir manna víðs vegar um heim eru mænuskaddaðir vegna slysa auk þeirra sem glíma dag hvern við skaða á mænu vegna sjúkdóma á borð við MS og krabbamein. Með framförum í læknavísindum komast fleiri lifandi frá stórslysum en þar með fjölgar þeim sem fara aftur út í lífið skaddaðir á mænu.

Á undanförnum áratugum hafa tveir til þrír orðið fyrir mænuskaða á Íslandi árlega, en flestir sem skaddast á mænu eru ungt fólk sem slasast til dæmis í umferðarslysum og í íþróttaslysum, fyrir utan þá sem slasast í styrjaldarátökum. Fyrirvaralaust er þessu unga fólki kippt út úr daglega lífi sínu og dæmt til þess að sitja fast í hjólastól það sem eftir er lífsins. Það er því afar mikilvægt að finna leiðir til að þetta unga fólk geti fengið bata og endurheimt sess sinn í samfélaginu.

Auður Guðjónsdóttir hefur af ótrúlegum krafti barist fyrir málstað mænuskaddaðra. Heilbrigðisyfirvöld hafa stutt dyggilega við baráttu hennar og nú er komið að okkur, hverju og einu. Það er komið að fyrirtækjum og það er komið að einstaklingum.

Ég skora á Íslendinga að leggja málstaðnum lið.

*Guðlaugur Þór Þórðarson*
*heilbrigðisráðherra*

# Getum breytt heiminum

Ég styð heilshugar baráttu Mænuskaðastofnunar Íslands fyrir auknum rannsóknum á sviði mænuskaða. Árið 1989 var ég þátttakandi í Áhugahópi um bætta umferðarmenningu sem stóð fyrir fjáröflunardagskrá á Stöð tvö undir kjörorðunum „Skemmtun gegn skelfingu". Þar söfnuðum við miklu fjármagni til byggingar húsnæðis Samtaka endurhæfðra mænuskaddaðra.

Í þeirri ánægjulegu vinnu kynntist ég mörgum mænusködduðum einstaklingum sem sýndu mikið æðruleysi og dugnað og létu ekki bugast, þrátt fyrir alvarlega fötlun. Þá áttaði ég mig á hvað ég og allir aðrir ófatlaðir erum lánsöm því það er ekki sjálfsagður hlutur að komast áfallalaust í gegnum lífið. Við alþingismenn verðum að hætta öllu orðagjálfri á tyllidögum um málefni fatlaðra og fara að láta verkin tala.



**Kolbrún Halldórsdóttir alþingismaður ætlar ekki að láta sitt eftir liggja í söfnun Mænuskaðastofnunar Íslands.** FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Fatlaðir hafa gefið tóninn með baráttu sinni fyrir mannréttindum og jafnrétti á öllum sviðum og nú er komið að okkur að fylgja því eftir – ekki bara í orði heldur líka í verki. Ég ætla að styðja Mænuskaðastofnun Íslands og um leið baráttu allra mænuskaddaðra til betra lífs. Ég hvet almenning líka til að leggja sitt af mörkum til að draumur þeirra geti ræst um betra líf.

*Kolbrún Halldórsdóttir*
*alþingismaður.*


Auður Guðjónsdóttir,
hjúkrunarfræðingur og stofnandi
Mænuskaðastofnunar Íslands
STOÐIR STYRKJA MÆNUSKAÐASTOFNUN ÍSLANDS
Árið 2007 var Mænuskaðastofnun Íslands stofnuð fyrir tilstuðlan Auðar Guðjónsdóttur með það að markmiði að vekja athygli á mænuskaða og hvetja til fjölbreyttari meðferðarúrræða.
Frá stofnun hafa Stoðir (áður FL Group) verið öflugur stuðningsaðili Mænuskaðastofnunar. Frumkvæði Auðar og hetjuleg barátta vakti aðdáun okkar og var hvatinn að stuðningi okkar.
Stoðir standa straum af öllum kostnaði við landssöfnun Mænuskaðastofnunar. Þannig mun allt söfnunarféð renna beint í málstaðinn.
Við hvetjum alla til að leggja þessum verðuga málstað lið!
STOÐIR

# Mænuskaddaðir berjast við umferðarslysin

Á undanförnum þrjátíu árum hef ég fylgst náið með baráttu mænuskaddaðra á Íslandi. Í fyrra starfi mínu sem lögreglumaður var algengt að lögreglan væri fengin til að flytja fólk í hjólastólum á milli staða og kynntist ég þá fjölda einstaklinga sem flestir höfðu slasast í umferðarslysum. Síðar átti ég eftir að eiga meiri samskipti við mænuskaddaða en fjöldi ungmenna hefur lagt forvarnastarfi félagsins lið með því að koma fram á umferðarfundum félagsins og lýsa þar lífsreynslu sinni í forvarnaskyni.



Ragnheiður Davíðsdóttir, forvarnarfulltrúi VÍS, ætlar að styðja Mænuskaðasamtök Íslands á föstudaginn.
MYND/HREINN HREINSSON

Á áhrifaríkan hátt hafa þau lýst afleiðingum slyssins og lífsbaráttunni í hjólastól og þannig án efa komið í veg fyrir mörg umferðarslysin. Þessi fötluðu ungmenni hafa öll talað um að það að setjast í hjólastól sé ekki þungbærast við fötlunina – heldur miklu frekar þær aukaverkanir sem lömunin hefur í för með sér. Enginn þeirra sættir sig við að vera mænuskaddaður til lífstíðar og öll eygja þau von um að lækning finnist við mænuskaða. Þau hafa sætt sig við aðstæður sínar og hafa með ánægju skýrt hreinskilnislega frá slysinu og afleiðingum þess í þeirri von að það hafi áhrif á aðra.

Það var ógleymanleg lífsreynsla að ganga með hjúkrunarfræðingum í göngu gegn slysum þar sem mænuskaddaðir fjölmenntu til þess að vekja athygli á afleiðingum umferðarslysa. Ég ætla að styðja Mænuskaðasamtök Íslands til þess að draumurinn verði að veruleika og hvet alla sem eru aflögufærir til að gera slíkt hið sama á föstudaginn. Mænan er vissulega ráðgáta – en við getum leyst þá ráðgátu með sameiginlegu átaki.

*Ragnheiður Davíðsdóttir, forvarnafulltrúi VÍS*

## Markmið MÍ

Markmið Mænuskaðastofnunar Íslands er að stuðla að því með öllum tiltækum ráðum að lækning á mænuskaða verði að veruleika. Stofnunin mun í því skyni afla fé innanlands og utan sem notað skal til eftirfarandi.

1. Vekja athygli á mænuskaða á alþjóðavettvangi.
2. Veita styrki til lækna,vísindamanna og annarra sem vinna að framförum á sviðinu.
3. Veita viðurkenningar fyrir framsýni og framúrskarandi störf.
4. Vinna að því að mótuð verði lækningastefna fyrir fólk sem skaðast á mænu.



Við mat á styrkjum og styrkbeiðnum mun leitað til viðurkenndra lækna og vísindamanna.

Kennitala Mænuskaðastofnunar Íslands er: 411007-1030.
Styrktarreikningur: 0311-26-81030.



Páll Ingvarsson, sérfræðingur í taugasjúkdómum, er bjartsýnn á að lækning við mænuskaða muni finnast. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Allt er mögulegt

**Allir þeir sem skaddast á mænu eiga viðkomu á Grensásdeildinni. Páll Ingvarsson, sérfræðingur í taugasjúkdómum, hefur mikla reynslu af meðferð mænuskaddaðra. Hann segir ekki spurningu um hvort lækning finnist á mænuskaða heldur hvenær.**

„Claes Hultling, yfirlæknir á göngudeild fyrir mænuskaddaða í Stokkhólmi, sem jafnframt er sjálfur mænuskaddaður, er sannfærður um að lækning muni finnast á næstu fimm til 150 árum," segir Páll í stuttu spjalli við skyldustörf á vinnustað sínum.

„Mænan er flókinn tengiliður sem mætti líkja við Þjóðveg eitt sem vinnur úr flóknum boðum frá stjórnstöð líkamans, heilanum, og miðlar þeim áfram, með viðkvæmum taugafrumum sem reynslan hefur sýnt að endurnýja sig ekki," segir hann og útskýrir að í dýratilraunum hafi við sérstakar aðstæður tekist að fá fram takmarkaða endurtengingu fram hjá sundurskorinni mænu, en þar sé tvennu ólíku saman að jafna. „Sundurtætt mæna í manneskju er annað en snyrtilega skorin mæna í dýratilraun. Það er því langt í land að endanlegt svar fáist við því hvernig lækna skuli mænuskaða. Meðferð mænuskaddaðra í dag felst í því að endurhæfa manneskjuna til sjálfsbjargar, forðast eða lágmarka skaðleg áhrif fylgikvilla, en þjálfa og nýta betur það sem er heilt eftir skaðann. Fyrir hálfri öld voru aðeins 2-3 prósent mænuskaddaðra enn á lífi tveimur árum eftir slys en nú eru lífslíkur þeirra nánast þær sömu og hjá þjóðinni í heild, þótt auðvitað sé það einstaklingsbundið."

Á Grensásdeildinni starfa læknar, hjúkrunarfræðingar, sjúkraþjálfarar, iðjuþjálfar og aðrir fagmenn í sérstöku teymi sem heldur utan um hinn mænuskaddaða og tekur á öllum þörfum hans – bæði andlegum, líkamlegum og félagslegum þáttum. „Það er stefna okkar að fylgja skjólstæðingnum eftir frá slysi til æviloka," segir Páll.

Nokkrir einstaklingar með skerta handarfærni vegna hálsmænuskaða hafa gengist undir skurðaðgerðir á höndum til þess að auka færni þeirra til að nota hendurnar. Nú hafa sex Íslendingar farið í slíkar aðgerðir sem felast í því að tengja virka vöðva við sinafestingar lamaðra vöðva með sinaflutningum og ná aftur hreyfigetu í hina lömuðu handarvöðva. Páll segir að þar að auki hafi tólf einstaklingum með hámænuskaða verið boðið að fara í slíka aðgerð. „Við köllum þetta færnisbætandi handaraðgerðir," útskýrir hann og talar um að einn þeirra sem fékk aukna færni í hendur með þessum hætti hafi hringt til sín nokkru eftir aðgerð og kvartað undan verkjum. „Þegar ég spurði hvað hann hefði verið að gera sagðist hann bara hafa olíuborið garðhúsgögnin, skrapað gluggana og málað bílskúrshurðina á húsinu sínu," segir læknirinn hlæjandi en bætir við að þessi vinna hafi verið framkvæmd á löngum tíma. „Þetta sýnir berlega hvað menn eru færir um að gera eftir svona aðgerðir."

Páll talar einnig um aðgerðir sem miða að því að koma rafskautum fyrir í þind þeirra sem eru með það mikinn skaða að þeir geta ekki andað án öndunarvélar. „Með litlili kviðsjáraðgerð eru rafskaut fest í þindina frá kviðarholi. Rafskautin eru síðan tengd við lítinn tölvuforritaðan straumgjafa sem veldur öndun með þindarsamdrætti. Það eykur frelsi þessara einstaklinga mjög og lífsgæði í leiðinni."

Aðspurður hvort ekki sé erfitt að takast á við svona alvarlega fötlun með ungu fólki sem er í meirihluta þeirra sem skaddast á mænu svarar Páll: „Það tekur auðvitað oft á mann en það fyrsta sem ég segi einstaklingnum er sú staðreynd að hann getur gert nánast allt sem hann gerði áður, bara með öðrum hætti. Það er að vísu erfitt að vera togarasjómaður, en allt er mögulegt. Ég veit til dæmis um tvo mænuskaddaða bændur. Innan tíðar sjáum við líka skipstjóra í hjólastól," segir Páll Ingvarsson að lokum.


**Mænan er ráðgáta**
– hjálpumst að við að leysa hana

Taktu þátt í landssöfnun sem miðar að því að lækning finnist við mænuskaða. Það gefur fjölda fólks um heim allan von um að ganga á ný.

Hringdu núna: Síminn

904 1000 | 904 3000 | 904 5000

og þú gefur 1.000 kr. | og þú gefur 3.000 kr. | og þú gefur 5.000 kr.



Mænuskaðastofnun Íslands

STOÐIR bakhjarl landssöfnunarinnar


Brothætt
Styðjum Mænuskaðastofnun Íslands
– látum drauminn rætast
VÍS
Þar sem tryggingar snúast um fólk
Vátryggingafélag Íslands Ármúla 3 108 Reykjavík Sími 560 5000 vis.is

# Ég ætla mér á fætur

Arna Sigríður Albertsdóttir mun örugglega aldrei gleyma dagsetningunni 30. desember árið 2006. Sá dagur markaði upphafið að nýju tímabili í lífi Örnu en þann dag skaddaðist hún á mænu þegar hún lenti í skíðaslysi í Noregi. Hún er komin á ról á ný, tekin til við menntaskólanámið og ætlar sér að standa í fæturna á ný.

„Það voru allir mjög alvarlegir á svipinn þegar slysið varð og því áttaði ég mig fljótt á því að áverkar mínir væru alvarlegir," segir hún og talar um að hún hafi ekkert fundið fyrir fótunum á slysstað. Hún segist þó ekki hafa vitað að um mænuskaða væri að ræða en sú vitneskja hefði komið smátt og smátt.

„Ég minnist þess ekki að mér hafi veri sagt það formlega að ég væri lömuð en fékk fljótlega að vita að skaðinn væri það mikill að erfitt yrði að fá máttinn á ný. Ég var þó fegin að geta notað hendurnar en margir skaddast mun meira en ég á mænu og hafa ekki sömu möguleika og ég á að bjarga sér sjálfir. Það kom ákveðið vonleysi yfir mig þegar ég fann hvað ég var vanmáttug og hvað þessi skaði er víðtækur."

Arna talar einnig um að það hafi verið erfitt að sætta sig við að geta ekki stundað íþróttir á sama hátt og áður og að geta ekki komist á skíði. Hún segist einnig hafa dregist aftur úr í námi auk þess sem slysið hafi haft mikil áhrif á alla fjölskylduna, sem varð að flytja í húsnæði á einni hæð og gera ýmsar ráðstafanir til að auðvelda henni lífið.

„Ég er ekki nema átján ára og er sannfærð um að lækning á mænuskaða muni finnast fljótlega. Ég hef fylgst með baráttu Auðar Guðjónsdóttur og bind miklar vonir við þær rannsóknir sem vonandi verða gerðar þegar gagnabanki Mænuskaðastofnunar Íslands fer að virka. Mér finnst mænuskaddaðir hafa verið svolítið afskrifaðir í gegnum tíðina – rétt eins og lömun væri eitthvað endalegt og ólæknanlegt. Ég trúi ekki að svo sé og lifi mínu lífi ekki sem lömuð til lífstíðar," segir Arna og bætir við: „Ég er mjög spennt fyrir þessu fjáröflunarátaki Mænuskaðastofnunar Íslands og hvet alla til að leggja málefninu lið."



Arna Sigríður segir að allir hafi verið mjög alvarlegir í kringum sig eftir slysið. MYND/RAGNHEIÐUR DAVÍÐSDÓTTIR



Elmar Logi er á leið í tónvinnslunám til Manchester. MYND/HEIDA.IS

# Tilfinningin hefur aukist í fótunum

**Elmar Logi Hreiðarsson, sem skaddaðist á mænu aðeins fimmtán ára, hefur fengið aukinn mátt í fætur eftir leisermeðferðir í Frakklandi.**

„Slysið átti sér stað hinn 19. desember árið 2004. Ég var í jólafríi frá skólanum og brá mér á snjósleða með vinum mínum. Ég fór ekki aftur í skólann það árið," segir Elmar Logi Hreiðarsson, nítján ára Akureyringur, sem er lamaður fyrir neðan brjóst af völdum slyssins.

„Ég var kyrrstæður á sleðanum en allt í einu kemur annar vélsleði á flugi og lendir nánast ofan á mér. Ég man ekki mikið eftir slysinu sjálfu nema hvað ég áttaði mig strax á að ég var máttvana í neðri hluta líkamans og vissi að þetta gæti verið alvarlegt. Ég fékk svo að vita sannleikann á sjúkrahúsinu á Akureyri," segir Elmar Logi, sem er ótrúlega jákvæður og bjartsýnn, þrátt fyrir að hafa fatlast á unga aldri.

Elmar hefur leitað sér óhefðbundinna lækninga með leisertækni í Frakklandi sem hefur gefið honum aukna tilfinningu í hinum lamaða hluta líkamans. „Ég hef farið fjórum sinnum til Frakklands í þessar meðferðir og finn mikinn mun á mér til hins betra. Tilfinningin hefur aukist um 45 prósent í fótunum og það er ómetanlegt fyrir okkur sem erum mænusködduð."

Elmar Logi segist þó sjálfur hafa þurft að standa straum af þeim kostnaði sem af þessu hefur hlotist enda sé þessi meðferð ekki viðurkennd af heilbrigðiskerfinu hér heima. „Mér þætti því vænt um ef einhver fyrirtæki vildu styrkja mig í þessu sambandi," segir Elmar Logi og brosir.

Hann segist aldrei hafa misst móðinn vegna fötlunarinnar og svartsýnin hefur ekki náð tökum á lífi hans. „Þetta bara gerðist og við því er ekkert að gera annað en takast á við lífið miðað við breyttar aðstæður," segir þessi ungi maður að lokum, fullur baráttuanda.

# Vill enga vorkunnsemi en skilningur vel þeginn

Jón Gunnar Benjamínsson þeysist um fjöll og firnindi, smalar, veiðir og stundar skotveiðar. Hann er á leið í leisermeðferð til Frakklands og er bjartsýnn á framtíðina.

„Ég var að koma úr göngum og réttum. Náði að bjarga tveimur vegvilltum rollum til byggða. Svo er ég á kafi í gæsaveiðinni og er þegar kominn með fjörutíu gæsir af Jökuldalsheiðinni," segir hann glaðhlakkalega.

Jón Gunnar er lifandi sönnun þess að fötlun er afstætt hugtak. Hann mænuskaddaðist í umferðarslysi á Hellisheiði eystri fyrir tæplega einu ári og var hætt kominn þar sem ósæðin rifnaði í slysinu og rifbein stakkst í gegnum annað lungað. „Ég á líf mitt Tómasi Guðbjartssyni hjartaskurðlækni að launa. Hann var að tjasla mér saman á skurðarborðinu í eina sjö klukkutíma," segir Jón Gunnar iðandi af lífsgleði, þrátt fyrir þunga lífsreynslu. „Ég á fjölskyldu minni og vinum einnig mjög mikið að þakka fyrir óbilandi stuðning við mig í gegnum þetta ferli. Ég man ég hugsaði bara um það eitt hvort ég gæti veitt á ný, enda er stang- og skotveiði mitt helsta sport auk útiveru og fjallamennsku. Ég hef getað stundað þetta allt saman með hjálp góðra manna.

Fjórhjólið gefur mér ótrúlega mikið frelsi og sjálfstæði en það er forsenda þess að geta lifað lífinu sem líkast því sem áður var. Ég stunda stangveiðar á hjólinu, fer á skytterí og smala á því og nú vonast ég til að fá undanþágu frá umhverfisráðuneytinu þannig að ég geti farið á hjólinu í rjúpu," segir okkar maður, hvergi af baki dottinn, og talar um vin sinn Sigfús Hreiðarsson sem hefur reynst honum ómetanleg stoð og stytta í skotveiðiferðunum. „Hann tekur mig alltaf með sér og er það jafnsjálfsagt og væri ég á tveimur jafnfljótum."

Jón Gunnar er á leið í leisermeðferð til Frakklands og vonast til að fá meiri tilfinningu í lamaða hluta líkamans eftir það. „Ég er að fá smá hreyfigetu í fæturna og er sannfærður um að ná meiri bata." Hann segist þó vera í sömu stöðu og aðrir mænuskaddaðir sem leitað hafa óhefðbundinna lækninga en þá tekur hið opinbera ekki þátt í kostnaðinum. „Þetta kostar mig á aðra milljón í allt og því er ég að leita að styrktaraðilum. Allar upplýsingar er að finna á www.blog.central.is/jongunnar. Allt er vel þegið," segir þessi bjartsýni atorkumaður og frábiður sér alla vorkunnsemi en óskar eftir skilningi.



Jón Gunnar ferðast á fjórhóli þegar hann fer í veiðiferðir og segir hann fjórhjólið veita sér mikið frelsi. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Núllið

0kr. að hringja innan fjölskyldunnar

Í Núllinu þarf fjölskyldan **ekki að borga krónu** þegar hún hringir sín á milli

### 3-6 GSM símar og heimasími

Með því að skrá símanúmer heimilisfólksins í **Núllið** þarf fjölskyldan ekki að borga krónu fyrir símtöl sín á milli innanlands. Hægt er að skrá þrjú til sex GSM númer hjá Símanum og eitt heimanúmer. Skilyrði er að viðskiptavinir hafi sama lögheimili og að eitt GSM númer sé skráð í áskrift. Eitt númeranna má vera fyrirtækjanúmer og hringir heimilisfólkið þá í það fyrir 0 kr.

### Kostir Núllsins

- Enginn aukakostnaður og engar auka skuldbindingar fylgja því að vera í **Núllinu**.
- Heimilisfólkið skráir sig í áskrift og getur verið með Mitt Frelsi.
- Eitt fyrirtækjanúmer má skrá í **Núllið** og hringir fjölskyldan í það fyrir 0 kr.
- Mitt Frelsisnúmer getur hringt í öll hin númerin þótt inneignin sé búin.
- Með **Núllinu** spara allir á heimilinu.




Skráðu fjölskylduna í síma
**800 7000**
eða á
**siminn.is**
án tafar!

Það er **Síminn**

# Grænmetisbuff

## *fulleldað vara, þarf aðeins að hita upp*














Nú erum við hjá Grími kokki komin með nýja tegund af grænmetisbuffi, Kjúklingabaunabuff með sólþurrkuðum tómötum. Gríms grænmetisbuffin eru öll án MSG og fást í flestum matvöruverslunum. Þessar vörur eru allar fulleldaðar og þarf aðeins að hita upp.



*Gulrótar og linsubaunabuff*



*Hvítlauks og hvítbaunabuff*

**Free rent in September**
Grand opening special. Long term rent guesthouse. Tel. 824 4530.

**Opnunartilboð**
Frítt í september. Langtímaleiga á gistiheimili. Uppl. í s. 824 4530.

Hjóðlát, björt og falleg 2 herb. íbúð rétt við Laugaveg. Búslóð getur fylgt. Verð 120þ. á mán., allt innifalið. Uppl. í s. 663 4033.

ROOM BREIÐHOLT w/furnture ac. kitchen /bathroom. Pricce 60000 a month singl 75000 two. Uppl. í s. 897 3611.

Falleg 2ja herb. í 108 . 55 fm. vel skipulögð h. í einbýlish. Reyklaus, sólpallur í suður. Rólegt umhverfi. Uppl. melgull@hotmail.com

70 fm 2ja herbergja lúxusíbúð á Laugavegi 40 með 15 fm svölum og heitum potti. Lyfta í húsi. Verð 140 þús. + rafm. og hiti á mán. 3 mánuðir fyrirfram í pening. Uppl. í s. 896 4029.

4ra herb. í Hraunbæ Rvk. til leigu Leiga kr.159.000. Trygg. kr.477.000. S. 898 3420.

2ja herb. í Hraunbæ Rvk. til leigu. Leiga kr.118.000 Trygg. kr. 354.000. S. 898 3420.

3 herb. íbúð á jarðhæð með sérinngangi til leigu í Seljahverfi Breiðholti. Langtímaleiga. Reglusemi áskilin. Laus strax. Verð 120þ. uppl. í s. 664 8363.

Til leigu góð 2 herbergja rúmlega 70 fermetra kjallaraíbúð / jarðhæð í 101. Leigist til 31. maí 2009. Leiga 120.000 á mánuði plús hiti og rafmagn. Laus strax. Uppl. í síma 5527989 og 8655618

Til leigu 3. herb. íbúð í 101 með sérinngangi. 10 mín. gangur frá HÍ. Leiga 130 þús á mán. með hita og rafm. Laus frá 1. okt. Uppl. s. 692-3518.

Rúmg. herb. til leigu miðsv. í Rvk. Aðgengi að sturtu og þvottavél. V. 50 þús pr.mán. Uppl. í s. 898 4202

90 fm. 3ja herb. íbúð til leigu í Hátúni í 105 Rvk. V. 150 þús. Uppl. í s. 565 6421 eða 693 6421.

Rúmgóð 2 herb. íbúð í Kóp. Laus strax! Leiga 110 þ. Einn mán. fyrirfarm. Allt innifalið. S. 897 2318.

Til leigu 3-4 herb. íbúð m/sérinngangi í 101 Rvk. Uppl. í s. 867 9403.

Room for rent with kitchen, bathroom and wasing mascine. 30 þ. a month. S. 661 5219

60 fm. 2-3 herb. íbúð í Keflavík til leigu strax. Verð 85 þús. m/ hita og rafmagni. Uppl. í s. 848 7159.

Til leigu rúmgóð 2ja herb. íbúð með sérinngangi og þvottahúsi á Álftanesi. Leiga 100 þús. kr. á mán. með hússjóð. Uppl. gefur Berglind í s. 897 4433.

## Húsnæði óskast

Góð íbúð óskast á einhverju þessarra svæða:101,107,105,108 í Reykjavík. Við erum par í leit að góðri íbúð, minnst um 65fm2, 2 eða 3ja herbergja fra og með 1.janúar 2009. Reglusöm, ábyrgðarfull og berum virðingu fyrir eignum annarra. johajako@simnet.is eða María 8616658

## Húsnæði til sölu

Pípulagningamaður óskast eftir sérherb. með sturtu og WC. S. 898 6672.

## Sumarbústaðir

A-Ö smíðar geta bætt við sig vinnu í sumarbústaðasmíðun og viðhaldi. S. 847 1430.

## Atvinnuhúsnæði

Snyrtileg skrifstofuherb. til leigu við Ármúlann & Suðurlandsbraut. Uppl. í s. 899 3760.



Til sölu nýtt 104.6 fm. iðnaðarhúsnæði í Hfj., lofthæð 4 m., góð innkeyrsluhurð, verð 19.9 millj., áhv. 10.8 millj., uppitaka á bíl eða öðrum eignum kemur til greina. Uppl. í s. 6634736, 663 4836.

Björt íbúð í 101 til leigu. 3 herb, 75 fermetrar. Laus 1 okt. Sími 8440310 Anna.

## Geymsluhúsnæði




Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

Búslóðageymsla Olivers, 100 kr. á dag fyrir Euro brettið. S. 567 4046 & 892 2074. www.buslodageymsla.iceware.net

**HÚSVAGNAGEYMSLA**
Nýstandsett og upphitað hús á Eyrarbakka. Stærstu: 11.875 Stórir: 9.875 Fellih: 7.375 á mánuði í 8 mánuði S. 564 6500.

Fellihýsi-Hjólhýsi-bátar-bílar-o.fl. Upphitað á Höfuðborgarsvæði. Uppl S. 661 3131 og 897 2000.

## Gisting

Rooms for rent. Long term from 25th august. Tel: 588 5588 or lobby@hotelvik.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Atvinna í boði**
**óskum eftir að ráða vana menn í húsaviðgerðir / múr og steypuvinnu.**
**Uppl. í s. 517 0117**

Bakarameistarinn

**Villtu ganga til liðs við okkur?**
**Bakarameistarinn Smáratorgi, Mjóddinni, Húsgagnahöllinni, Suðurveri, Austurveri og Glæsibæ leitar eftir hressum og skemmtilegum einstaklingum til starfa. Í boði eru bæði hlutastörf og fullt starf. Skemmtilegur vinnustaður og góð laun í boði fyrir rétt fólk. Íslenskukunnátta skilyrði. Upplýsingar 897 5470 milli kl. 9-16 Umsóknareyðublöð á netinu www.bakarameistarinn.is**

**Veitingahús Nings - Framtíðarstarf**
**Veitingahús Nings óska eftir vakstjóra og öðru starfsfólki í fullt starf. Unnið er á 15 daga vöktum. Skilyrði: starfsmaður þarf að hafa góða þjónustulund, vera röskur, 18 ára eða eldri og íslenskumælandi. Endilega hafið samband í síma 822 8835 eða www.nings.is**

**Morgunþrif - ræsting**
**Veitingastaðurinn Kringlukráin Óskar eftir starfsfólki í ræstingu. Um er að ræða 50% starf fyrir hádegi. Uppl. síma í 893 2323 eða umsóknir á staðnum eða á netinu. www.kringlukrain.is**

Jói Fel

**Hjá Jóa Fel Holtagarðar**
**Óskum eftir að ráða hressar og duglegar manneskjur í afgreiðslu í bakaríð hjá Jóa Fel Holtagörðum. Upplýsingar veitir Unnur í síma 893 0076 eða Dóra í síma 861 2417, einnig umsóknir á unnur@joifel.is**

**Ísbar/Booztbar, Kringlunni og Borgartúni**
**Óskum eftir að ráða í eftirfarandi störf. Dagvinna á tímabilinu 10-14 & 10-16 Einnig hlutastörf, seinni partinn og um helgar. Eingungis traust og heiðarlegt fólk kemur til greina. Uppl. í s. 898 7924, Kristinn eða senda umsókn á cyrus@simnet.is**

**Ísbúðin Álfheimum**
**Óskar eftir að ráða starfsfólk í aukavinnu dag - kvöld- og helgarvaktir. Einungis traust og heiðarlegt starfsfólk kemur til greina. Uppl. í s. 899 9495, Jónína eða á cyrus@simnet.is**

**Góður þjónn.**
**Óskum eftir þjónustuliprum, hressum og kurteisum þjón til að stjana við viðskiptavini okkar á Cafe Bleu. Íslenskukunnátta skilyrði. Uppl. í s. 899 1965**

**American Style Hafnafirði og Tryggvagötu, fullt starf**
Fólki líður vel í vinnu hjá okkur! Í boði er vaktavinna, unnið er aðra hverja helgi. Á tímum kreppunnar er þetta öruggur vinnustaður, samkeppnishæf laun, skemmtilegt fólk. Góð íslenskukunnátta áskilin. Umsóknir á: umsokn.foodco.is

**Shell Reykjavíkurvegi**
**Óskum eftir að ráða vaktstjóra og starfsfólk við afgreiðslu á Shell við Reykjavíkurveg í Hafnarfirði. Nánari upplýsingar veitir Elín stöðvarstjóri í síma 840 3114 eða á starf@skeljungur.is. Umsóknareyðublöð má nálgast á www.skeljungur.is.**

**Kökuhúsið Auðbrekku**
**óskum eftir að ráða starfskraft til afgreiðslu. Vinutími 12-17.30 Upplýsingar gefur Örvar í síma 693 9093 og Björk í s. 693 9091.**

**Nonnabiti**
**Starfskraftur óskast til starfa, ekki yngri en 18 ára, reyklaus. We need more pepole, full time in down town fastfood. No smoking. Interested please call 899 1670 & 898 5956 and nonnabiti@simnet.is**

Saumakona óskast nokkra tíma í viku. Vinsasml. hafið samb. í s. 562 1089.

**Vantar menn**
í hellulagnir ofl. Íslensku kunnátta skilyrði. S. 821 8983, Hjörtur. HJÁ Verktakar.

**HENDUR.IS**
Tugir starfa í boði á vefsíðu okkar.

**Pizzuverksmiðjan Lækjargötu 8**
Óskar eftir að ráða pizzubakara í fullt starf og aukabakara um helgar í næturvinnu. Uppl. gefur Ólafur á staðnum eftir kl. 15:00 á miðvikudag og fimmtudag eða í s. 578 8555.

**Verkamenn / Workers**
Óska eftir verkamönnum, mikil vinna í boði. Stundvísi og reglusemi skilyrði. Workers wanted, a lot of work. S. 824 7565 & 696 6676.

**Söluturninn Jolli Hafnarfirði.**
Söluturninn Jolli óskar eftir áreiðanlegu og stundvísu fólki í vinnu. Um er að ræða bæði fullt starf og hlutastarf. Ef þig langar til að vinna á skemmtilegum og líflegum vinnustað þá gæti þetta verið rétta vinnan fyrir þig. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Umsóknareyðublöð á staðnum og á umsokn.foodco.is

Óska eftir góðum manni á aldrinum 22-30 ára í hellulagnir og vinnu tengda lóðum og frágangi. Einar 864-8100

Sölustörf, frjáls vinnutími. Árangurstengdar tekjur. Hentar fólki um allt land sem auka eða aðalstarf. S. 565 1045, 898 7725 & 865 4502.

Vantar starfsfólk í beitningu út á landi stutt frá Akureyri. Húsnæði á staðnum, góð aðstaða fyrir fjölskyldufólk. Upplýsingar gefur Inga í síma 861 2846 & 898 7341.

**Söluturn**
á sv. 101 óskar eftir einstakling á næturvaktir um helgar. Uppl. í s. 770 0116.

**Hlutastarf**
Efnalaug óskar eftir starfsmanni í afgreiðslu virka daga, frá kl. 14-18, hentar öllum aldri. Uppl. í s. 561 1216

## Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
**Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar. Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.**

**HENDUR.IS**
Auglýstu FRÍTT eftir starfskrafti á vefsíðu okkar.

Starfsfólk frá Lettlandi: smiðir, verkamenn, meiraprófsbílstjórar, vélamenn, suðumenn, fiskvinnslufólk o.fl. S. 845 7158.

Getum bætt við okkur verkefnum í okt. Vanir mótauppslætti. Áhugasamir hafi samb. í s. 820 3265 Grandverk ehf.

## Viðskiptatækifæri



Sprautuklefi til sölu. Stærð: B 4m L 6m H 2,6m ( innanmál) Klefinn er lítið notaður, tilvalinn á minnibílaverkstæði. Olíukynntur. Klefinn er staðsettur á landsbyggðini. Tilboð óskast. Hugsanleg skipti á bíl. Upplýsingar s.f@simnet.is

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

Hljómsveitin Silfur. Vantar þig hljómsveit á dansleik, árshátíð eða skólaball? Umboðssími 8970858

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**Símaþjónusta Spjalldömur**
**S. 908 6666 opið allan sólarhringinn.**

**Stefnumót.is**
Nýr vefur: „Þar sem íslendingar kynnast". Nýttu þér vandaðan vef fyrir fólk sem gerir kröfur! Vertu velkomin/n.

**Leitar þú að dansfélaga?**
Nýttu þér nýjan vef, www.stefnumót.is, til að kynnast dansfélaga við hæfi. Stefnumót.is.

**Viltu eignast nýja vini?**
Nýttu þér nýjan vef, www.stefnumót.is, til að kynnast nýju fólki á þínum forsendum. Stefnumót.is

**Leitar þú varanlegra kynna?**
Ertu í makaleit? Leitar þú að rómantík? Nýttu þér nýjan vef, www.stefnumót.is, til að kynnast fólki sem leitar þess sama og þú. Stefnumót.is.

**Indæl kona**
leitar tilbreytingar mjög ákveðið. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (visa, mastercard), augl. nr. 8731.

**41 árs kona**
úti á landi leitar að tilbreytingarsambandi. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (visa, mastercard), augl. nr. 8238.

## Fasteignir

HÚSAVÍK FASTEIGNASALA
BORGARTÚN 29
SÍMI 510 3800
FAX 510 3801
WWW.HUSAVIK.NET
REYNIR BJÖRNSSON
ELÍAS HARALDSSON
LÖGG. FASTEIGNASALAR

**GRÆNATÚN 22 - OPIÐ HÚS Í DAG KL. 18.00-19.00**
**ERT ÞÚ MEÐ LÍTINN REKSTUR? - TILVALIÐ FYRIR AÐILA SEM GETA NÝTT SÉR NEÐRI HÆÐ FYRIR LÍTINN REKSTUR, S.S. ENDURSKOÐENDUR, SMÆRRI HEILDSÖLUR O.FL.**







Mjög fallegt og mikið endurnýjað 287 fm einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum tvöföldum bílskúr. Eignin hefur verið mikið endurnýjuð og má þar nefna gólfefni, eldhús, baðherbergi, gestasnyrting og fl. Björt og rúmgóð stofa með arni og útgang út á stórar suðursvalir með heitum potti. Húsið skiptist í 5 svefnherbergi, sjónvarpsstofu, stofu, borðstofu, eldhús, tvö baðherbergi og rúmgóða ca 17 fm geymslu undir svölum sem er ekki inn í fm tölu hússins. Bílskúr er með rafmagni og hita. Garður er fallegur í rækt.
**Verð 70 millj. Möguleiki að gera sér íbúð á neðri hæð.**
**Allir velkomnir í opið hús í dag milli 18,00-19,00**

HÚSAVÍK – GOTT ORÐSPOR – TRAUST VIÐSKIPTI

## Tilboð

**September tilboð á Dong Fang Salon:**

**Andlitsnudd og maski**

**Verð: 5.500.-**

DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR

SNYRTISTOFAN
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR
Opnunartími:
Mán/mið/fös. 9.00-18.00
Þri/fim 9.00-21.00
Laugard 10.00-18.00
Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

ICELANDAIRHOTELS LOFTLEIÐIR

## Atvinna

### Smiðir

Erum með vana smiði sem óska eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í síma 840 1616

**Kraftafl ehf**

### Múrarar

Erum með vana múrara sem óska eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í síma 840 1616.

**Kraftafl ehf**

### MÁLMIÐNAÐARMENN OG JÁRNSMIÐIR

Erum með vana málmiðnaðarmenn og járnsmiði sem óska eftir mikilli vinnu.

**Upplýsingar í s. 840 1616**

**Kraftafl ehf**



### VÖRUMÓTTAKA

**Tjarnarvöllum Hafnarfirði**

**Okkur vantar starfsfólk í vörumóttöku í verslun Bónus á Tjarnarvöllum í Hafnarfirði. Vinnutími er frá kl.08.00 til 14.00.**

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst og hafi samband við verslunarstjóra Bónus á Tjarnarvöllum eða sæki um starfið á vefnum www.bonus.is

BÓNUS BÝÐUR BETUR



VIÐSKIPTAHLIÐ MÁLANNA

### UMBROTSMAÐUR ÓSKAST

Viðskiptablaðið óskar eftir að ráða umbrotsmann í fullt starf

Æskilegt er að viðkomandi hafi góða þekkingu á Indesign, Photoshop og Illustrator og reynslu af umbroti dagblaða, tímarita og annarri grafískri vinnslu. Þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknir sendist á starfsumsokn@vb.is fyrir sunnudaginn 21. september 2008.

Viðskiptablaðið vb.is

Reykjavíkurborg
Menntasvið

### Umsjónarkennari í Austurbæjarskóla

**Umsjónarkennari óskast til að kenna 4. bekk í Austurbæjarskóla. Um er að ræða 75% stöðu.**

Upplýsingar veitir Guðmundur Sighvatsson skólastjóri, netfang: skolastjori@austurbaejarskoli.is, sími 411 7200.

Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag.

Á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf er að finna nánari upplýsingar um starfið og umsóknarfrest. Þar er einnig hægt að sækja um.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 411 1111 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

## Tilkynningar

### Verkalýðsfélagið Hlíf

**ALLSHERJARATKVÆÐAGREIÐSLA**

Ákveðið hefur verið að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu um kjör fulltrúa Verkalýðsfélagsins Hlífar á ársfund Alþýðusambands Íslands, sem haldinn verður á Nordica Hotel í Reykjavík dagana 23. og 24. október 2008. Tillögum með nöfnum 7 aðalfulltrúa og 7 varafulltrúa ber að skila á skrifstofu Hlífar fyrir kl. 16:00, fimmtudaginn 25. september n.k. Tillögunum ber að fylgja meðmæli minnst 50 til 60 félagsmanna.

**Kjörstjórn Hlífar**

## Fasteignir

### Opið hús í dag milli kl. 17:30 og 18:00



**Fífusel 18, 109 Reykjavík**

Mikið endurnýjuð laus 30 fm einstaklings íbúð í góðu fjölbýlishúsi. Ný eldhúsinnrétting og endurnýjað baðherbergi með nýjum sturtuklefa. **Möguleiki á 90% fjármögnun. Verð 8,5 millj.**

### Opið hús í dag milli kl. 18:30 og 19:00



**Þórðarsveigur 2, 113 Reykjavík**

Falleg nýleg íbúð á 1. hæð með sér inngangi af svölum, sér suðurlóð og stæði í bílageymslu í fjölbýlishúsi með lyftu. Vandaðar innréttingar og parket og flísar á gólfum. **Verð 23,9 millj.**

**Nánari upplýsingar 893 6363**

*Jón Guðmundsson, lögg. fast.sali.*

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

## Tilkynningar

# Greiðsluáskorun

**Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:**

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. september 2008, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. september 2008 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 15. september 2008, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, viðbótar- og aukaálagningu söluskatts vegna fyrri tímabila, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjómanna, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fisksjúkdómagjaldi, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 12.700 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 1.350 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað. Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. september 2008.

Tollstjórinn í Reykjavík
Sýslumaðurinn í Kópavogi
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði
Sýslumaðurinn í Keflavík
Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli
Sýslumaðurinn á Akranesi
Sýslumaðurinn í Borgarnesi
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi
Sýslumaðurinn í Búðardal
Sýslumaðurinn á Ísafirði
Sýslumaðurinn í Bolungarvík
Sýslumaðurinn á Patreksfirði
Sýslumaðurinn á Hólmavík
Sýslumaðurinn á Siglufirði
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki
Sýslumaðurinn á Blönduósi
Sýslumaðurinn á Akureyri
Sýslumaðurinn á Húsavík
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði
Sýslumaðurinn á Eskifirði
Sýslumaðurinn á Höfn
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Selfossi
Sýslumaðurinn í Vík
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli

# Skilmálar frjálsrar þjóðar

**UMRÆÐAN**
Jón Sigurðsson skrifar um efnahagsmál

Á síðasta vetri urðu afdrifamikil tímamót. Samhliða uppnámi í alþjóðlegum fjármálum hurfu forsendur undan krónunni og íslenskri peningamálastjórn.

Vorið 2001 var stjórn peningamála breytt og tekið upp verðbólgumarkmið. Ákveðið var að Seðlabanki Íslands skyldi miða við að árleg verðbólga yrði sem næst 2,5%. Ákveðin voru vikmörk, 1-4%, en Seðlabankanum yrði skylt að grípa til aðgerða ef verðbólga færi út fyrir þau. Breytingarnar fylgdu alþjóðlegum viðhorfum. Samkvæmt þeim getur Seðlabankinn haft úrslitaáhrif á verðbólgu þótt hann sé aldrei einn. Sérfræðingar Seðlabanka Íslands bentu á að gengisþróun krónunnar er hluti af miðlun peningamálastefnunnar, og gengið er jafnan háð erlendum áhrifum líka.

Fyrsta reynsla varð góð. Sveifla varð á árinu 2001 en Seðlabankinn náði taki á framvindunni og hélt því um nokkurt skeið. Fyrir lá að bindiskylda hafði ekki lengur áhrif á framvinduna. Til slíks yrði að stórauka hana og gerbreyta reglum um gjaldeyrisjöfnuð og lausafjárkvöð bankanna. Þetta hefði orðið hrun þess nýja fjármála- og viðskiptaumhverfis sem skapað hafði verið og stóð undir miklum launa- og skattgreiðslum og mannauðsþróun. Talsmenn Seðlabanka Íslands vöktu athygli á því að verðbólguþensla yrði meðan á stórframkvæmdum stæði og bentu á hættur þegar framkvæmdunum lyki. Þá varaði Seðlabankinn við áhrifum sem boðaðar breytingar á íbúðalánum hefðu. Framkvæmd þeirra var að nokkru breytt til samræmis, en ruðningur bankanna setti síðan allt úr skorðum.


JÓN SIGURÐSSON

Forsendur krónunnar og íslenskrar peningamálastjórnar eru horfnar. Nú er ekki lengur eftir neinum styrkleika að bíða til samninga því að staða okkar versnar áfram. Bankakerfið er orðið meira en tíu sinnum stærra en íslenska hagkerfið. Enginn gjaldeyrisvarasjóður getur mætt slíku. Í atvinnu- og viðskiptalífi ríkir vantraust á krónunni og peningamálastjórninni. Ekkert fjármálakerfi stenst án trúverðugleika og tiltrúar. Og ráðandi fyrirtæki boða brottför af landinu í einni eða annarri mynd. En þetta er ekki „sök“ krónunnar eða Seðlabankans.

Það er ekki unnt að fullyrða að stefnan um verðbólgumarkmið hafi brugðist. Seðlabanki Íslands hefur ekki látið reyna á slíkt til fulls eða nógu lengi og hér er varla aðstaða fyrir eiginlegan millibankamarkað. Viðskiptabankarnir hafa farið sínu fram án tillits til aðstæðna í hagkerfinu. Hvorki ríkisstjórn né sveitarstjórnir tóku tillit til peningastefnunnar. Aðeins frá hausti 2006 til vors 2007 var unnið að samræmdum aðgerðum til hjöðnunar enda minnkaði hraði verðbólgunnar verulega á þessum tíma. Frá þeirri stefnu var síðan horfið enda höfðu margir gagnrýnt þessa stefnu vegna félags- og velferðarmála, atvinnu- og byggðamála.

Nú er peningamálastjórninni kennt um allt, meðal annars um erlend skuldabréf í íslenskum krónum. En við þá stórfækkun gjaldmiðla sem varð á síðustu árum var þess að vænta að fjárfestar leituðu uppi jaðargjaldmiðla með ávöxtunarmun. Ásamt bönkunum leika braskarar sér nú þegar að henni eins og kettir að mús.

Íslendingar hafa nokkra valkosti. Við getum sullað áfram í hálfu kafi. Allir þekkja áhrif þessa á jafnvægi og viðskiptatraust. Þetta gæti hrakið bankana og fleiri fyrirtæki á brott og afleiðingarnar verða hörmulegar. Við getum bundið krónuna fasta við annan gjaldmiðil án þess að eiga aðild að stjórnuninni, og sumir tala um evru á grundvelli EES-samningsins. Hvort tveggja væri endalok fullveldis í fjár- og efnahagsmálum með alvarlegum afleiðingum fyrir lífskjör og atvinnuástand. Og sumir tala um að taka upp einhvern erlendan gjaldmiðil, jafnvel einhliða. Lokagengi krónunnar fellur þá gersamlega og veldur eignahruni og lán hingað verða með hæstu áhættuvöxtum. Fordæmi Svisslendinga í hagstjórn er glæsilegt en það tæki okkur 20 ár og miklar fórnir að nálgast það. – Það er hins vegar ekki valkostur að slá öllu í lás.

Forsendur krónunnar og peningamálastjórnarinnar eru horfnar. Aðild að Evrópusambandinu og upptaka evru er sú leið sem best nálgast þá skilmála sem Íslendingar setja sem frjáls þjóð. Áhrif okkar verða lítil en þátttaka í umræðum og aðild að ákvörðunum skiptir þó máli. Yfirlýsing um aðildarumsókn hefur þegar áhrif á mörkuðum, en ferlið tekur 4-6 ár. Þjóðin ræður með þjóðaratkvæði, og fortakslaus einhliða úrsagnarréttur í 50. gr. Lissabonsáttmálans tryggir fullveldi Íslendinga.

*Höfundur er fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins.*

# Brautryðjandinn mikli

**UMRÆÐAN**
Friðrik Rafnsson skrifar um Jean-Baptiste Charcot

Fyrir nákvæmlega sjötíu og tveimur árum, hinn 16. september 1936, fórst franski leiðangursstjórinn og landkönnuðurinn Jean-Baptiste Charcot (1867-1936) með allri áhöfn, utan einum, á rannsóknaskipinu Pourquoi Pas? út af Mýrum í Borgarfirði.


FRIÐRIK RAFNSSON

Charcot var brautryðjandi á margan hátt. Þegar hann fórst hér í hörmulegu slysi sem olli þjóðarsorg á Íslandi á sínum tíma áttu hann og helstu samstarfsmenn hans að baki langt og merkilegt rannsóknarstarf á suður- og norðurheimskautunum. Sem dæmi má nefna að hann var fyrstur manna til að gera út svokallaða þverfaglega vísindaleiðangra, blandaðan hóp vísindamanna sem fást við tilteknar rannsóknir á sínu sérfræðisviði. Eins skar hann sig úr öðrum landkönnuðum og heimskautaförum á þessum tíma að því leyti að hann fór ekki með landvinninga að markmiði, heldur var það þekkingarleitin og ævintýraþráin sem knúði hann áfram.

Þessum hugsunarhætti miðlaði hann síðan til næstu kynslóðar og hann hefur tengst honum allt til þessa dags, enda frábær fyrirmynd fyrir unga vísindamenn, rannsóknafólk á öllum sviðum og jafnvel stórhuga fólk yfirleitt.

Til að minnast þessa merka vísindamanns, landkönnuðar og Íslandsvinar standa Alliance Francaise, franska sendiráðið og Háskóli Íslands í dag að fyrirlestrium forvitnilegar rannsóknir sem unnar eru í anda Charcots. Ætlunin er að slíkur fyrirlestur verði haldinn árlega.

Þekktur franskur djúpsjávarlíffræðingur, dr. Daniel Desbruyeres, ríður á vaðið, en hann er sérfræðingur hjá IFREMER, frönsku hafrannsóknastofnuninni. Hann flytur opinn fyrirlestur á ensku um lífríki við neðansjávarhveri í djúphöfunum, afar spennandi verkefni sem m.a. hefur verið unnið úr nýjasta hafrannsóknaskipi Frakka sem einmitt er nefnt eftir frægasta rannsóknaskipi Charcots, Pourquoi Pas?

*Þannig er merku rannsóknastarfi þessa mikla brautryðjanda haldið áfram og tengslin milli Íslands og Frakklands efld.*

Daniel Desbruyères er verðugur sporgöngumaður Charcots. Hann er meðal fremstu djúpsjávarlíffæðinga heimsins og hefur stundað rannsóknir á djúpsjávarhverum í yfir 30 ár. Í fyrirlestrinum kynnir hann nýjustu djúpsjávarhverina og sýnir fjölda ljósmynda af lífverum á þessum forvitnilegu hverasvæðum.

Þannig er merku rannsóknastarfi þessa mikla brautryðjanda haldið áfram og tengslin milli Íslands og Frakklands efld með hætti sem eflaust hefði glatt sívökulan huga þessa mikla Íslandsvinar.

*Höfundur er forseti Alliance Francaise.*



DAVID COPPERFIELD ER 52 ÁRA.

*„Ég bíð bara eftir því að fólk biðji mig um að stöðva regnið.“*

***Bandaríski sjónhverfingamaðurinn David Copperfield er heimsþekktur fyrir að blanda saman sjónhverfingum og frásögnum.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 16. SEPTEMBER 2008

## General Motors stofnað

Bílaframleiðslufyrirtækið General Motors var stofnað í Bandaríkjunum þennan dag árið 1908.

Nú hundrað árum síðar er fyrirtækið einn stærsti bílaframleiðandi í heimi og hefur verið leiðandi á markaði síðastliðin 77 ár. Hjá fyrirtækinu störfuðu í byrjun þessa árs 284.000 manns víðs vegar um heiminn.

Framleiðslan fer fram í 35 löndum og meðal bifreiðategunda eru Buick, Cadillac, Chevrolet, GM Daewoo, GMC, Holden, Hummer, Opel, Pontiac, Saab, Saturn, Vauxhall og Wuling.

Síðustu ár hafa verið fyrirtækinu afar erfið og árið 2007 nam tap þess 38 milljörðum dollara.




### MERKISATBURÐIR

**1810** Mexíkó lýsir yfir sjálfstæði eftir að hafa tilheyrt Spáni.

**1940** Skipverjar á togurunum Snorra goða og Arnbirni hersi bjarga um 400 mönnum af franska flutningaskipinu Asca á Írlandshafi, eftir að þýsk flugvél gerir árás á skipið.

**1963** Lyndon B. Johnson, varaforseti Bandaríkjanna, kemur til Íslands í opinbera heimsókn. Rúmum tveimur mánuðum síðar tekur hann við forsetaembættinu þegar John F. Kennedy er myrtur.

**1989** Listmálarinn Erró gefur Reykjavíkurborg 2.000 listaverk eftir sig. Safninu er komið fyrir á Korpúlfsstöðum.

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Friðrik Ketilsson**

Rauðumýri 10, Akureyri,

verður jarðsunginn frá Glerárkirkju fimmtudaginn 18. september kl.14.00.

**Laufey Bergrós Árnadóttir**
**Júlíus Fossberg Friðriksson**
**Árni Ketill Friðriksson**
**Gígja Hansen**
**Arnar Magnús Friðriksson**
**afa og langafabörn.**

---



†

*Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi okkar,*

**Sveinn Kjartan Sveinsson**

verkfræðingur,
Gullsmára 5, Kópavogi,

lést fimmtudaginn 11. september. Útförin fer fram frá Langholtskirkju fimmtudaginn 18. september kl. 15.00.

**Inga Valborg Einarsdóttir**
**Soffía Sveinsdóttir**
**Sveinn M. Sveinsson** **Auður E. Guðmundsdóttir**
**Guðmundur G. Sveinsson**
**Einar Sveinsson** **Arnhild Mølnvik**
**Sigurður V. Sveinsson** **Auður Héðinsdóttir**
**Þórlaug Sveinsdóttir** **Guðmundur V. Friðjónsson**
**afabörn, langafabörn og langalangafabarn.**

---



†

*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Lilju Þorleifsdóttur.**

Einnig færum við öllu starfsfólki sjúkradeildar Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja sérstakar þakkir fyrir einstaka umhyggju og alúð. Guð blessi ykkur öll.

**Brynjúlfur Jónatansson**
**Halldór Guðbjarnason**
**Ragnheiður Brynjúlfsdóttir** **Smári Grímsson**
**Hjálmar Brynjúlfsson** **Margrét Ársælsdóttir**
**Anna Brynjúlfsdóttir**
**Rúnar Páll Brynjúlfsson** **Edda Sigurbjörg Jóhannsdóttir**
**Brynhildur Brynjúlfsdóttir** **Rafn Pálsson**
**Steinunn Jónatansdóttir** **Óðinn Steinson**
**ömmubörn og fjölskyldur þeirra.**

---


# Legsteinar
í **miklu** úrvali



R REIN
Steinsmiðja
• Viðarhöfða 1
• 110 Reykjavík
• ☎ 566 7878
• Netfang: rein@rein.is


---



**FORVITNILEGAR RANNSÓKNIR** Friðrik Rafnsson, forseti Alliance Francaise, segir árlegra fyrirlestra um rannsóknir sem unnar eru í anda Charcots að vænta á dánardegi vísindamannsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

POURQUOI PAS?: ÁRLEGIR FYRIRLESTRAR TIL HEIÐURS JEAN-BAPTISTE CHARCOT

# Örlagaatburðar minnst

Daniel Desbruyères, sérfræðingur hjá frönsku hafrannsóknastofnuninni og einn helsti djúpsjávarlíffræðingur heims, heldur í dag fyrirlestur til að heiðra minningu franska leiðangursstjórans og landkönnuðarins Jean-Baptiste Charcot sem fórst undan ströndum Íslands þennan dag árið 1936.

Charcot, sem átti meðal annars að baki langt og merkilegt rannsóknarstarf á suður- og norðurpólnum, hafði verið leiðangursstjóri á rannsóknarskipinu Pourquoi Pas? á Grænlandi en kom við á Íslandi, eins og oft áður, til að sækja kol og vistir. Á leið sinni frá Íslandi til Kaupmannahafnar lenti skipið í miklu óveðri út af Mýrum í Borgarfirði og fórst.

Alliance Francaise, franska sendiráðið og Háskóli Íslands hafa ákveðið að standa fyrir árlegum fyrirlestri um forvitnilegar rannsóknir sem unnar eru í anda Charcot á dánardegi hans en Charcot kannaði og kortlagði meðal annars haf- og landsvæðin umhverfis heimskautin í byrjun síðustu aldar. Þá stjórnaði hann fjölmennum þverfaglegum vísindaleiðöngrum á norðurslóðum eftir fyrri heimsstyrjöldina.

„Við fáum til liðs við okkur innlenda sem erlenda vísindamenn sem standa framarlega á sínu sviði og stunda rannsóknir sem byggja á arfleifð Charcots og mun Desbruyères ríða á vaðið,“ segir Friðrik Rafnsson, forseti Alliance Francaise. Desbruyéres heldur opinn fyrirlestur á ensku um lífríki við neðansjávarhveri í djúphöfunum. Þá hefur hann meðal annars rannsakað á nýjasta hafrannsóknaskipi Frakka, Pourquoi Pas? „Þetta er eins og risastórt fljótandi geimskip með tveimur kafbátum og afar forvitnilegt,“ segir Friðrik, sem telur samnefnt skip Charcot einnig hafa verið tilkomumikið er það sigldi inn Faxaflóann á fyrri hluta síðustu aldar, enda fullkomnasta rannsóknarskip þess tíma.

„Charcot kom hingað margsinnis á ferðalögum sínum og átti hér góða vini. Hann hélt meðal annars fyrirlestra í Alliance Francaise og daginn áður en hann fórst var honum haldin mikil veisla. Þegar lík skipverja voru borin á land ríkti því mikil sorg en alls fórust 39 menn,“ útskýrir Friðrik.

Hann bendir á að á síðasta ári hafi vísindasögusýningunni Heimskautin heilla, sem fjallar um um ævi og störf Charcot, verið komið á fót í Háskólasetri Suðurnesja í Sandgerði en þar hefur hluti Pourquoi Pas? verið endurgert og mun sýningin standa áfram. „Ég vonast svo til að þessir árlegu fyrirlestrar verði til þess að halda minningu þessa merka vísindamanns og Íslandsvinar enn frekar á lofti,“ segir Friðrik en fyrirlestur Desbruyères verður haldinn í Öskju náttúrufræðahúsi klukkan 17.15.

**vera@frettabladid.is**

---



†

*Faðir okkar, tengdafaðir og bróðir,*

**Bárður F. Sigurðarson**

löggiltur endurskoðandi,

lést á Dvalarheimilinu Grund fimmtudaginn 11. september. Hann verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 17. september kl.15.

**Guðrún Kalla Bárðardóttir** **Hilmar Sigurþórsson**
**Gyða Bárðardóttir** **Þórhallur Maack**
**Auður Bárðardóttir** **Guðbrandur Elíasson**
**Sigurður Kr. Bárðarson** **Álfhildur Ólafsdóttir**
**Bárður Örn Bárðarson** **Ólöf Margrét Snorradóttir**
**Þorsteina Sigurðardóttir**

---



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Kristín Gestsdóttir**

Goðabraut 22, Dalvík,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri sunnudaginn 14. september. Útförin verður auglýst síðar.

**Friðþjófur Þórarinsson**
**Þorsteinn Friðþjófsson** **Harpa Sigfúsdóttir**
**Björn Friðþjófsson** **Helga Níelsdóttir**
**Atli Viðar, Silja, Kristinn Þór, Andri Freyr, Rúnar Helgi og Daníel.**



512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000







KÓPAVOGSBÆR

**Skipulag Glaðheima og Skógarlindar 2 í Kópavogi**

**Kynning**

Skipulags- og umhverfissvið Kópavogs boðar til kynningar á skipulagi í Glaðheimum og Skógarlind 2.

Kynningin fer fram í Smáraskóla fimmtudaginn 18. september 2008 og hefst kl. 20:00.

*Skipulags- og umhverfissvið Kópavogs*

www.kopavogur.is

;ALLT TÍSKA

Alla fimmtudaga



NOKKUR ORÐ
Sunna Dís Másdóttir

# *Týnda genið minnir á sig*

Eftir rétt rúma viku verð ég hálffimmtug. Ég hyggst fagna þeim áfanga gríðarlega og geysilega eins og sönnum ellismelli sæmir. Það mætti hins vegar ætla að ég væri að fara að fagna fimmtugsafmælinu, því síðustu vikur hefur allt í einu tekið sig upp eitthvert fáránlegt húsmóðurgen sem ég vissi ekki að ég hefði til brunns að bera. Það hefur áhrif á skipulagningarhæfileika og föndurþrá, svo að hvort tveggja magnast upp meira en góðu hófi gegnir.

Undirbúningur fyrir hátíðahöld hófst í lok júlí. Þá voru gerðir gestalistar og lögð drög að mögulegum þemum. Í ágúst var gengið frá tónlistarvali og hafist handa við að föndra boðskort. Já, ég sagði föndra. Borðstofuborðið mitt er enn þá glitrandi eftir glimmerið sem var hluti af tilrauna-starfseminni en náði því miður ekki inn á lokatillögu – kannski sem betur fer fyrir boðsgesti sem væru eflaust enn glitrandi sjálfir. Þá tók við skissugerð vegna mögulegra skreytinga og yfirferð matseðla. Síðasta vika eða svo hefur svo farið í þrif í miklu óhófi þar sem vopnum á borð við eyrnapinna, leysigeisla, skrúbba og tann-stöngla hefur verið beitt á hvern einasta fersentimetra í íbúðinni.



Það er enginn meira hissa yfir þessari framtakssemi en ég sjálf og ég get ekki ímyndað mér heppilegri tíma en þennan fyrir húsmóðurgenið að stíga fram á sjónarsviðið. Hvort þetta eldist svo aftur af mér að hátíðahöldum loknum á eftir að koma í ljós. Annars mega vinir búast við gríðarlegri afskiptasemi þegar veislu skal halda, nú, eða þá að ég skipti snögglega um starfsvettvang. Vantar einhvern veislu-stjóra?

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# Fleinn í huganum

**LEIKLIST**

**Fýsn**

eftir Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur Bachmann

Leikstjóri: Marta Nordal.
Leikmynd og búningar: Rebekka Ingimundardóttir
Ljós: Þórður Orri Pétursson
Hljóð: Elísabet Indra Ragnarsdóttir
Myndbönd: Frank Hall

★★

Miklar umbúðir um rýran þráð.

Þórdís Þorvaldsdóttir hefur á fáum misserum sent frá sér nokkur verk fyrir leiksvið sem hún finnur öllum stað í nánasta tíma og rúmi, hér og nú. Fýsn, sem frumsýnt var á föstudagskvöld á Nýja sviði Borgarleikhússins, vann til verðlauna í samkeppni sem Leikfélag Reykjavíkur stóð fyrir um sakamálaleikrit 2006 og tilheyrir verkum Þórdísar, Hungri og Brotinu, sem flutt voru árin 2005 og 2006. Í leikskrá segir að saman myndi þau þríleik um þráhyggju. Raunar má spyrja hvort barnagirnd, sem er efni þessa verks, sé þráhyggja, hvort fýsn til barna falli undir þá skilgreiningu. En sú umræða er utan þessa pistils.

Fýsn var á verkefnaskrá Leikfélagsins á liðnum vetri. Verkið er þannig síðasta sviðsetning í Borgarleikhúsi sem beinlínis er runnin undan Guðjóni Pedersen. Verkið er stutt, ugglaust mætti leika það hratt og örugglega á þremur korterum og stór spurning hvort eigindir þess nytu sín ekki miklu betur þannig en í þeim hæga og umbúðamikla stíl sem leikstjórinn og samverkamenn hennar hafa valið verkinu. Marta Nordal leikstýrir hér í fyrsta sinn og þrátt fyrir að hún eigi að baki langan feril sem leikkona hefur hún rétt nartað í leikstjórn til þessa. Spurningar vakna hvers vegna henni er falið verkið, líkast til ræður þar einhverju sú valdastaða hennar um langt árabil að vera stjórnarmaður í Leikfélaginu og svo það að félagið hefur ekki nýtt til neinnar fullnustu þann merkilega kraft sem hún býr yfir sem leikkona.

Þórdís spinnur einfaldan söguþráð og gamalkunnan í þeirri mótsagnakenndu andúð sem ríkir um barnagirnd í nútímanum. Vel settur, einhleypur karlmaður kynnist konu, kvænist en skammt er liðið á sambúðina þá hann hættir að þýðast hana. Hann á að baki fortíð sem hann vill ekki lýsa, en opinberast áhorfendunum um síðar. Og um leið og sundurlyndi nístir hjónabandið leitar hann svölun fýsna sinna með örlagamiklum afleiðingum. Upphaf verksins er skelfing kunnuglegt, samdrátturinn og sundurlyndið sem vex. Það er raunar Theódór Júlíusson í hlutverki bareiganda sem kveikir eitthvert líf í þessari sýningu en um leið snýst athyglin frá hinni ungu eiginkonu yfir á bóndann og hans áhugamál.

Umbúðir eru miklar á Nýja sviðinu, kuldaleg, fyrirferðarmikil, óhentug og dýr leikmynd Rebekku Ingimarsdóttur, hljóðmynd Elísabetar Indru, myndbönd Franks Hall og tilraun Þórðar Orra til að lýsa þessa tilgerð sem leikstjórinn hefur kosið að draga saman um sáraeinfalt verk. Það sem er athyglisverðast í vinnu Mörtu er vinnan við lágstemmdan leikstíl sem ber reyndar mikinn keim af leik fyrir sjónvarp: Björn Ingi á makalausan lítinn mónólóg, réttlætingarræðu fyrir barnagirnd, sem hann fer fallega með. Víðir fer smekklega með ógæfuunglíng sem selur sig. Sara Dögg fær raunar ekki tækifæri til að leika á fleiri tóna en tvo. Theódór einn fyllir út í sitt rými.

Umfjöllun um barnagirnd er nóg í samfélagi okkar sem er alla jafna full dómhörku, enda ofbeldið grimmt. Lítið er gert til að stemma á að ósi, þau földu skilaboð barnagirndar sem leynast í auglýsingaiðnaði okkar tíma. Tvískinnungurinn nær í merg og bein. Tilraun Þórdísar tekst að mörgu leyti vel textalega, hún er hefðbundin í byggingu, ratar beint í gegnum klisjur og gerir á endahnykknum mjög snotra hluti þótt allt sé þetta einfalt, fyrirsjáanlegt og heldur yfirborðskennt. Ef leikhúslistafólk vill taka brýn mál til skoðunar verður að kafa dýpra, greina betur, en umfram allt að forðast þær miklu og marklitlu umbúðir sem hér eru í boði.

**Páll Baldvin Baldvinsson**


# Tölum saman

XD SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN

Fjölmargir opnir fundir eru á vegum Sjálfstæðisflokksins í viku hverri, á þessa fundi eru allir velkomnir.

Þriðjudagurinn 16. september:

## Ísland, frjálst og ódýrt?

Fyrirlestur um tolla og vörugjöld

Gunnar Ólafur Haraldsson, prófessor og forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, heldur fyrirlestur um tolla og vörugjöld.
Fundurinn fer fram á efri hæðinni á Sólon og hefst kl. 17:00.

Samband ungra sjálfstæðismanna heldur fundinn.
Fundarstjóri er Guðmundur Egill Árnason.



Miðvikudagurinn 17. september:

## Rússneski björninn

Hvert stefnir rússnesk hernaðaruppbygging?

Styrmir Gunnarsson, fyrrverandi ritstjóri Morgunblaðsins og Pál Dunay frá Geneva Centre for Security Policy í Sviss, ræða rússneska hernaðaruppbyggingu á fundi í Valhöll, kl. 17:00.

Utanríkisnefnd Sjálfstæðisflokksins, heldur fundinn og verður Stefanía Óskarsdóttir, dr. í stjórnmálafræði, fundarstjóri.



Fimmtudagurinn 18. september:

## Heilbrigðisþjónusta á forsendum notenda

Guðlaugur Þór Þórðarson, heilbrigðisráðherra, ræðir um ný lög um sjúkratryggingar á fundi í Valhöll, kl.12:00.

Vörður – Fulltrúaráð sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík heldur fundinn. Fundarstjóri er Marta Guðjónsdóttir, formaður Varðar.



Helgin 19. – 21. september:

## Milliþing SUS 2008

Milliþing Sambands ungra sjálfstæðismanna verður haldið í Vestmannaeyjum.

Allar upplýsingar um ferðir, gistingu og skráningu á milliþingið má finna á vef Sambands ungra sjálfstæðismanna, www.sus.is og einnig með því að senda tölvupóst á sus@xd.is.




Allir velkomnir!

Nánari upplýsingar um fundina og flokksstarfið má finna á heimasíðu flokksins www.xd.is eða í síma 515-1700.



Auglýsingasími

512 50 50




– Mest lesið



# RÝMINGARSALA!

## NUDDPOTTAR

**Innifalið í tilboði:**

7 sæta nuddpottur stærð 203cm x 197cm x 90cm / 2 vatnsnudddælur
21 vatnsnuddstútar / Digital stjórnborð, stýrir nudddælum,
hitastýringu, hreinsikerfi og ljósum / Ozone hreinsikerfi og 3kw hitari
4 LED ljós í skel / Einangruð skel og vandað lok, lágmarkað hitatap.

Verð: ~~499.900~~

**Takmarkað magn!**



Tilboðsverð:

399.900*

Greiðslukjör til allt að 36 mán.

*Sérskilmálar

RAFVÖRU MARKAÐURINN

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆR - SÍMI: 585 2888

Opið: Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16
Sunnud. kl. 12 - 16

# Fólk

folk@frettabladid.is



> TRÚLOFUÐ

Leik- og söngkonan Jennifer Hudson er trúlofuð. Unnusti hennar, David Otunga, sem er sjálfur þekktur úr raunveruleikaþáttum að nafni I Love New York, bað Jennifer á 27 ára afmæli hennar á föstudaginn var.

# Berskjaldaður fyrir austan

Tónlistarmaðurinn Friðrik Ómar er á leiðinni í tónleikaferð austur á land sem hefst á Seyðisfirði í kvöld. „Þetta er bæði það skemmtilegasta og erfiðasta sem ég geri að vera svona berskjaldaður,“ segir Friðrik Ómar en tvennir tónleikar verða í kirkjum.

„Þetta er mjög viðkvæmt og maður þarf að hafa sig allan við til að standa sig hundrað prósent. Á sama tíma er þetta eitt það mest gefandi sem ég geri að fara út á land því þar er svo mikil nálægð við fólk.“ Með honum í för verður Grétar Örvarsson sem spilar á píanó.

Friðrik Ómar hefur áður spilað í kirkjum, bæði með Guðrúnu Gunnarsdóttur og einsamall við hátíðlegar athafnir. Hann segist haga lagavali sínu eftir aðstæðum og lítið verði um Eurovision-slagara, nema hann verði sérstaklega beðinn um það. „Ég er að taka breitt prógram allt frá Villa Vill til Bítlanna og eitthvað af eigin lögum. Svo verð ég með Elvis líka. Þetta verður skemmtileg blanda og ég reyni að spjalla við fólkið á milli,“ segir hann.

Eftir tónleikaferðina austur á land ætlar Friðrik ekki að láta þar við syngja heldur syngja í hinum landshlutunum. „Ætli þetta endi ekki á fimmtán stöðum. Þetta verður hrikalega gaman.“ - fb

**TÓNLEIKAFERÐ FRIÐRIKS**

- **16. sept:** Bláa kirkjan, Seyðisfirði
- **17. sept:** Félagsheimilið Mikligarður, Vopnafirði
- **18. sept:** Kirkju- og menningarmiðstöðin Eskifirði
- **19. sept:** Hafnarkirkja, Höfn í Hornafirði



**FRIÐRIK OG GRÉTAR** Friðrik og Grétar eru á leiðinni í tónleikaferð austur á land.



Sverrir, Pétur, Katrín og María voru ánægð með framtakið.



Þessar vinkonur brostu sínu blíðasta um helgina.



Hugi, Benni og Hilmar skemmtu sér vel á Tunglinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Tónlistarhátíð á Tunglinu

Unglingar flykktust á tónlistarhátíðina Iceland Music Festival 2008 sem haldin var á Tunglinu um helgina, en hún var sérstaklega fyrir fólk á aldrinum 13-16. Meðal sveitanna sem tróðu upp um helgina voru Sometime, Mammút, Bloodgroup og Dikta, við afar góðar undirtektir gesta.




Mæðgnaflokkar í Vindáshlíð

26. - 28. september og 3. - 5. október 2008.

Frábær dagskrá!

Verð aðeins 6.900 krónur á mann með gistingu, dagskrá og fullu fæði.

Allar nánari upplýsingar á www.kfum.is

Bókanir í síma 588-8899

KFUM KFUK




# Bó á toppnum

**Björgvin Halldórsson var af Lionsklúbbi Hafnarfjarðar valinn Gaflari ársins á laugardaginn.**

„Ég sagði nú frá því þegar ég kynnti Björgvin að móðir mín hefði alltaf farið inn í stofu og hækkað í radíófóninum þegar hann var þar. Aðeins einn maður naut þeirra forréttinda, séra Garðar Þorsteinsson, sem söng inn á plötu með Fóstbræðrum,“ segir Lionsmaðurinn Gissur V. Kristjánsson.

Á laugardaginn heiðraði Lionsklúbbur Hafnarfjarðar poppgoðið Björgvin Halldórsson með því að sæma hann titlinum Gaflari ársins árið 2008. Var af því tilefni haldinn sérstakur Gaflaradagur í Hafnarfirði en þá hófst sala barmmerkis Lionsklúbbsins. Að sögn Gissurar er nafn Björgvins Halldórssonar hið áttunda í sögu farandbikarsins. Aðrir eru Sigurbergur Sveinsson í Fjarðarkaupum, Örn Arnarson sundkappi, Þórey Edda Elísdóttir stangastökkvari, Guðrún Lárusdóttir, útgerðarmaður hjá Stálskipum, Jóhannes Viðar Bjarnason kenndur við Fjörukrána, Lúðvík Geirsson bæjarstjóri og Hulda Runólfsdóttir, kennari og leikkona.

„Það er mikill heiður að vera kominn í þennan góða hóp mætra Hafnfirðinga. Að vera kosinn Gaflari ársins af einum elsta Lionsklúbbi landsins er mikill heiður,“ segir Björgvin. „Ég er fæddur og uppalinn í Firðinum og stoltur af því. Ég er hræddur um að ég verði ekki aðeins Gaflari ársins 2008 til 2009 heldur Gaflari alla mína lífstíð. Áfram Hafnarfjörður!“ segir söngvarinn dáði.

„Björgvin hefur fyrir löngu sungið sig inn í hjörtu Hafnfirðinga sem og landsmanna allra,“ segir Gissur og nefnir að Björgvin hafi svo sem verið vel að þessum titli kominn lengi. En hann standi nú á hátindi ferils síns. Kosning Gaflara ársins er aðeins meðal félaga í Lionsklúbbi Hafnarfjarðar og haft að leiðarljósi að velja einstakling sem hefur með störfum sínum og framkomu skarað fram úr Hafnarfirði til aukins frama. „Annað sem réði valinu var að Björgvin tók virkan þátt í undirbúningi hundrað ára afmælisdagskrár Hafnarfjarðar, var í undirbúningsnefndinni, söng sjálfur á tónleikum og studdi við bakið á öðrum,“ segir Gissur.

jakob@frettabladid.is



**STOLTUR GAFLARI** Björgvin, ásamt konu sinni Ragnheiði B. Reynisdóttur, tekur við viðurkenningunni frá Gissuri.


Mænan er ráðgáta – hjálpumst að við að leysa hana

Taktu þátt í landssöfnun sem miðar að því að lækning finnist við mænuskaða. Það gefur fjölda fólks um heim allan von um að ganga á ný.

Hringdu núna: Síminn

904 1000 | 904 3000 | 904 5000

og þú gefur 1.000 kr. | og þú gefur 3.000 kr. | og þú gefur 5.000 kr.



Mænuskaðastofnun Íslands

STOÐIR bakhjarl landssöfnunarinnar




STÖÐ 2 VILD INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

SAMBÍÓIN



| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| JOURNEY 3D DIGITAL 3D | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| DEATH RACE | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| TROPIC THUNDER | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| SVEITA BRÚÐKAUP | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| DARK KNIGHT | kl. 8:30 | 12 |
| DARK KNIGHT | kl. 5:50 - 8:30 | VIP |
| THE MUMMY 3 | kl. 6 | 12 |
| STAR WARS | kl. 5:50 | L |
| WALL-E m/íslensku tali | kl. 5:50 | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| JOURNEY 3D DIGITAL 3D | kl. 6 - 8:10 - 10:20 | L |
| SMART PEOPLE | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| DEATH RACE | kl. 10:10 | 16 |
| GET SMART | kl. 5:50 - 8 | L |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| TROPIC THUNDER | kl. 8 | 16 |
| DEATH RACE | kl. 10:20 | 16 |
| SVEITABRÚÐKAUP | kl. 8 | L |
| THE STRANGERS | kl. 10:20 | 16 |
| MAMMA MÍA | sýnd næst 19,20,21 sept. | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| MIRRORS | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| SVEITABRÚÐKAUP | kl. 8 | L |
| DEATH RACE | kl. 10:10 | 16 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| THE ROCKER | kl. 8 | 7 |
| X-FILES | kl 10:10 | 16 |
| SKRAPP ÚT | kl. 8 | 12 |
| DECEPTION | kl. 10 | 12 |

NÝTT Í BÍÓ!



| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | | |
|---|---|---|
| MIRRORS | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| MIRRORS LÚXUS | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| STEP BROTHERS | kl. 5:45 - 8 - 10:15 | 12 |
| TROPIC THUNDER | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| MAKE IT HAPPEN | kl. 4 - 6 | L |
| MAMMA MIA | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | L |
| GRÍSIRNIR 3 | kl. 4 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | | |
|---|---|---|
| MIRRORS | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| STEP BROTHERS | kl. 5:45 - 8 - 10:15 | 12 |
| SVEITABRÚÐKAUP | kl. 5:45 – 8 – 10:15 | L |
| MAMMA MIA | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| TROPIC THUNDER | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| THE ROCKER | kl. 8 - 10:20 | 7 |
| MAKE IT HAPPEN | kl. 6 - 8 - 10:20 | L |
| SKRAPP ÚT | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| GRÍSIRNIR 3 | kl. 6 | L |

allar myndir - allar sýningar - alla daga

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|
| JOURNEY TO THE CENTER DIGITAL 3D | kl. 8 - 10 | L |
| STEP BROTHERS | kl. 8 | 12 |
| TROPIC THUNDER | kl. 10 | 16 |
| MAMMA MIA | kl. 6 | L |
| GRÍSIRNIR 3 | kl. 6 - 650 KR. | L |

5% 5% 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

Nýtt í bíó LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus



LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| JOURNEY 3D - DIGITAL 3D | kl. 4, 6, 8 og 10 | L |
| STEP BROTHERS | kl. 8 og 10 | 7 |
| GRÍSIRNIR ÞRÍR | kl. 4 og 6 | L |
| MAMMA MIA | kl. 4, 6.30 og 9 | L |

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM


# Mýrin vekur mikla hrifningu

Kvikmyndin Mýrin í leikstjórn Baltasars Kormáks hefur hlotið frábærar viðtökur í Bretlandi og Frakklandi að undanförnu.

Myndin var frumsýnd í Bretlandi á föstudag og var um að ræða stærstu frumsýningu á íslenskri mynd í Bretlandi frá upphafi. Hefur hún víðast hvar fengið fjórar stjörnur, þar á meðal á heimasíðum The Guardian, The Independent, The Times, Empire og Channel 4. Á kvikmyndasíðunni Rottentomatoes.com fær hún að auki 94% í einkunn af 100 mögulegum. „Söguþráðurinn er áhugavert púsluspil sem hélt mér á sætisbrúninni til enda. Fleiri myndir um rannsóknarlögreglumanninn Erlend hljóta að vera á leiðinni,“ segir í dómi The Guardian og The Independent bætir við: „Erfiðu föðurhlutverkinu er blandað á sannfærandi hátt saman við drungann á Íslandi, söng karlakóra og fáfarna vegi. Íslenski maturinn virkar heldur ekki upp á marga fiska. Að sjá mann borða kindarhöfuð í morgunmat á seint eftir að gleymast.“



**ERLENDUR Í PARÍS** Andlit Ingvars Sigurðssonar í hlutverki Erlends hefur prýtt auglýsingaskilti í París að undanförnu.

Mýrin var frumsýnd í Frakklandi á miðvikudag og telja dreifingaraðilar að aðsókn á hana fari yfir hundrað þúsund manns. Dómar um myndina þar í landi hafa verið lofsamlegir og hefur mikil umfjöllun átt sér stað um hana í öllum helstu fjölmiðlunum. Jafnframt hefur andlit Ingvars Sigurðssonar í hlutverki Erlends prýtt auglýsingaskilti í neðanjarðarlestakerfi Parísarborgar síðastliðnar vikur.

Mýrin hefur þegar verið seld til fjölda landa, þar á meðal Bandaríkjanna, Bretlands, Frakklands, Þýskalands, Ísraels og Írlands auk Norðurlandanna.

# Dómari kallar sprengjulist Þórarins „heimskulega“

**Þórarinn Ingi Jónsson, íslenski listamaðurinn sem olli uppnámi með listaverki sínu í líki sprengju í miðbæ Toronto í Kanada í fyrra, hlaut níu mánaða skilorð þegar hann kom fyrir rétt í Toronto á föstudag.**



**Á SKILORÐI** Þórarinn Ingi Jónsson hlaut níu mánaða skilorð vegna listaverks síns í formi sprengjulegs skúlptúrs sem olli uppnámi í Toronto í fyrra.

„Við erum afskaplega ánægð og teljum að málið hafi farið eins vel og hægt var,“ segir Jón Ársæll Þórðarson, faðir Þórarins, um útkomuna á föstudag. „Það er greinilegt að kanadísk yfirvöld líta þetta listaverk mjög alvarlegum augum og höfðu á margan hátt lítinn skilning á því sem slíku. Þórarinn Ingi var fyrst og fremst að vinna að list sinni,“ segir Jón, sem segir sig og konu sína, Steinunni Þórarinsdóttur, hafa reynt að standa við bakið á syninum eins og unnt er.

Þórarinn stundaði nám við listaháskólann Ontario College of Art and Design í Toronto í fyrra. Sem hluta af lokaverkefni sínu útbjó hann skúlptúr úr viði og málningu sem líktist sprengju við fyrstu sýn. Skúlptúrnum fylgdi miði sem á stóð að ekki væri um sprengju að ræða. Þessu kom Þórarinn fyrir við listasafnið Royal Ontario Museum í nóvember í fyrra. Gjörningurinn olli fjaðrafoki í Toronto, með þeim afleiðingum að safnið var rýmt, götum lokað og góðgerðarsamkomu til styrktar kanadísku alnæmissamtökunum, sem átti að fara fram á safninu sama kvöld, var aflýst.



**FJÖLSKYLDUNNI LÉTT** Jón Ársæll Þórðarson, faðir Þórarins, segir fjölskylduna ánægða með niðurstöðuna.

Fyrir rétti á föstudag kallaði dómarinn uppátækið „heimskulegt, meira að segja miðað við unga manneskju“. Þórarinn las upp afsökunarbeiðni, sem dómarinn tók gilda. „Hann baðst ekki afsökunar á listaverkinu, heldur því að hafa valdið þessum óþægindum,“ útskýrir Jón Ársæll. Þá kom einnig fram að Þórarinn hefði unnið sjálfboðavinnu fyrir alnæmissamtök hér á landi, frá því að hann sneri aftur frá Kanada. „Hann stakk upp á því að fá að vinna sjálfboðavinnu fyrir íslensku alnæmissamtökin, þar sem hin kanadísku alnæmissamtök hefðu hugsanlega skaðast af listaverki hans. Það var greinilega mikil ánægja með þau störf hans,“ segir Jón Ársæll. Þórarni var að lokum gert að greiða kanadísku alnæmissamtökunum og listasafninu 2.500 kanadíska dali hvoru, sem samsvarar í heildina rúmum 400 þúsund íslenskum krónum.

sunna@frettabladid.is


ÁVINNINGUR HEILSUEFLINGAR Á VINNUSTÖÐUM

Ráðstefna 18. september kl. 8:30-16:00

í tengslum við Evrópuverkefnin Heil og sæl í vinnunni og Healthy Together.

Ráðstefnan fer fram í Háskólanum í Reykjavík, Ofanleiti 2.

Dagskrá ráðstefnunnar má sjá á vef Heilsueflingar, www.heilsuefling.is

Skráning fer fram í gegnum vef Lýðheilsustöðvar, www.lydheilsustod.is/skraning

Skráningargjald er 3.000 kr.; innifalinn er hádegisverður og kaffiveitingar.

Vinnueftirlitið, Lýðheilsustöð og Háskólinn í Reykjavík standa að ráðstefnu þann 18. sept. kl. 8:30- 16:00 þar sem sjónum er beint að ávinningi heilsueflingar á vinnustöðum í dag. Innlendir og erlendir sérfræðingar munu fjalla um gildi heilsueflingarinnar m.a. útfrá hagfræðilegum og samfélagslegum áhrifum ásamt því hvernig auka megi þekkingu á þessu sviði.

Markhópar ráðstefnunnar eru stjórnendur á vinnustöðum, aðilar er vinna að málefnum er tengjast lýðheilsu og vinnuvernd og allir þeir sem hafa áhuga á heilsueflingu almennt.

Healthy Together · Leonardo da Vinci · VINNUEFTIRLITIÐ · LÝÐHEILSUSTÖÐ · HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK

Öll verð og tilboð gilda á meðan birgðir endast og eru birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl.

# ALLTAF BETRA VERÐ




## ACE INTEL TILBOÐ 3

- 3.0GHz Intel Core 2 Duo E8400 örgjörvi
- 2GB 800MHz CL4 XMS minni
- 500GB WD Caviar SE16 harður diskur
- 22xDVD±/16xDL skrifari
- 256MB MSI Geforce8 NX8600GTS
- 22" LCD Acer AL2216WBD
- Creative Inspire A200 hátalarakerfi
- Windows Vista Home Premium

**149.990**




## 750GB HDD

750GB Samsung SATA2 harður diskur með 7200RPM

**11.990**



## FORTRON AFLGJAFI

Fortron Everest 800W ATX 2.2 modular aflgjafi

**19.990**




## SPORE - PC TÖLVULEIKUR

Spore er bylting í PC tölvuleikjum. Leikmenn upplifa stórbrotna ferð sem hefst við upphaf lífsins og endar með heimsyfirráðum. SPORE leikurinn hefur hlotið frábæra dóma og gefur PC Gamer leiknum 91%

**5.490**




## CANON IP2600

Canon iP2600 bleksprautu-prentari með 4800x1200dpi

**6.990**



## TÖSKUR Í ÚRVALI

Töskur í öllum stærðum og gerðum. Ótrúlegt úrval

**FRÁ 1.490**



**NÝTT**

TAKTU UPP EFNI ÚR SJÓNVARPINU

## MARGMIÐLUNARSPILARI

Nú loksins með margmiðlunarspilari sem getur tekið upp sjónvarpsefni. Abigs D5 margmiðlunarspilarinn hefur líka alla sömu eiginleika og fyrri spilarar, spilar alla helstu staðla, kemur með fjarstýringu

**29.990**




## ACER TRAVELMATE 5720-5B2G16MI

1.8GHz Intel Core 2 Duo örgjörvi • 2GB DDR2 minni 160GB SATA harður diskur • DVD±RW skrifari • 15.4" breiðtjalds-skjár • Intel GMA X3100 skjákort • 2.0 hátalarar og hljóðnemi • Gigabit netkort Vefmyndavél • 5 in 1 kortalesari • Windows XP Professional stýrikerfi

**99.990**

# TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR • KÓPAVOGUR

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17 | STRANDGÖTU 9 | MIÐVANGI 2-4 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 | HLÍÐASMÁRA 10 |
| S: 414 1700 | S: 414 1730 | S: 414 1735 | S: 414 1740 | S: 414 1745 | S: 414 1750 | S: 414 1760 |

## >Atvik umferðarinnar

Tryggvi Guðmundsson, framherji FH, varð þriðji leikmaðurinn til þess að skora hundrað mörk í efstu deild þegar hann skoraði tvö mörk gegn Val. Tryggvi fagnaði með stæl, en hann lyfti FH-treyjunni upp fyrir haus og skartaði bol innanundir sem bar merkinguna „C" sem þýðir hundrað í rómverska talnakerfinu.

## >Ummæli umferðarinnar

„Ég vissi ekki að Kiddi [Kristinn Jakobsson, dómari] væri kominn með ferðaskrifstofu og væri farinn að panta farseðla fyrir heilu liðin niður um deildir en það virðist vera," segir svekktur Þórður Guðjónsson, fyrirliði ÍA, eftir tap liðsins gegn Þrótti.



# sport

sport@frettabladid.is

**19. UMFERÐ LANDSBANKADEILDAR KARLA:** SÍÐASTI NAGLINN Í KISTU ÍA?

# *Valur heltist úr titilbaráttunni*

Keflvíkingar héldu sínu striki í toppbaráttunni með 1-2 baráttusigri gegn Fjölnismönnum sem skoruðu fyrsta mark leiksins.

FH fylgir fast á hæla Keflavíkur en FH-ingar sáu til þess að Íslandsmeistarar Valsmanna heltust úr titilbaráttunni með því að vinna þá 3-0.

KR-ingar nýttu sér misstig Valsmanna og skutust upp í þriðja sætið með 2-1 sigri gegn HK. KR stoppaði þar með sigurgöngu HK sem var búið að vinna þrjá leiki í röð og er í harðri fallbaráttu.

Fylkismenn fjarlægðust hins vegar fallið með 1-3 sigri gegn Grindvíkingum sem héldu áfram hörmulegu gengi sínu á heimavelli.

Þróttarar náðu einnig að laga stöðu sína í fallbaráttunni með 4-1 sigri gegn Skagamönnum sem eru nú svo gott sem fallnir þó að tölfræðilega sé enn möguleiki að liðið bjargi sér.

Blikar unnu Framara 3-0 en bæði liðin eru í harðri keppni við KR og Val um þriðja sætið. Þetta var í fyrsta skiptið sem Fram fær á sig þrjú mörk í deildinni í sumar en Safamýrarliðið er engu að síður enn með besta varnarlið deildarinnar og hefur fengið á sig átján mörk í nítján leikjum.




## TÖLURNAR TALA

**Flest skot:** 19, KR
**Flest skot á mark:** 11, Þróttur
**Fæst skot:** 3, Valur
**Hæsta með.ein.:** 6,7 Breiðablik
**Lægsta meðaleink.:** 3,9 Valur
**Grófasta liðið:** 18 brot, Þróttur
**Prúðasta liðið:** 7 brot, Keflavík
**Flestir áhorf.:** KR-HK, 1.032
**Fæstir áhorf.:** FH-Valur, 500
**Áhorfendur alls:** 4.183

**> Besti dómarinn:** Þrír dómarar voru efstir og jafnir með 7 í einkunnagjöf Fréttablaðsins fyrir 19. umferð; Þorvaldur Árnason fyrir Fjölni-Keflavík, Jóhannes Valgeirsson fyrir FH-Val og Einar Örn Daníelsson fyrir Grindavík-Fylki.



**EIÐUR OG JIMMY** Voru flottir saman hjá Chelsea. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Hasselbaink hættur:

## Ætlar að þjálfa

**FÓTBOLTI** Hollendingurinn Jimmy Floyd Hasselbaink hefur lagt skóna á hilluna. Þessi 36 ára framherji spilaði með Cardiff í fyrra en var ekki boðinn nýr samningur í sumar.

Hann fékk þó tilboð frá liðum sem hann hafði ekki áhuga á að spila með og ákvað því frekar að hætta.

Hasselbaink spilaði með Leeds, Chelsea, Middlesbrough og Charlton áður en hann fór til Cardiff. Hann skoraði níu landsliðsmörk fyrir Holland og lék á HM 1998.

Umboðsmaður hans segir Hasselbaink stefna á að fara í þjálfun. **- hbg**

Ryan Babel:

## Mikilvægt að byrja vel

**FÓTBOLTI Ryan Babel vonast til þess að sigurmark hans gegn Man. Utd kveiki neista í liðinu og það berjist um titilinn.**

**„Það er nýtt tímabil byrjað og við viljum byrja vel þannig að markið var mjög mikilvægt fyrir mig og liðið í heild," sagði Babel en Liverpool hefur ekki unnið ensku deildina í átján ár. Þetta var jafnframt fyrsti deildarsigur Liverpool á United síðan 2004.**

**„Við viljum berjast um titilinn allt til enda og ef við vinnum áfram þetta mikilvæga leiki eigum við góðan möguleika á að ná því takmarki okkar," sagði Ryan Babel. - hbg**

Steve Clarke laus frá Chelsea:

## Clarke mun aðstoða Zola

**FÓTBOLTI** Steve Clarke var í gær ráðinn þjálfari hjá West Ham og mun því verða nýráðnum stjóra Hamranna, Gianfranco Zola, innan handar.

Chelsea vildi upphaflega fá 5 milljónir punda í skaðabætur fyrir Clarke, sem átti tvö ár eftir af samningi sínum við Chelsea, en West Ham var til í að borga eina milljón. Félögin mættust svo líklega á miðri leið í gær. **- hbg**

# Vill sýna sitt rétta andlit

### Haukur Ingi Guðnason var allt í öllu þegar Fylkir vann Grindavík, 1-3, í Landsbankadeildinni og er fyrir vikið leikmaður 19. umferðar hjá Fréttablaðinu.

**FÓTBOLTI** Fylkismenn þurftu nauðsynlega á öllum þremur stigunum að halda gegn Grindavík enda Árbæingar búnir að sogast niður í fallbaráttuna eftir tvo mánuði án sigurs í Landsbankadeildinni.

„Það var gríðarlega mikilvægt fyrir okkur að vinna þennan leik. HK-ingar voru farnir að narta í hælana á okkur og við vissum að við þyrftum að taka til okkar ráða. Eins og staðan er núna erum við með þetta í okkar höndum og þannig viljum við hafa það. Það var líka mikilvægt fyrir okkur að ná að snúa blaðinu strax við eftir þjálfaraskiptin og að detta út úr undanúrslitunum í VISA-bikarnum. Við þurfum bara að halda áfram á sömu braut til þess að tryggja áframhaldandi veru okkar í deildinni," segir framherjinn Haukur Ingi Guðnason, sem átti hve stærstan þátt í 1-3 sigri Fylkis gegn Grindavík þar sem hann skoraði eitt mark og lagði upp hin tvö mörkin þrátt fyrir að leika aðeins í 52 mínútur.

„Ég ákvað að biðja bara um skiptingu þegar ég fann að ég var farinn að stífna aðeins upp í fætinum en var annars búinn að vera fínn fram að því. Ég er náttúrlega búinn að vera að spila óreglulega síðustu ár og það er því alltaf gaman þegar maður getur komið inn og sýnt það sem manni finnst búa í sér. Það gefur þessu gildi eftir að vera búinn að þjösnast áfram í gegnum þessa meiðslasögu þegar maður getur sýnt sitt rétta andlit," segir Haukur Ingi.



**HAUKUR Á FLUGI** Fylkismaðurinn Haukur Ingi er hér í baráttunni gegn fyrrverandi liðsfélögum sínum í Keflavík í leik liðanna á Fylkisvelli fyrr í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Haukur Ingi sleit krossbönd í hné í mars árið 2004 og vegna mistaka læknis varð batinn ekki eins góður og vera skyldi.

„Eftir klúðrið sem átti sér stað í aðgerðinni reiknuðu þeir læknar sem skoðuðu mig eftir það ekki með því að ég myndi spila fótbolta framar. Hnéð á mér hefur líka verið rótin að öllum mínum meiðslavandamálum síðan þá. Ég fæ gjarnan verk í hnéð og reyni þá kannski að beita mér einhvern veginn öðruvísi og það leiðir til þess að ég togna í læri eða eitthvað slíkt," segir Haukur Ingi, sem er þó ekki með nein plön uppi um að leggja skóna á hilluna frægu.

„Það er mjög erfitt og þreytandi að ná kannski ekki nema þremur leikjum í röð án þess að þurfa að hugsa um meiðsli og það eru eflaust margir sem furða sig á því af hverju maður sé ekki hættur. En á meðan ég hef gaman af þessu og fæ eitthvað út úr því að spila þá held ég áfram," segir Haukur Ingi að lokum. **omar@frettabladid.is**



**HEITIR** Reo-Coker og Ashley Young afgreiddu Spurs í gærkvöldi. NORDIC PHOTOS/GETTY

Enski boltinn:

## Ekkert gengur hjá Tottenham

**FÓTBOLTI** Einn leikur fór fram í ensku úrvalsdeildinni í gærkvöldi þegar Tottenham tapaði fyrir Aston Villa á heimavelli, 1-2.

Gestirnir voru mikið betra liðið á vellinum í fyrri hálfleik og það voru ekki nema um fimm mínútur liðnar af leiknum þegar Nigel Reo-Coker kom Villa yfir. Varnarleikur Spurs í markinu var nú ekki til útflutnings og í raun herfilegur.

Til að bæta gráu ofan á svartan leik Spurs í fyrri hálfleik missti liðið Luka Modric meiddan af velli um miðjan hálfleikinn.

Það syrti enn frekar í álinn hjá Tottenham eftir aðeins níu mínútur í síðari hálfleik þegar Ashley Young kom Villa í 2-0.

Spurs sótti nokkuð sem eftir lifði leiks en náði aðeins að skora eitt mark og það gerði Darren Bent fjórum mínútum fyrir leikslok.

Spurs er því enn á botni deildarinnar með eitt stig en Villa klifraði upp í fjórða sætið með sín sjö stig. **- hbg**

Sænski fótboltinn:

## Eyjólfur heitur

**FÓTBOLTI Eyjólfur Héðinsson gerir það gott í sænska boltanum þessa dagana.**

**Eyjólfur skoraði sigurmark GAIS annan leikinn í röð í gær þegar liðið lagði Sigurð Jónsson og lærisveina í Djurgården, 2-1. - hbg**

## MEISTARADEILD EVRÓPU

**Leikir kvöldsins:**

**A-riðill:**
Chelsea-Bordeaux (Stöð 2 Sport 3)
Roma-CFR Cluj

**B-riðill:**
Panathinaikos-Inter
W. Bremen-Anorthosis Famagusta

**C-riðill:**
Barcelona-Sporting (Stöð 2 Sport 4)
Basel-Shakhtar Donetsk

**D-riðill:**
Marseille-Liverpool (Stöð 2 Sport)
PSV-Atletico Madrid

Leikar hefjast í riðlum A til D í Meistaradeild Evrópu í fótbolta í kvöld:

# Flugeldasýningin hefst í kvöld

**FÓTBOLTI** Riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu í fótbolta hefst í kvöld með tilheyrandi pompi og prakt. Ensku stórliðin Chelsea og Liverpool verða þar bæði í eldlínunni sem og Eiður Smári og félagar í Barcelona.

Chelsea var aðeins einni vítaspyrnu frá Meistaradeildartitlinum á síðustu leiktíð en Lundúnaliðið verður að setja misheppnað Moskvuævintýri á bak við sig þegar Bordeaux kemur í heimsókn á Brúna. Knattspyrnustjórinn Luiz Felipe Scolari var fenginn til Chelsea með það að leiðarljósi að ná nú skrefinu lengra með félagið, en fyrir utan það að spila úrslitaleikinn á síðustu leiktíð komst Chelsea þrisvar sinnum í undanúrslit Meistaradeildarinnar á árunum fjórum þar á undan.



**SIGURLAUNIN EFTIRSÓTTU** Manchester United stefnir á að verða fyrsta félagið í sögu Meistaradeildar Evrópu, sem var stofnuð árið 1992, til að verja titil sinn. NORDIC PHOTOS/GETTY

Liverpool vonast til þess að hið góða gengi haldist í Meistaradeildinni undir stjórn knattspyrnustjórans Rafa Benitez en síðan Spánverjinn kom á Anfield hefur Liverpool tvisvar leikið til úrslita og einu sinni unnið auk þess að komast í undanúrslit í fyrra. Mótherji Liverpool í fyrsta leik, Marseille, á harma að hefna á heimavelli sínum frá því í fyrra þegar Liverpool vann þar 0-4 og gerði út um vonir Marseille um áframhaldandi keppni.

Aðeins fimm menn hafa unnið Evrópukeppni meistaraliða eða Meistaradeildina bæði sem leikmaður og knattspyrnustjóri. Tveir fyrirrennarar knattspyrnustjórans Joseps Guardiola hjá Barcelona, Johan Cruyff og Frank Rijkaard, eru þar á meðal. Guardiola dreymir eflaust um að ná sömu hæðum en hann hefur hins vegar ekki farið vel af stað með Börsunga í spænsku deildinni og þarf nauðsynlega á sigri að halda þegar Sporting kemur í heimsókn á Nývang í kvöld. **- óþ**

**Hádegisfyrirlestur ÍSÍ**

Rannsókn á þátttöku í skipulögðu íþrótta- og tómstundastarfi meðal innflytjendabarna í Breiðholti. Sólveig H. Georgsdóttir og Hallfríður Þórarinsdóttir.
Íþróttamiðstöðin í Laugardal, E-salur, fös. 19. sept. nk. kl. 12.00-13.00. Opið öllum, frír aðgangur.
Sjá nánar á **www.isi.is**




512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## > Hilary Duff

„í hverri viku les ég í tímaritum að ég sé að gera eitthvað sem ég hef aldrei gert eða að ég sé á stöðum sem ég hef aldrei komið til. Stundum fer það í taugarnar á mér en stundum finnst mér það bara fyndið." Duff leikur í myndinni Raise Your Voice sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR HYLLIR BESTU AFURÐIR SJÓNVARPS

# *Í leit að stóru ástinni*

Engum blöðum er um það að fletta að það frábærasta sem sjónvarp hefur fært okkur eru tónlistarmyndbönd. Þau eru stórlega vanmetið auglýsinga- og listform sem löngu er orðið tímabært að hefja upp til vegs og virðingar.

Hljómsveitin Fleetwood Mac sérhæfði sig á níunda áratug síðustu aldar í því að gera djúp tónlistarmyndbönd. Þetta kemur vart á óvart enda er Fleetwood Mac með dýpri hljómsveitum sem starfað hafa og veldur hlustendum sínum oftar en ekki miklum heilabrotum með boðskap sínum og tónlist. Myndbönd hljómsveitarinnar endurspegla flókna og þenkjandi afstöðu hennar til lífsins; í myndbandinu við Lies birtast og hverfa hljómsveitarmeðlimir á niðurníddu bóndabýli, eins og til að undirstrika hverfulleika lífsins. Í myndbandinu við Everywhere má sjá ótvíræðar tilvísanir til evrópskra bókmennta sautjándu og átjándu aldar. En hvorugt þessarra myndbanda markar þó djúp spor í huga áhorfandans ef miðað er við meistaraverkið sem er myndbandið við Big Love.




Í Big Love er meðlimum Fleetwood Mac mikið niðri fyrir þar sem þeir rekja sögu stóru ástarinnar sem fór út um þúfur. Myndbandið byrjar á því að hljómsveitin spilar fyrir utan stærðarinnar glæsivillu; myndbandið virðist tekið í einni töku og bakkar myndavélin stöðugt í gegnum tölvugert umhverfi á meðan Lindsey Buckingham og félagar hans kyrja lag sitt og sprella fyrir myndavélina. Undir lokin byrjar myndbandið skyndilega að spilast aftur á bak, á tvöföldum hraða, að byrjuninni, og endar á að Lindsey horfir ábúðarfullur í myndavélina. Eins og öll sönn listaverk er myndbandið hæfilega óræðt; erfitt er að ráða í hvað hljómsveitin á við með þessum tilfæringum í tíma og rúmi. Þó má telja líklegt að myndbandið innihaldi visku um eðli ástarinnar sem sekkur væntanlega inn ef maður horfir nógu oft.

## EKKI MISSA AF



▶ **18.30** Barcelon - Sporting
BEINT STÖÐ 2 SPORT 4



▶ **21.00** Design Star SKJÁREINN



▶ **21.00** The Big Bang Theory STÖÐ 2



▶ **21.15** Smallville STÖÐ 2 EXTRA



▶ **22.25** Vincent SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.05 Sportið** (e)
**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Púkka** (21:26)
**18.00 Arthúr** (134:135)
**18.25 Feðgar í eldhúsinu** (Harry med far i køkkenet) (6:6) Dönsk þáttaröð um sjö ára strák, Harry Kyster, sem er mikill sælkeri og liðtækur kokkur og eldar hér gómsæta rétti með pabba sínum.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Everwood** (13:22) Bandarísk þáttaröð um heilaskurðlækni og ekkjumann sem býr ásamt tveimur börnum sínum í smábænum Everwood í Colorado. Aðalhlutverk: Treat Williams, Gregory Smith, Emily Van Camp og Debra Mooney.
**20.55 Nunnan** (Nunnan) Verðlaunuð sænsk heimildamynd frá 2007.
**22.00 Tíufréttir**
▶**22.25 Vincent** (Vincent II) (2:4) Breskur spennumyndaflokkur um hörkutólið Vincent Gallagher sem er einkaspæjari og fyrrverandi lögreglumaður. Fólk leitar til hans þegar öll sund virðast lokuð og málin sem hann fær til úrlausnar eru af margvíslegum toga. Aðalhlutverk: Ray Winstone, Suranne Jones, Joe Absolom, Eva Pope og Philip Glenister.
**23.35 Stuttmyndadagar 2008** Sýndar verða verðlaunamyndir Stuttmyndadaga í Reykjavík 2008 og leikstjórar þeirra kynntir. Dagskrárgerð: Júlíus Kemp.
**00.35 Kastljós** (e)
**01.10 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.20 Inspector Gadget**
**10.00 Raise Your Voice**
**12.00 The Guardian**
**14.15 The Holiday**
**16.30 Inspector Gadget**
**18.00 Raise Your Voice** Fjölskyldumynd með ungstirninu Hilary Duff í hlutverki ungrar smábæjarstúlku sem á sér þann draum heitastan að verða söngstjarna.
**20.00 The Guardian**
**22.15 The Notorious Bettie Page**
**00.00 I Heart Huckabees**
**02.00 Breathtaking**
**04.00 The Notorious Bettie Page**
**06.00 Beauty Shop**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Sylvester og Tweety, Kalli kanína og félagar og Ben 10.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 La Fea Más Bella** (149:300)
**10.15 Missing** (13:19)
**11.10 60 Minutes**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.35 Neighbours**
**13.00 Guess Who**
**15.00 Friends** (10:23)
**15.25 Sjáðu**
**15.55 Saddle Club**
**16.18 Ginger segir frá**
**16.38 Justice League Unlimited**
**17.03 Ben 10**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours**
**18.18 Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.17 Veður**
**19.30 The Simpsons** (3:22)
**19.55 Friends** (15:24)
**20.35 Two and a Half Men** (7:19) Charlie Harper lifði í vellystingum þar til bróðir hans Alan flutti inn á hann slyppur og snauður, nýfráskilinn og einstæður faðir.
▶**21.00 The Big Bang Theory** (5:17) Leonard og Sheldon eru klárir eðlisfræðingar en klaufar þegar kemur að mannlegum samskiptum. Þetta breytist þó þegar þeir kynnast Peggy sem er einlæg, fögur og skemmtileg.
**21.20 Chuck** (3:13) Chuck Bartowski lifir frekar óspennandi lífi þar til hann opnar tölvupóst sem matar hann af öllum hættulegustu leyndarmálum CIA. Þar með er hann orðinn mikilvægasta vopn sem til er og örlög heimsins hvíla á herðum hans
**22.05 Terminator: The Sarah Connor Chronicles** (1:9)
**22.50 60 Minutes**
**23.35 Puff, Puff, Pass**
**01.10 Ghost Whisperer** (43:44)
**01.55 ReGenesis** (13:13)
**02.45 Guess Who**
**04.30 Medium** (3:22)
**05.15 Simpsons**
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**14.55 Þýski handboltinn - Hápunktar**
**15.35 Kaupþings mótaröðin 2008** Kaupþingsmótaröðin skoðuð í bak og fyrir en þar leika margir af bestu kylfingum landsins.
**16.35 Landsbankamörkin 2008** Allir leikirnir, öll mörkin og bestu tilþrifin í umferðinni skoðuð.
**17.30 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**
**18.00 Meistaradeildin - Upphitun** Hitað upp fyrir leikina í Meistaradeild Evrópu. Sérfræðingar Stöðvar 2 Sport ásamt íþróttafréttamönnum fara yfir leiki kvöldsins.
▶**18.30 Meistaradeild Evrópu** Bein útsending frá leik Marseille og Liverpool í Meistaradeild Evrópu. Sport 3: Chelsea - Bordeaux Sport 4: Barcelona - Sporting
**20.40 Meistaradeildin - Meistaramörk** Allir leikirnir, öll mörkin og öll umdeildustu atvikin skoðuð úr Meistaradeild Evrópu.
**21.20 Meistaradeild Evrópu** Chelsea - Bordeaux.
**23.10 Meistaradeild Evrópu** Barcelona - Sporting.
**01.00 Meistaradeildin - Meistaramörk** Allir leikirnir, öll mörkin og öll umdeildustu atvikin skoðuð úr Meistaradeild Evrópu.

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Tottenham og Aston Villa í ensku úrvalsdeildinni.
**14.40 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik WBA og West Ham í ensku úrvalsdeildinni.
**16.20 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Liverpool og Man. Utd í ensku úrvalsdeildinni.
**18.00 Premier League World 2008/09** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
**18.30 Coca Cola mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessu magnaða markaþætti.
**19.00 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Stoke og Everton í ensku úrvalsdeildinni.
**20.40 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Tottenham og Aston Villa í ensku úrvalsdeildinni.
**22.20 English Premier League**
**23.15 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Blackburn og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**07.15 Rachael Ray** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**16.45 Vörutorg**
**17.45 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vandamál og gefur góð ráð.
**18.30 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**19.20 America´s Funniest Home Videos** (e)
**19.45 Family Guy** (e) Teiknimyndasería fyrir fullorðna með kolsvörtum húmor og drepfyndnum atriðum.
**20.10 Frasier** (9:24) Síðasta þáttaröðin af einni vinsælustu gamanseríu allra tíma. Útvarpssálfræðingurinn Frasier Crane er engum líkur og sérviska hans og snobb eiga sér engin takmörk.
**20.35 Less Than Perfect** Bandarísk gamansería sem gerist á fréttastofu bandarískrar sjónvarpsstöðvar þar sem stór egó og svikult starfsfólk kryddar tilveruna.
▶**21.00 Design Star - Lokaþáttur** Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir hönnuðir fá tækifæri til að sýna snilli sína. Það er komið að úrslitastundinni. Atkvæðin hafa verið talin og tilkynnt er hver er sigurvegarinn. Einnig mæta allir ellefu hönnuðirnir sem höfu leikinn og gera upp málin í eitt skipti fyrir öll.
**21.50 High School Reunion – Lokaþáttur** Bandarísk raunveruleikasería þar sem fyrrverandi skólafélagar koma aftur saman tíu árum eftir útskrift og gera upp gömul mál. Það gengur á ýmsu þegar þessi skrautlegi hópur hittist á ný.
**22.40 Jay Leno**
**23.30 C.S.I. New York** (e)
**00.20 What I Like About You** (e)
**00.45 Vörutorg**
**01.45 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir** og **Að Norðan** Endurtekið á klukkutíma fresti til kl 12.15 daginn eftir.
**N4 Sjónvarp Norðurlands**
**Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# Borgarveisla
## í haust & vetur

Fullt af frábærum sértilboðum!
www.heimsferdir.is

ENNEMM / SIA • NM35385

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000
www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara. Allt verð er netverð á mann.



## Barcelona
Frá kr. 24.900
Flugsæti báðar leiðir m. sköttum



## Prag
Frá kr. 24.900
Flugsæti báðar leiðir m. sköttum



## Búdapest
Frá kr. 59.990
Flug og gisting
Brottför 23. okt., m.v. gistingu í tvíbýli á Mercure Duna í 3 nætur.



## Kraká
Frá kr. 24.900
Flugsæti báðar leiðir m. sköttum



## Montreal
Frá kr. 29.990
Flugsæti báðar leið m. sköttum, **2 fyrir 1**, 26. sept.
**Gisting frá kr. 4.900**
Netverð á mann á nótt, m.v. gistingu í tvíbýli á Travelodge Montreal með morgunverði. Gisting á Best Western Ville Marie kr. 5.900 á mann á nótt.



## Róm
Frá kr. 19.900
Flugsæti aðra leið m. sköttum, 7. eða 10. okt.

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.55
### Terminator: Sarah Connor Chronicles



Fárra sjónvarpsþáttaraða var beðið með jafn mikilli eftirvæntingu og Terminator. Þáttaröðin stóð svo sannarlega undir væntingum og sló samstundis í gegn, bæði meðal aðdáenda kvikmyndanna sem og annarra sem gaman hafa af góðum vísindaspennuþáttum. Þáttaröðin tekur upp þráðinn þar sem önnur myndin skildi við. Sarah Connor og sonur hennar John eru enn á stöðugum flótta undan valdagráðugum vélmennum framtíðarinnar. Þau hafa verið forrituð til þess eina verkefnis að koma syninum, sjálfum byltingar- og frelsisleiðtoga framtíðarinnar, fyrir kattarnef og afstýra þar með uppreisn mannkynsins gegn vélmennunum. John getur aldrei lifað eðlilegu lífi unglingsins því hann lifir í stöðugum ótta við að vélmenni úr framtíðinni vilji hann feigan. Hvernig ætlar unglingur að útskýra það fyrir vinum sínum og skólayfirvöldum?

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### Nunnan
### Sjónvarpið kl. 20.55

Nunnan er sænsk heimildarmynd frá árinu 2007 sem segir frá Mörtu sem gekk í Karmelíturegluna nítján ára gömul. Þar vann hún þagnareið og má aðeins hitta fjölskyldu sína sjö sinnum á ári og þá eru rimlar á milli hennar og gestanna. Í myndinni er fylgst með Mörtu og fjölskyldu hennar um tíu ára skeið.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Stakir sokkar
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stef
**15.03** Útvarpssagan: Dyr standa opnar
**15.30** Heimsauga
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Lostafulli listræninginn
**21.00** Í heyranda hljóði
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Fimm fjórðu
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (16:260) Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
**16.30 Hollyoaks** (17:260)
**17.00 Seinfeld**
**17.30 Ally McBeal** (13:23)
**18.15 Smallville** (5:20)
**19.00 Hollyoaks** (16:260)
**19.30 Hollyoaks** (17:260)
**20.00 Seinfeld**
**20.30 Ally McBeal** (13:23) Frábær gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma. Þættirnir fjalla um lögfræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar, en einkalíf þeirra og ástarmál eru drepfyndin og stórfurðuleg.
▶**21.15 Smallville** (5:20) Sjöunda þáttaröðin um ofurmennið Superman á unglingsárum. Clark Kent heldur áfram að berjast við ill öfl sem ógna honum og framtíð heimsins.
**22.00 So You Think You Can Dance** (20:23) Keppendur vinna með bestu og þekktustu danshöfundum Bandaríkjanna til að ná tökum á nýrri danstækni í hverri viku þar til að lokum stendur einn eftir sem sigurvegari.
**22.45 So You Think You Can Dance**
**23.30 Missing** (19:19)
**00.15 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson ræðir þjóðmálin.
**21.00 Ármann á alþingi** Ármann Kr. Ólafsson skoðar pólitískt landslag líðandi stundar.
**21.30 Birkir Jón** Birkir Jón Jónsson veltir fyrir sér stjórnmálunum.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Horisont **10.35** Aftenshowet **11.00** Aftenshowet 2. del **11.25** Grøn glæde **11.50** Supernabo **12.20** Skibet skal sejle **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **13.35** Pigebandet Frank **14.00** SPAM 2008 **14.30** En ægte aristo-kat **14.35** Ninja Turtles. Tidsrejsen! **15.00** Lucky Luke **15.30** Lille Nørd **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Ha' det godt **18.00** Hammerslag **18.30** Med livet i hænderne **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt med Paralympiske Lege **20.05** Wallander **21.35** Seinfeld **22.00** Bingo i farten

## NRK 1

**10.00** NRK nyheter **10.10** Med hjartet på rette staden **11.00** NRK nyheter **11.05** Jessica Fletcher **12.00** NRK nyheter **12.05** Niklas' mat **12.30** ,Allo, ,Allo! **13.00** NRK nyheter **13.01** Familien **13.30** Dracula junior **14.01** NRK nyheter **14.10** Hannah Montana **14.35** Edgar og Ellen **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Hund i huset **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Dora utforskeren **16.25** Dykk Olli, dykk! **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Ut i nærturen **17.55** Ansikt til ansikt **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Ut i nærturen **19.35** Paralympics i Beijing **20.20** Extra-trekning **20.30** Bokprogrammet **21.00** Kveldsnytt **21.15** Heroes **21.55** Pelsjegerne **22.55** 4·4·2. Bakrommet. Fotballmagasin **23.25** Kulturnytt

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Oväntat besök **11.25** Ta hand om Ulla **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Hannah Montana **14.30** Lilla sportspegeln **15.00** Lilla blåa draken **15.10** Tippe **15.20** Meg och Mog **15.30** Piggley Winks äventyr **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Sixties **18.30** Paralympics 2008 **19.00** Videokväll hos Luuk **19.30** Rubrikernas man **21.00** Kulturnyheterna **21.15** Den hårda linjen **22.00** Sändningar från SVT24



## MORGUNMATURINN



*„Ég fæ mér yfirleitt hafragraut með smá múslí og sojamjólk og kaffi. Til hátíðabrigða eru það heit rúnstykki, gott álegg og nýpressaður djús úr djúsvélinni.“*

Eva Margrét Kristinsdóttir, laganemi og fyrrverandi handboltakona.



**LÁRÉTT** **2.** hróss, **6.** ryk, **8.** erfiði, **9.** útdeildi, **11.** bókstafur, **12.** sljóvga, **14.** einkennis, **16.** sláturfélag, **17.** gagn, **18.** kvenkyns hundur, **20.** peninga, **21.** maður.

**LÓÐRÉTT** **1.** reigingslegur gangur, **3.** hola, **4.** sýklalyf, **5.** berja, **7.** land í SA-Asíu, **10.** óvild, **13.** of lítið, **15.** bakhluti, **16.** stykki, **19.** íþróttafélag.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** lofs, **6.** im, **8.** púl, **9.** gaf, **11.** ká, **12.** slæva, **14.** aðals, **16.** ss, **17.** nýt, **18.** tík, **20.** fé, **21.** karl.

**LÓÐRÉTT: 1.** rigs, **3.** op, **4.** fúkalyf, **5.** slá, **7.** malasía, **10.** fæð, **13.** van, **15.** stél, **16.** stk, **19.** kr.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Kafbát.
2. Buff.
3. Tryggvi Guðmundsson.









# Hefur aldrei séð aðra eins berjasprettu

„Ég var að koma úr berjaferð úr Fljótunum. Og það er eins og enginn hafi komið í brekkurnar. Þetta er dýrðlegt. Blíðan þannig og veðurlagið að það er heldur betur verið að framlengja sumarið hjá manni,“ segir frægasti berjatínslumaður landsins: Sveinn Rúnar Hauksson læknir.

Sveinn Rúnar segist aldrei hafa upplifað annað eins berjasumar og nú. „Það er oft þannig að fjarlægðin gerir fjöllin blá og oft er eitthvað úr bernsku stórkostlegt. En berjasprettan nú slær það út. Og ótrúlega langur tími sem gefist hefur til tínslu eða tveir mánuðir sem er ótrúlegt.“ Læknirinn góði og baráttumaðurinn hefur stundað berjamó frá því í frumbernsku. En hefur undanfarin tuttugu til þrjátíu ár farið gagngert á haustin til að tína ber. Og tekur frá sérstaklega í það tvær til þrjár vikur af sumarfríi sínu hvert ár. Sveinn segist ekki vita hvað hann er búinn að tína mikið enda sé þetta spurning um gæði en ekki magn. „Ég er enginn dugnaðarforkur í þessu frekar en öðru. En ísskápurinn sem er ætlaður eingöngu undir saft er fullur og kistan orðin pökkuð af berjaöskum. Krækiber í hrásaftina fyrst og fremst og aðalbláber í frysti í berjaöskjum og til daglegs brúks. Ber allt árið. Að ógleymdri aðalbláberjasaftinni. Björk [Vilhelmsdóttir borgarfulltrúi kona Sveins] hefur gert tilraun með að blanda aðalbláberjum og bláberjum í dýrðlega saft og það hefur komið mjög vel út.“ Sveinn segist ekki merkja að það færist í aukana að fólk fari í berjamó. „Því miður get ég ekki verið viss um það. Allt of fáir fara í berjamó. Ægilegt til þess að hugsa hversu mikil verðmæti fara til spillis núna og undir snjó. en það er enn ekki of seint að fara í berjamó.“

- jbg



**SVEINN Í BERJAMÓ** Læknirinn, sem hlýtur að teljast frægasti berjatínslumaður landins, hefur aldrei upplifað aðra eins sprettu.



**SJÓSUNDFÉLAGIÐ MARGRÉT** Haraldur segir hópinn stunda sjósund þrisvar til fjórum sinnum í viku í Nauthólsvíkinni, sama hvernig viðrar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

HARALDUR JÓNSSON: LISTAMENN Í SJÓSUNDFÉLAGINU MARGRÉTI

# Fá innblástur í köldum sjó

„Ég held að það hafi verið glampinn á hafinu sem tældi okkur út í,“ segir myndlistarmaðurinn Haraldur Jónsson um Sjósundfélagið Margréti sem var stofnað í byrjun sumars og stunda félagarnir sjósund í Nauthólsvíkinni.

„Við höfum verið að frá því í byrjun júní og förum þrisvar til fjórum sinnum í viku. Margrét Blöndal er formaður hópsins og við erum um tíu talsins þegar allir mæta. Þetta spyrst bara út, svona eins og Facebook,“ útskýrir Haraldur, en í hópnum eru meðal annars Sigríður Þorgeirsdóttir heimspekingur, Gunnhildur Hauksdóttir myndlistarkona og yngsti meðlimurinn er Ragnar Kjartansson listamaður. „Margrét átti hugmyndina að þessu þegar ég var að ganga með henni í Nauthólsvíkinni í vor. Hún var með sundbol á sér og við ákváðum bara að stinga okkur út í,“ segir Haraldur og viðurkennir að sundið hafi verið erfitt í upphafi.

„Þetta var eins og að fá raflost fyrst, en í annað sinn var maður strax miklu rólegri og í þriðja skipti var maður alveg í klukkutíma. Þetta er svona hluti af þessari sjálfsvinnu, að vera Íslendingur og sigrast á máttarvöldunum. Við höfum verið svo hrædd við öræfin og sjóinn, en eftir að maður fór að stunda sjósund skilur maður það ekki. Faðmur er notaður sem mælieining á sjó og nú skil ég hugmyndina á bakvið mælieininguna, því sjórinn faðmar mann að sér.“

Aðspurður segir hann hópinn ekki láta misjafnt veður hafa áhrif á sig. „Við förum í öllum veðrum, jafnvel þó það sé úfinn sjór. Stundum syndum við til Kópavogs eða eftir ákveðinni sjósundsbraut og ég sé ekki annað í spilunum en að við munum stunda þetta í allan vetur því fólk hefur verið að stunda sjósund allt árið um kring,“ segir Haraldur að lokum.

alma@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Mikið og veglegt kvennatengslaboð var haldið á heimili **Ragnhildar Magnúsdóttur** útvarpskonu á föstudagskvöld. Boðið var haldið að frumkvæði Ragnhildar og **Ernu Kaaber** sem bauð upp á dýrindis fisk frá veitingastað sínum, Icelandic Fish & Chips. Yfir fimmtíu konur létu sjá sig þetta kvöld. Þeirra á meðal voru **Oddný Sturludóttir** borgarfulltrúi, **Marsibil Sæmundardóttir** framsóknarkona, **Agnieszka Baranowska** stílisti og blaðakonurnar **Lára Ómarsdóttir** og **Elín Arnar**.



Fíton vinnur nú að sínu árlega blaði en útgáfa þess vekur jafnan athygli í auglýsingageiranum. Yfirumsjón með blaðinu hefur Baggalútúrinn **Bragi Valdimar Skúlason**. Meðal efnis í blaðinu er viðamikil grein og forvitnileg um það sem telja má hneykslanlegt í auglýsingum. Allstór hópur hefur verið beðinn um að nefna þrjú til fimm atriði þar sem farið hefur verið yfir ákveðna grensu – hvort allt sé leyfilegt í auglýsingum?



**Hlynur Sigurðsson**, sem áður var með fasteignasjónvarpið, er kominn heim frá námi við CBS, Copenhagen Business School. Hann hefur nú tekið við starfi sem upplýsingafulltrúi Latabæjar en þar hafa ýmsir verið fyrir svo sem **Telma Tómasson**, **Kjartan Kjartansson** og **Kristján Kristjánsson**. Þessi tíðindi berast í kjölfar þess að **Stefán Karl Stefánsson** hefur sagt skilið við hópinn en þeir Hlynur eru æskufélagar og voru saman í Öldutúnsskóla í Hafnarfirði á sínum tíma.



- hdm/jbg

# Breytt fyrirkomulag í Eurovision

„Þetta kom svo sem ekkert á óvart. Ég var búinn að spá í vor að þetta yrði gert,“ segir Jónatan Garðarsson Eurovison-sérfræðingur.

Ákveðið hefur verið að dómnefndir frá þátttökuþjóðunum í Eurovision muni á nýjan leik taka þátt í að velja sigurlag keppninnar, sem verður haldin í Moskvu næsta vor.

Dómnefndirnar fá núna að dæma í úrslitunum en almenningur kýs áfram þjóðirnar sem komast upp úr undanúrslitunum í símakosningu. Ekki hefur verið ákveðið hversu mikið vægi dómnefndin mun hafa í úrslitunum á móti atkvæðum úr símakosningu. Talið er að vægið verði í mesta lagi fimmtíu prósent.

„Það hefur verið markviss stefna að láta almenning ráða för en núna var grenndaratkvæðagreiðsla mjög áberandi,“ segir Jónatan um síðustu keppni og nefnir Norðurlönd sem sterkasta dæmið auk ákveðinna svæða í Austur-Evrópu. Íslendingar virðast því ekki alsaklausir af eigin samsæriskenningum um að frændþjóðirnar gefi hver öðrum flest stig.

Jónatan segist ekki geta sagt til um það hvort þetta breytta fyrirkomulag eigi eftir að koma Íslandi illa en í vor varð Eurobandið fyrst Íslendinga til að komast upp úr undankeppninni frá því hún var sett á laggirnar árið 2004.

Undanfarin ár hafa dómnefndir eingöngu verið notaðar sem varaskeifa í Eurovision-keppninni ef eitthvað skyldi fara úrskeiðis. Í síðustu keppni var reyndar tíunda lagið sem komst upp úr undankeppninni valið af dómnefndum en þar fyrir utan hafa þær haft ákaflega lítið að segja, þar til nú.

- fb



**EUROBANDIÐ** Eurobandið lenti í fjórtánda sæti í síðustu Eurovision-keppni sem var haldin í Belgrad.

# Hvaða vexti ert þú með á þínum launareikningi?

- Betri innlánsvextir
- Betri yfirdráttarvextir
- Hagstæðasti launareikningurinn




Sæktu um og þú gætir unnið 10.000 kr. gjafabréf á Argentínu Steikhús

ARGENTÍNA

S24 …og þú hagnast

Stofnaðu reikning... **www.s24.is**

**533 2424 – Sætún 1**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**









**BAKÞANKAR**
Jóns Sigurðar Eyjólfssonar

## *Litlir kassar á lækjarbakka*

Fyrir nokkrum árum var ég í gleraugnabúð mikilli í Barcelona. Þá var pesetinn enn við lýði, gengi hagstætt og vöruúrval virtist hið mesta enda voru gleraugu uppi um alla veggi í þessari stóru og nýtískulegu verslun. Ég þóttist því hafa himin höndum tekið.

**ÚTLITIÐ** varð síðan enn bjartara þegar falleg kona með nýtískuleg gleraugu spyr hvort hún geti aðstoðað kappann. Ég kvað svo vera því nú vantaði mig ný gleraugu og þau skyldu vera kringlótt eins og þau sem ég hafði áður átt. Eitthvert hik kom á konuna og taldi ég það stafa af því að hún væri óvön að eiga við svona ljósa en vaska víkinga.

**EFTIR** nokkra stund kemur hún síðan til mín með fimm gleraugu sem öll áttu það sameiginlegt að vera næstum því kringlótt. Ég sagðist hins vegar ekki vera fyrir neitt hálfkák svo kringlótt skyldu þau vera. „Því miður, við eigum þau bara ekki til,“ segir hún þá.

**ÉG** leit um háa veggina sem þaktir voru þúsund gleraugum og átti erfitt með að trúa því að ekki væru til ein einustu gleraugu innan um allan þennan aragrúa sem væru hringlaga. Hún tíndi þá til nokkur gleraugu og sagði eitthvað á þá leið að þetta væri „línan“ í ár og því væru kringlótt gleraugu ekki framleidd lengur. Ég myndi því sennilega ekki finna þau heldur í annarri verslun. Ég fór því úr versluninni syngjandi lagið um litla kassa á lækjarbakka.

**FÓLK** er fífl, sagði ein aðalpersónan í olíusamráðsmálinu mikla. Ég tek reyndar ekki undir það en hitt er víst að fólk er svo önnum kafið að það lætur fífla sig á alla kanta og fær því sjaldnast það sem það vill heldur er því rennt í heilli hjörð eftir „línum“ sem framleiðendur og markaðsmenn koma sér saman um.

**VIÐ** erum svo upptekin að við höfum ekki tíma til að tileinka okkur annað en það aðgengilegasta. Hver hefur til dæmis tíma til að hafa uppi á sérvitrum verslunarmanni sem selur kringlótt gleraugu?

**HINS** vegar ákvað ég þennan eftirmiðdag í gleraugnabúðinni í Barcelona að kaupa mér aldrei gleraugu sem væru eitthvað í líkingu við þau sem ég geng með núna. Úr dingalingaling!

**GÓÐAN DAG!**

Í dag er þriðjudagurinn 16. september, 260. dagur ársins.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.54 | 13.23 | 19.49 |
| Akureyri | 6.37 | 13.07 | 19.35 |

*Heimild: Almanak Háskólans*





**Paraiso Almendros**



Skemmtileg íbúðagisting, skammt frá ströndinni á góðum stað á Ensku ströndinni. Góður sundlaugargarður með stórri laug og stórum nuddpotti

Verðdæmi: **67.341,-**

m.v. 2 með 1 barn í smáhýsi með 1 svefnherbergi í 1 viku 14. janúar. Verð á mann m.v. tvo fullorðna í stúdíó í 1 viku: 71.862,-

**Barbacán Sol**



Skemmtileg íbúðagisting, skammt frá ströndinni á góðum stað á Ensku ströndinni. Góður sundlaugargarður með stórri laug og stórum nuddpotti

Verðdæmi: **86.020,-**

m.v. 2 með 1 barn í íbúð með 1 svefnherbergi og morgunverði í 1 viku 14. janúar. Verð á mann m.v. 2 fullorðna í íbúð með 1 svefnherbergi og morgunverði í 1 viku: 93.664,-

**Innifalið:** Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 2.500 kr. fyrir hvern farþega.

Það er enginn vetur á Kanarí. Golfstraumurinn sér eyjunum fyrir stöðugri veðursæld - loftið er þurrt og hitastig stöðugt allt árið um kring. Kanarí hefur lengi verið vinsælasti vetraráfangastaður Íslendinga og býður Úrval-Útsýn fleiri gististaði á hverju ári. Vatnasport, verslunarferðir, diskótek og barir, allt blómstrar á Gran Canaria og Tenerife, áfangastöðum okkar í vetur.

**Ódýrustu sætin bókast fyrst!**

ÚRVAL·ÚTSÝN

ÚRVAL ÚTSÝN - LÁGMÚLA 4 - 108 REYKJAVÍK - SÍMI 585 4000 - FAX 585 4065 - INFO@UU.IS